

**Gunnlaugur Egilsson** dansar í verkinu Bræður **menning 44**



Blóm og dramatík **stíll 46**



**spottið 18**

**Lýst er eftir silfurgráum Yaris** með skráningarnúmerið **TH-409** sem hvarf úr Mosfellsbænum um kvöldmatarleytið þriðjudaginn 18. maí. Þeir sem verða varir við ferðir bílsins eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við lögregluna í síma 444 1000.




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

HELGARÚTGÁFA

22. maí 2010 — 119. tölublað — 10. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000




**Ný plötubúð á netinu**

*Gogoyoko heldur áfram sigurför sinni.*

**tónlist 30**

**Aðför gegn alvörunni**

*Saga grínframboða skoðuð.*

**stjórnmál 28**



**Hetjur og skúrkar**

*Eftirminnilegar stundir úr HM rifjaðar upp.*

**fótbolti 34**

**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu

Matur | Allt atvinna | Allt






**MEGAS** Stærsta íslenska atriðið á Listahátíð í ár eru tónleikar Megasar í Háskólabíói á mánudaginn. Hann hefur verið iðinn við kolann en segist ekki vilja dvelja svo lengi á hverjum stað að grasið verði of hátt undir iljum hans. Hann er alltaf að semja, lög og textar verða til í kollinum á honum og hann skrifar þau svo upp nótu fyrir nótu. **síða 24** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Borgarbúar refsa hrunflokkunum

**Besti flokkurinn fær hreinan meirihluta samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Flokkurinn sækir fylgi jafnt til Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Flestir vilja Jón Gnarr sem borgarstjóra.**

**KÖNNUN** Besti flokkurinn nýtur stuðnings tæplega 44 prósenta kjósenda og fær átta borgarfulltrúa af fimmtán, og þar með hreinan meirihluta í komandi kosningum. Þetta eru niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var á fimmtudag.

Bæði Sjálfstæðisflokkur og Samfylking mælast með um 21 prósents fylgi og þrjá borgarfulltrúa. Vinstri græn fá tæp tíu prósent og einn fulltrúa. Önnur framboð ná ekki fulltrúum í borgarstjórn.

„Ef niðurstaða þessarar könnunar er vísir að því sem koma skal í kosningunum, að Besti flokkurinn fái allt að átta menn í borgarstjórn, eru kjósendur að veita stjórnmálaflokkunum þvílíka ráðningu, bæði fyrir hrunið og fyrir sviptingar í borgarstjórn á kjörtímabilinu,“ segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri.

> Þetta staðfestir að í huga kjósenda eru það Sjálfstæðisflokkur og Samfylking sem eiga að fá ráðningu fyrir hrunið.
>
> **GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON** STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR

Besti flokkurinn virðist sækja fylgi sitt nokkuð jafnt til stuðningsmanna Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokks. Um 38 prósent af þeim sem ætla að kjósa flokkinn, og kusu í Reykjavík í síðustu kosningum, kusu þá Samfylkinguna. Tæplega 35 prósent kusu Sjálfstæðisflokkinn.

Grétar segir þetta sýna að óánægðir kjósendur tengi þessa tvo flokka beint við hrunið. „Óánægja kjósenda, þreyta á stjórnmálamönnum og refsigleði vegna hrunsins bitnar greinilega mest á þessum tveimur flokkum. Þetta staðfestir að í huga kjósenda eru það Sjálfstæðisflokkur og Samfylking sem eiga að fá ráðningu fyrir hrunið.“

Flestir þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni, 36,1 prósent, vilja að Jón Gnarr, oddviti Besta flokksins, verði næsti borgarstjóri. Um 32,4 prósent vilja Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, borgarstjóra og oddvita Sjálfstæðisflokksins, og 24,1 prósent Dag B. Eggertsson, oddvita Samfylkingarinnar. Aðrir nutu minni stuðnings í stól borgarstjóra.

Erfitt er að átta sig á því hvaða áhrif svo há mæling á fylgi Besta flokksins hefur á kjósendur. Grétar segir að nú þegar spurningin sé orðin hvort flokkurinn nái hreinum meirihluta sé líklegt að einhver hluti þeirra sem segist ætla að styðja flokkinn hætti við og styðji frekar aðra flokka. Erfitt sé að segja fyrir um hvort, og þá í hve miklum mæli, það muni gerast á þeirri viku sem nú er til kosninga. - bj / sjá síðu 16










**SPURNING DAGSINS**



*Óttastu að námið verði martröð?*

„Nei, þetta er draumur að rætast.“

Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm hefur fengið inngöngu í hinn virta breska leiklistarskóla Guildford School of Acting. Hún segir þetta draumaskólann sinn.

Samkeppniseftirlitið segir Símann sennilega hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína:

# Síminn hagnýtti trúnaðargögn um Nova

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið telur að Síminn hafi misnotað upplýsingar sem fyrirtækið komst yfir með samtengingu fjarskiptaneta Nova og Símans.

Samkeppniseftirlitið gerði húsleit hjá Símanum eftir kvörtun frá Nova sem kvartaði undan því að Síminn væri að beina sérstökum tilboðum til þeirra viðskiptavina Nova sem teldust til stórnotenda. „Telur Nova að um sé að ræða misnotkun á trúnaðargögnum um símnotkun sem verða til við samtengingu fjarskiptaneta Símans og Nova. Síminn hefur mótmælt því að hafa brotið gegn samkeppnislögum,“ segir í tilkynningu vegna bráðabirgðarúrskurðar samkeppniseftirlitsins sem kveður sennilegt að Síminn hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína og beitt umfangsmiklum ólögmætum aðgerðum til að ná mikilvægum viðskiptavinum frá Nova með sértækum verðlækkunum og óeðlilegri notkun á trúnaðarupplýsingum. Síminn hafi útbúið lista með margvíslegum upplýsingum um mörg þúsund viðskiptavini Nova.

Samkeppniseftirlitið segir Símann hafa lýst því yfir að aðgerðir gegn Nova séu hættar og að fyrirtækið muni ekki nota umræddar upplýsingar um viðskiptavini keppinauta sinna „ef eftirlitið telji að um lögbrot geti verið að ræða“. Samkeppniseftirlitið biður hins vegar viðskiptavini keppinauta Símans „að tilkynna eftirlitinu hið fyrsta ef þeir fá tilboð frá Símanum sem virðast byggja á upplýsingum um farsímanotkun þeirra“.

- gar



**SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON** Forstjóri Símans þegar húsleit var gerð hjá fyrirtækinu sem telur sig ekki hafa brotið samkeppnislög. Samkeppniseftirlitið segir gögn benda til hins gagnstæða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VAÐIÐ Í OLÍU** Viðkvæmt lífríkið er í mikilli hættu. NORDICPHOTOS/AFP

Olían leggst yfir votlendið:

## Reiðin vex með degi hverjum

**BANDARÍKIN, AP Þykk olíuleðja lagðist yfir æ stærra svæði af votlendinu við ósa Missippifljóts. Í heilan mánuð hafa íbúar á svæðinu óttast að þetta gerðist.**

**Vaxandi reiði er vegna þess að ekki hefur enn tekist að stöðva olíulekann frá borpallinum Deepwater Horizon, sem sökk eftir að sprenging varð í honum.**

**Ásakanir ganga á víxl. Embættismenn í Louisiana kenna alríkisstjórninni í Washington um, Obama forseti beinir spjótum að eftirlitsstofunum en repúblikanar segja að strandgæslan og ríkisstjórnin hefðu getað gert meira.**

- gb

Bandaríkjaher í Kandahar:

## Ráðist að rótum talibana

**AFGANISTAN, AP** Bandaríkjaher hefur sett sér það markmið að ná Zhari í Kandaharhéraði á sitt vald í sumar. Talibanahreyfingin varð til fyrir meira en áratug í Zhari, þar sem leiðtogi hennar, Muhammad Omar, er fæddur og uppalinn.

Með því að ná Zhari á sitt vald vonast Bandaríkjamenn til þess að tryggja öryggi borgarinnar Kandahar, þar sem höfuðstöðvar talibana voru lengst af.

Búist er við hörðum bardögum þar næstu vikur og mánuði, því talibanar ráða enn lögum og lofum í Zhari-héraði.

- gb

# Borgari elti bílþjóf og hélt honum föngnum

**Andri Þór Sigurjónsson handsamaði í gær pilt sem stolið hafði jepplingi í eigu foreldra vinar hans og ekið um á honum í tvær vikur á illa fengnu bensíni. Sést hafði áður til bílsins á götum úti en lögreglan kvaðst þá ekki eiga heimangengt.**

**LÖGREGLUMÁL** „Nei, ég var ekkert hræddur. Þessir strákar eru í mesta lagi fimmtíu kíló með skólatösku,“ segir Andri Þór Sigurjónsson, þrítugur tölvumaður, sem í gær handsamaði bílþjóf eftir eftirför frá Smáralind upp í Grafarholt.

Þjófurinn var ásamt pilti og stúlku á jepplingi sem stolið var á föstudaginn fyrir hálfum mánuði af bílastæði Brimborgar á Ártúnshöfða. Þar var bíllinn til sölu en eigendur hans eru foreldrar vinar Andra, Helga Freys Sveinssonar.

„Það sést af upptökum úr eftirlitsmyndavél að ungur piltur skýst inn í Brimborg klukkan átta um morguninn og kemur út með lykil að bílnum sem hann brunar síðan í burtu á,“ segir Helgi.

Að sögn Helga lét lögreglan foreldra hans vita að stolið hefði verið bensíni á bílinn bæði hjá Olís og N1 og að þjófurinn hefði verið myndaður við þá iðju. Síðan hafi þjófurinn tvisvar sett stolin bílnúmer á jepplinginn.

„Á þriðjudaginn mætti mamma bílnum þegar hún var að koma ofan úr Grafarholti. Við hringdum strax á lögregluna en þar sögðust menn því miður ekki geta sinnt málinu,“ segir Helgi.

Laust eftir hádegi í gær var Andri Þór á ferð í nágrenni við Smáralind þegar hann kom auga á jeppling eins og þann sem stolið var frá foreldrum vinar hans. Hann taldi víst að þar væri stolni bíllinn því ökumaðurinn passaði við lýsingu sem hann hafði heyrt.

„Ég elti hann bara. Fyrst að Kringlunni og endaði síðan uppi í Grafarholti. Ég held að hann hafi verið búinn að taka eftir því að ég var að elta því hann keyrði eins og fáviti,“ lýsir Andri eftirförinni sem endaði við fjölbýlishús við Prestastíg.

Andri segist hafa lagt bíl sínum fyrir aftan bílinn sem þjófurinn ók þannig að ekki var unnt að aka honum burt. Pilturinn og stúlkan hafi stigið þar út úr bílnum en hann hafi ekki hleypt ökumanninum burt.

„Ég hoppaði út og drap á bílnum hjá stráknum og ýtti honum aftur inn og lokaði hurðinni. Hann sagðist vera með bílinn í láni hjá „Jónasi“ en ég sagði að hann gæti reynt að ljúga því að löggunni og að hann ætti bara að bíða inni í bíl þar til hún kæmi.“

Helgi segir að laugardaginn eftir að bíl foreldra hans var stolið hafi átt að ganga frá sölu á honum. Þótt sú sala hafi farið út um þúfur sé bíllinn enn til sölu. „Það sér ekkert á honum þótt það sé ljóst að þjófurinn hafi keyrt hann mjög mikið og jafnvel sofið í honum að því er virðist,“ segir Helgi Freyr Sveinsson.

gar@frettabladid.is



**BÍLÞJÓFUR Í HÖNDUM LÖGREGLUNNAR** Eftir tveggja vikna bíltúr á stolnum bíl var þjófurinn króaður af og lögreglan kom á vettvang og hafði piltinn á brott með sér á öruggan stað að vera á.

> „Ég held að hann hafi verið búinn að taka eftir því að ég var að elta því hann keyrði eins og fáviti.
>
> ANDRI ÞÓR SIGURJÓNSSON

Íþrótta- og tómstundaráð:

## Sautjándi júní ekki fyrir ESB

**STJÓRNMÁL** Fulltrúar Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar, nema Oddný Sturludóttir úr Samfylkingu, samþykktu í gær mótmæli við að aðildarviðræður á milli Íslands og Evrópusambandsins hefjist 17. júní.

„Hér er um viðkvæmt deilumál að ræða og minna má á að meirihluti þjóðarinnar hefur lýst sig andvígan aðild að sambandinu,“ segir í bókuninni sem Stefán Jóhann Stefánsson úr Samfylkingunni lagði fram. Rót bókunarinnar er sú að reiknað er með að leiðtogaráð Evrópusambandsins ákveði á næsta fundi sínum, sem verður einmitt 17. júní, að taka upp aðildarviðræður við Íslendinga.

- gar

Kennarar og sveitarfélög:

## Fundur hjá sáttasemjara

**KJARAMÁL Ríkissáttasemjari hélt fund í deilu kennara og sveitarfélaganna í gær.**

**Deiluaðilar ná ekki saman um hvaða hækkanir kennurum ber samkvæmt stöðugleikasáttmálanum frá júní í fyrra. Þar var gert ráð fyrir að engar hækkanir yrðu greiddar á launataxta yfir 210.000 krónum. Síðan hefur ríkið samið við sína starfsmenn um hækkanir til þeirra sem eru undir 310.000 krónum.**



ÓLAFUR LOFTSSON

**„Menn ræddu saman,“ sagði Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, um sáttafundinn í gær. Hann segist ekki eiga von á nýjum fundi fyrir en eftir sveitarstjórnarkosningar.**

- pg

FJÁRFESTU
Í SJÁLFUM ÞÉR
ALÞJÓÐLEGT
MBA-NÁM MEÐ VINNU
Ein besta ákvörðun sem ég hef tekið.
Arndís Thorarensen, framkvæmdastjóri og MBA-nemi
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
www.hr.is/mba



Rauðhumla hefur sést hér á landi síðustu árin:

# Ný hunangsfluga nemur land

**NÁTTÚRA** Ný tegund af hunangsflugu virðist hafa fest rætur hér á landi. Flugan heitir rauðhumla og er ólík þeim hunangsflugum sem fyrir voru á landinu, því hún er rauð en ekki með gulum og svörtum röndum.

Flugan er háð nábýli við manninn, og finnur búum sínum oftast stað í húsum og húsveggjum. Henni hefur vegnað vel á meginlandi Evrópu með útþenslu byggðar og garðræktar, að því er Náttúrufræðistofnun segir. Því sé öfugt farið með margar aðrar tegundir humlu. Rauðhumlu hafi farið fjölgandi og finnist á nýjum stöðum, þar á meðal Íslandi nú. Gera má ráð fyrir því að hún eigi framtíð fyrir sér hér á landi þar sem hún finnst meðal annars í nyrstu sveitum Noregs.

Rauðhumlan fannst fyrst á Íslandi í ágúst 2008 í Keflavík, en fyrsta búið fannst í fyrra í Mosfellsdal. Rauðhumludrottning fannst svo í Hveragerði fyrr í þessum mánuði og þykir það renna stoðum undir þá kenningu að flugan hafi numið hér land. Hingað til hefur flugan aðeins fundist á suðvesturhorni landsins.

Ef fólk verður vart við rauðhumlu er það beðið um að tilkynna það til Náttúrufræðistofnunar.

- þeb



**RAUÐHUMLA** Rauðhumlan þrífst vel í návígi við menn og byggð. Erling Ólafsson, skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, tók þessa mynd af rauðhumlu sem fannst hér á landi. MYND/ERLING ÓLAFSSON



Kringlan
Opið til 18 í dag
NÝJAR VÖRUR
20-50% afsláttur
Kringlukast
«Síðasti dagurinn er í dag»
nýtt kortatímabil
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 21.05.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,03 | 128,65 |
| Sterlingspund | 184,36 | 185,26 |
| Evra | 160,06 | 160,96 |
| Dönsk króna | 21,503 | 21,629 |
| Norsk króna | 19,675 | 19,791 |
| Sænsk króna | 16,270 | 16,366 |
| Japanskt jen | 1,4224 | 1,4308 |
| SDR | 189,30 | 190,42 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 215,1406

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bresk kona, sem hefur verið saknað frá árinu 2007, í varðhaldi á Spáni:

# Drap börnin á hótelherbergi

**SPÁNN** Bresk kona er í haldi lögreglunnar á Spáni grunuð um að hafa myrt börnin sín tvö fyrr í vikunni. Börnin fundust látin á hótelherbergi á Costa Brava í norðausturhluta landsins á þriðjudag.

Málið hefur vakið mikla athygli bæði á Spáni og í Bretlandi vegna þess að faðir barnanna situr í varðhaldi í Bretlandi grunaður um nauðganir og önnur kynferðisbrot. Hann var handtekinn fyrir nokkrum vikum og framseldur frá Spáni fyrr í vikunni.

Hjónin Martin og Lianne Smith höfðu verið týnd frá því í desember 2007 ásamt dóttur sinni Rebeccu, sem var fimm ára. Þau eignuðust svo soninn Daniel á síðasta ári, en hann var ellefu mánaða gamall. Krufning leiddi í ljós að börnin höfðu verið kæfð. Lianne óskaði eftir því við starfsfólk hótelsins að fá að ræða við lögreglu rétt eftir hádegi á þriðjudag og fundust börnin í framhaldinu. Dómari ákvað í gær að hún skyldi ákærð fyrir morðin og henni verður ekki sleppt gegn tryggingu. Þá mun hún gangast undir geðrannsókn. - þeb



**LIANNE LEIDD Í BURTU** Dómari ákvað í gær að ákæra Lianne Smith fyrir morðið á börnunum hennar tveimur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leitað til atvinnulausra:

# Fá vinnu við gosstöðvarnar

**ELDGOS** Um fjörutíu störf verða til við aðstoð við búskap í sveitum við Eyjafjallajökul á næstunni. Samkomulag náðist um þetta í gær.

Brýnast þykir að aðstoða bændur við sauðburð þar sem aðstæður á fjárbúum eru mjög erfiðar. Því verður leitað til atvinnulausra bænda og annarra með reynslu af búskap til að aðstoða við verkin.

Þá mun Landgræðslan geta ráðið allt að þrjátíu manns í vinnu í mánuð við að girða og viðhalda girðingum um beitarhólf fyrir sauðfé sem flutt verður á brott. - þeb



**DEILUR** Urriðafossvirkjun og vatnsmál eru helstu deilumálin í Flóahreppi fyrir sveitastjórnarkosningarnar eftir viku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kærir samning Landsvirkjunar:

# Urriðafossvirkjun deiluefnið

**STJÓRNSÝSLA** Íbúi í Flóahreppi hefur kært samning sem sveitarfélagið hefur gert við Árborg og Landsvirkjun til samgönguráðherra. Samkvæmt samningnum mun Landsvirkjun greiða vatnsveitu úr Árborg samþykki Flóahreppur aðalskipulag með Urriðafossvirkjun.

„Eitt er að vera á móti einhverju máli og annað að láta yfir sig ganga ólögmæta stjórnsýsluhætti,“ segir Ólafur Sigurjónsson byggingarmeistari.

Hann segir samninginn sambærilegan við samning frá árinu 2007. Við þann samning hafi umboðsmaður Alþingis gert alvarlegar athugasemdir, og samgönguráðuneytið talið hann ólögmætan. - bj

## LÖGREGLAN

### Kannabisræktun í Breiðholti

Lögreglan stöðvaði kannabisræktun í fjölbýlishúsi í Breiðholti í fyrradag. Við húsleit fundust um níutíu kannabisplöntur og þrjú kíló af kannabisefnum sem voru í þurrkun. Karlmaður á þrítugsaldri játaði sök.

# Viðskipti, tækni og lög eiga heima í HR

**Rektor Háskólans í Reykjavík segir hugmyndir um að HÍ taki við nemendum skólans skiljanlegar. Hagsmunasamtök, eins og Félag prófessora, vilji verja sitt fólk. „Ekki hægt að henda einum skóla út en öðrum ekki,“ segir ráðherra.**

**MENNTAMÁL** „Ef til verkaskiptingar kemur þá held ég að fjárhagslegar og faglegar forsendur mæli frekar með því að við tækjum að okkur þessi kjarnafög sem við erum með, viðskipti, tækni og lög,“ segir Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík. „Við erum tilbúin til að ræða hugmyndir, svo lengi sem þær eru á faglegum forsendum.“

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur Félag prófessora við ríkisháskóla lagt fram sparnaðartillögu við Kristínu Ingólfsdóttur, rektor Háskóla Íslands, um að skólinn geri stjórnvöldum tilboð um að taka við öllum nemendum Háskólans í Reykjavík. Félagið telur að með því sé unnt að spara 1,5 til tvo milljarða á háskólastiginu.

Ari segir það skiljanlegt að á erfiðum tímum standi hagsmunasamtök vörð um sitt fólk. Lykilatriðið sé hins vegar að háskólafólk standi saman frekar en að beina spjótum sínum hvað að öðru. Fram undan sé uppbygging atvinnulífsins og vitað sé að háskólamenntað fólk og nýsköpun séu lykilþættir í slíkri uppbyggingu.

Ari telur að tilkoma HR hafi valdið straumhvörfum í íslensku háskólasamfélagi. Það sjáist í öflugri rannsóknum og fjölda útskrifaðra. „Við útskrifum í dag tvo þriðju af tæknimenntuðu háskólafólki og helming viðskiptamenntaðra. Það er því ekki svo að við séum smávægileg viðbót við það sem HÍ er að gera heldur er HR stærsti tækni- og viðskiptaháskóli landsins.“

Því hefur verið fleygt að sjö háskólar fyrir rúmlega 300 þúsund manna þjóð sé full vel í lagt. Hættan sé sú, gangi niðurskurðarhugmyndir til háskólanna eftir, að Íslendingar standi uppi með sjö veika háskóla.



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Prófessorar í Háskóla Íslands hafa stungið upp á því að skólinn taki yfir alla háskólakennslu í landinu. Rektor Háskólans í Reykjavík er ekki hlynntur slíkum hugmyndum.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**



**ARI KRISTINN JÓNSSON**

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir að ekki verði horft á málið eingöngu út frá stofnunum, þó að horfa megi til þess að einfalda það kerfi. „En ég vil horfa á þetta frá fræðasviðunum og hvernig við stöndum best vörð um kennslu og rannsóknir með takmörkuðu fjármagni. Við þurfum að tala við hvern og einn skóla sem þurfa eflaust að draga úr á einhverjum sviðum.“

Katrín segir að það sé réttmæt gagnrýni að það sé óskynsamlegt að kenna einstakar greinar fræða á mörgum stöðum. Hún vill hins vegar ekki kveða úr um hvort háskólum verði fækkað. „En það kann vel að vera að við eigum eftir að sjá einföldun í kerfinu. En það er ekki hægt að henda einhverjum einum út og öðrum ekki.“

svavar@frettabladid.is

Tillaga prófessora í HÍ:

# Bifröst hafnar hugmyndinni

**MENNTAMÁL Háskólinn á Bifröst mótmælir harðlega hugmyndum prófessora við ríkisháskóla um að Háskóli Íslands taki yfir kennslu Háskólans á Bifröst.**

**Í yfirlýsingu frá skólanum segir „að halda því fram að best sé að kenna mörg hundruð manns í einu í Háskólabíói eins og gert er í Háskóla Íslands er fráleitt og sýnir að prófessorar við ríkisháskóla gera lítið úr gæðum háskólanáms.“**

**Þar segir jafnframt að nemendum frá Bifröst vegni vel í atvinnulífinu og þeir eigi auðvelt með að fá vinnu vegna þeirrar sérstöku kennslufræði sem er við skólann. Rekstur Háskólans á Bifröst sé hagkvæmur og skólinn eigi gott samstarf við aðra háskóla.**

- shá



**ÁGÚST EINARSSON**

## DÓMSTÓLAR

### Dæmdur í 34 milljóna sekt

Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir stórfellt skattalagabrot. Hann var dæmdur í átta mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, og til að greiða ríkissjóði tæpar 34 milljónir í sekt.

## HAFNARFJÖRÐUR

### Siðareglur samþykktar

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti siðareglur kjörinna fulltrúa á fundi sínum á miðvikudag. Siðareglunum er ætlað að skilgreina það hátterni og viðmót sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni við störf fyrir Hafnarfjörð.

Sérferð



Garda-vatnið

21 - 28. júní

Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir

Verð á mann í tvíbýli: 135.700 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á góðu 3* hóteli með morgunverði og þríréttuðum kvöldverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Fíton / SÍA

Nánari upplýsingar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir – Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**FERÐAVEÐUR**

Fyrsta alvöru ferðahelgi ársins er runnin upp og veðurguðirnir ætla að vera landsmönnum hliðholl- ir. Búast má við hægum vindi, sólin ætti að láta sjá sig í öllum landshlutum og hitinn verður á bilinu 10-18°C en þó svalara N-til á mánudaginn.




**Á MORGUN** 3-8 m/s. Hlýjast S- og V-lands.

**MÁNUDAGUR** Víða 3-8 m/s, kólnar norðantil.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 23° |
| Mallorca | 23° |
| New York | 24° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 22° |
| París | 23° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*


10 stk
Stjúpur
799
20 stk
Stjúpur
1499
STJÚPUR
SPRENGIVERÐ
Sólboði
699
990
Snædrífa
999
1590
Lobelía
699
1199
Margarita
999
1499
3 stk
Kryddplöntur
999
1499
Einir
1299
1990
Geislasópur
1990
2990
Frostþolnir
útipottar
Hæð 31cm 2990
Hæð 24cm 1999
Hæð 18cm 1490
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Dalvík - Akureyri
Egilsstaðir - Selfoss - Reykjanesbær - Akranes

**KJÖRKASSINN**



*Ætlarðu í ferðalag um hvítasunnuhelgina?*

| | |
|---|---|
| Já | 22,3% |
| Nei | 77,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Býstu við miklu af Besta flokknum í borgarstjórn?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vefsíða átaksins Inspired by Iceland fer formlega í loftið undir lok næstu viku:

# Sporna við fækkun ferðafólks

**FERÐAMÁL** Sjö hundruð milljóna króna markaðsátak ferðaþjónustunnar vegna gossins í Eyjafjallajökli var kynnt í gær. Með átakinu, sem stendur í maí og júní, er brugðist við fyrirséðri fækkun ferðamanna. Að óbreyttu gæti þeim fækkað um 100 þúsund milli ára, að því er fram kemur í tilkynningu um átakið.

Að markaðsátakinu standa iðnaðarráðuneytið, Icelandair, Reykjavíkurborg, Iceland Express, Útflutningsráð og Samtök ferðaþjónustunnar, en þar að baki eru um 70 fyrirtæki. Útflutningsráð hefur umsjón með fjárreiðum átaksins og skilar fjárhagslegu lokauppgjöri vegna þess 1. ágúst.



**ÁTAK KYNNT** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra kynnti átakið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Átakið skiptist í nokkra hluta. Annars vegar er um að ræða prentauglýsingar, útvarpsauglýsingar, útimiðla og vefborða. Hins vegar er mikil áhersla lögð á að nýta samskiptaleiðir eins og Facebook, Twitter og fleiri leiðir sem einstaklingar og fyrirtæki hafa byggt upp,“ segir í tilkynningum, en bakgrunnurinn í allri herferðinni er svo vefsíðan InspiredByIceland.com. Síðan verður opnuð formlega 27. maí. Þar má meðal annars finna frásögn danska leikarans Viggos Mortensen af upplifun hans af Íslandi. - óká

Lífskjararannsókn Hagstofu:

# Margir ná ekki endum saman

**HAGSTOFA Tæplega fjörutíu prósent heimila landsins, eða 39 prósent, áttu erfitt með að láta enda ná saman á síðasta ári. Þetta kemur fram í lífskjararannsókn Hagstofunnar. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar höfðu 7,1 prósent heimila lent í vanskilum með húsnæðislán eða greiðslu leigu á síðastliðnum tólf mánuðum. Á sama tíma höfðu 10,3 prósent heimila lent í vanskilum með önnur lán.**

**Einstæðir foreldrar voru í meirihluta þeirra sem voru í greiðsluerfiðleikum.** - jab


CASA

ÚTSKRIFTARGJAFIR

RITZENHOFF



Rauðvíns- og hvítvínsglös
Verð kr. 2900



Bjórglös
Verð kr. 2900



Bjórglös/staup
Verð kr. 2900/kr. 1900



Casa

Skeifunni 8 og Kringlunni. Sími 588 0640.

www.casa.is


# Gullleit undirbúin um allt Austurland

**Ástralskt fyrirtæki vill kanna hvort góðmálmar séu í vinnanlegu magni á Austurlandi. Rúmlega 1.200 jarðeigendur í átta sveitarfélögum skoða málið.**

**IÐNAÐUR** Ástralska jarðefnarannsóknafyrirtækið Platina Resources Ltd. hefur sótt um rannsóknarleyfi til að kanna hvort gull og aðrir góðmálmar séu í vinnanlegu magni á Austurlandi. Orkustofnun barst umsókn fyrirtækisins í apríl. Umhverfisráðuneytið og undirstofnanir þess, auk 1.260 jarðeigenda í átta sveitarfélögum eystra, hafa málið til umsagnar.

Lárus Ólafsson, staðgengill orkumálastjóra, segir að forsvarsmenn fyrirtækisins hafi kynnt sér aðstæður hér afar vel og þekkja til þeirra jarðfræðirannsókna sem tengjast leit að dýrum málmum. „Leyfið sem sótt er um nær til einfaldra yfirborðsrannsókna sem fylgir lítið rask. Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa verið í góðu sambandi við okkur og eru vel upplýstir um nýtingar- og umhverfislöggjöf hér.“

Lárus segir að ef af verði gildi rannsóknarleyfið í tvö ár. Platina ætlar sér fimmtíu daga til rannsókna með því að gera út tvo hópa vísindamanna og ekki loku fyrir það skotið að rannsóknir hefjist síðsumars.

Í gildi er eitt leyfi til rannsókna á jarðefnum sem nær til rannsókna á málmum á fjórtán tilgreindum stöðum á landinu, öll utan Austurlands. Þetta skýrir áhuga Platina á Austurlandi, segir Lárus.

Hjalti Franzson, jarðfræðingur hjá ÍSOR, segir að íslensk jarðhitasvæði búi til gull. Hingað til hafi þó ekki fundist nægilega stór svæði til að réttlæta námurekstur. Ýmislegt ræður því hvort gullnám sé arðbært, segir Hjalti. Gerð námunnar, hvort hún er yfirborðsnáma eða neðanjarðar skiptir máli, en ekki síður heimsmarkaðsverð á gulli.

Hjalti segir að íslensk jarðhitakerfi séu miklu hreinni en víðast hvar, til dæmis við Kyrrahafið. Þetta sé mikilvægt út frá umhverfissjónarmiðum. „Aðrir óæskilegir málmar eru í þessum jarðhitakerfum; kvikasilfur, blý og sink. Hér gegnir öðru máli. Með tilliti til umhverfisins er gullvinnsla mjög óæskileg vegna þessara málma en hér er það bara gull sem verið er að leita að svo efnamengun er ekki áhyggjuefni hér.“

Samkvæmt lögum felur leyfi til leitar og rannsókna í sér heimild til þess að leita að málmum á tilteknu svæði en felur hvorki í sér heimild til nýtingar á málmum né fyrirheit um forgang leyfishafa að nýtingarleyfi á málmum síðar.

svavar@frettabladid.is



**AUSTURLAND** Ástralskt fyrirtæki vill leita að gulli og öðrum góðmálmum á Austurlandi. Hátt í þrettán hundruð jarðir eru undir og átta sveitarfélög.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

## Gullstangir

Heimsmarkaðsverð á gulli getur ráðið því hvort fýsilegt þykir að ráðast í gullnám. Nefnt hefur verið að eitt gramm verði að nást úr hverju tonni bergs til að námurekstur borgi sig.



Óvanalega mörg fíkniefnamál í umdæmi lögreglunnar á Eskifirði í apríl:

# Yngstu þjófarnir voru átta ára

**LÖGREGLUMÁL** Yngstu einstaklingarnir sem lögregla hafði afskipti af vegna hnupls á síðustu þremur árum voru átta ára, en hinir elstu 88 ára. Þetta kemur fram í afbrotatölfræði Ríkislögreglustjóra, sem embættið hefur tekið saman fyrir árin 2007 til 2009.

Flestir brotamenn voru á aldrinum 16 til 20 ára. 74 prósent voru með íslenskt ríkisfang. Útlendingar sem hlut áttu að máli voru í ellefu prósent tilvika með litháískt ríkisfang og í tíu prósent tilvika með pólskt.

Sé litið til fjölda brota fyrir nýliðinn aprílmánuð þá eru hegningarlagabrot ríflega þúsund talsins, sem er svipað og verið hefur í þessum mánuði undanfarin ár. Hraðakstursbrot voru að meðaltali 131 á dag, þjófnaðarbrotin að meðaltali tólf á dag og eignaspjöll átta. Hraðakstursbrotum og eignaspjöllum hefur fækkað milli ára en þjófnaðarbrotum fjölgað.

73 fíkniefnabrot voru skráð á höfuðborgarsvæðinu, nítján á Suðurnesjum og ellefu í umdæminu á Eskifirði sem nær yfir bróðurpart Austurlands. Eru það óvenjumörg brot í því umdæmi. - jss

## Aldur brotamanna




Heimild: Ríkislögreglustjórinn


Holta KJÚKLINGUR
Verður ekki betra!
TILBOÐ 31 % afsláttur við kassa
HEILL, FERSKUR KJÚKLINGUR
593 kr/kg.
Merkt verð 859.-
ÍSLANDS NAUT
TILBOÐ 15% afsláttur við kassa
1.887 kr/kg.
Merkt verð 2.220.-
Nautakótilettur
kryddlegnar
Holta
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.946 kr/kg.
Merkt verð 2.595.-
Kjúklingabringur
ferskar
ÍSLANDS NAUT
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
1.438 kr/kg.
Merkt verð 1.798.-
Íslenskt ungnautahakk
aðeins 4% fita
SS
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.341 kr/kg.
Merkt verð 1.788.-
Grísahnakkasneiðar
úrbeinaðar og kryddlegnar
Spennandi meðlæti á grillið eða í ofninn!
Bökunarkartöflur
Beikonfylltar kartöflur
Maísstönglar
Balsamikmarinerað grænmeti
Berjabomba m/kókosbollum
Sveppir með ostafyllingu
TILBOÐ 35% afsláttur við kassa
Holta
TILBOÐ
KJÚKLINGALEGGIR TEXAS STYLE
647 kr/kg.
Aðeins í dag!
NAMMILAND
50 % afsláttur v/kassa
NÝBAKAÐ
EPLALENGJUR
299 kr/stk.
JARÐARBER 500g
679 kr/pk.
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
ÍSLANDS NAUT
TILBOÐ
HAMBORGARAR 4 STK. M/BRAUÐI
599 kr/pk.
FRENCH DOG DRESSING
389 kr/stk.
FRÖNSK PULSUBRAUÐ
499 kr/pk.
Ekta amerískt
... fáðu meira út úr salatinu!
VÍNBER RAUÐ & GRÆN
598 kr/kg.
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 24. maí á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvar lagðist fyrsta skemmtiferðaskipið að bryggju þetta sumarið?*

*2 Hver skoraði bæði mörk KR gegn Stjörnunni á fimmtudag?*

*3 Hver er nýjasti starfskraftur útvarpsstöðvarinnar FM957?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62

Hlutfall landsmanna sem skráðir eru í Þjóðkirkjuna fer örlítið hækkandi:

# Tæplega 80% í Þjóðkirkjunni

**TRÚMÁL** Hlutfall landsmanna átján ára og eldri sem eru skráðir í Þjóðkirkjuna hækkar lítillega milli ára samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands. Um 78,8 prósent Íslendinga á kosningaaldri voru skráðir í Þjóðkirkjuna 1. janúar síðastliðinn, en hlutfallið var 78,5 prósent í janúar í fyrra.

Hlutfallið hefur verið á hægri niðurleið lengi, en það var ríflega 87 prósent fyrir tíu árum. Líklegt er að tengja megi smávægilega aukningu nú við brottflutning erlendra ríkisborgara undanfarið og fólksfækkun í landinu almennt.

Alls eru 186.697 átján ára og eldri skráðir í Þjóðkirkjuna. Það er fækkun um 646 einstaklinga milli ára, en samt hlutfallsleg aukning vegna fólksfækkunar.

Lítilleg fjölgun hefur orðið hjá öðrum stærri trúfélögum. Ríflega sex þúsund eru í Fríkirkjunni í Reykjavík og 3.600 í Fríkirkjunni í Hafnarfirði. Í Kaþólsku kirkjuna eru skráðir tæplega 6.600. Tæplega 1.300 eru nú skráðir í Ásatrúarfélagið. Utan trúfélaga eru tæplega 8.500 átján ára og eldri. - bj




Óbreyttir stýrivextir í Japan:

# Betur horfir í efnahagslífinu

**EFNAHAGSMÁL** Bankastjórn japanska seðlabankans ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í 0,1 prósenti. Almennt var reiknað með þessari ákvörðun bankastjórnarinnar í skugga hræringa á fjármálamörkuðum.

Netmiðillinn MarketWatch bendir á að bankastjórnin gerir ráð fyrir jákvæðum horfum á næstu mánuðum enda sé efnahagslífið að rétta hægt og bítandi úr kútnum. Þá ætlar seðlabankinn að styðja betur við hagkerfið og auka lánveitingar til fyrirtækja. - jab






**TILKYNNING Í RÓSAGARÐINUM** Obama steig út í Rósagarðinn við Hvíta húsið í Washington til að skýra fjölmiðlum frá nýju reglunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hertar reglur um bankana

**Barack Obama vann nýjan sigur heima fyrir þegar þingið setti bönkunum strangari skorður. Segir reglunum ætlað að vernda hagkerfið og almenning.**

**BANDARÍKIN, AP** Öldungadeild Bandaríkjanna samþykkti á fimmtudag nýjar og strangar reglur um fjármálastarfsemi, sem eiga að koma í veg fyrir nýtt hrun.

Afgreiðsla frumvarpsins þykir mikill sigur fyrir Barack Obama forseta, stuttu eftir annan mikilvægan sigur þegar þingið samþykkti nýja heilbrigðislöggjöf sem tryggir flestum Bandaríkjamönnum heilbrigðisþjónustu.

Með frumvarpinu, sem samþykkt var með 59 atkvæðum gegn 39, verða gerðar strangari kröfur til fjármálastofnana sem veita húsnæðislán, stunda almenn verðbréfaviðskipti eða flókin afleiðuviðskipti sem grófu undan fjármálakerfinu svo það hrundi með víðtækum afleiðingum fyrir tveimur árum.

„Markmið okkar er ekki að refsa bönkunum heldur að vernda efnahagslífið og almenning fyrir ólgu af því tagi sem við höfum séð undanfarin ár,“ sagði Obama þegar ljóst var að frumvarpið yrði samþykkt í deildinni.

Hann sagði fjármálafyrirtæki hafa unnið að því hörðum höndum að koma í veg fyrir að frumvarpið verði að lögum, og notað til þess „heilu hjarðirnar af hagsmunavörðum og varið milljónum dala í auglýsingar“.

Fulltrúadeild þingsins samþykkti fyrir stuttu sína útgáfu frumvarpsins, sem er að nokkru frábrugðin frumvarpi öldungadeildarinnar. Nú hefst því vinna við að samræma frumvörpin, en búist er við því að lögin verði tilbúin til undirritunar forseta fyrir þjóðhátíðardaginn 4. júlí.

gudsteinn@frettabladid.is



# VORÚTSALA

## HEIMABÍÓKERFI MEÐ ALLT AÐ 44% AFSLÆTTI
JVC - PANASONIC - PHILIPS

## FRÁBÆR TILBOÐ Á SJÓNVÖRPUM
JVC - GRUNDIG - PANASONIC - PHILIPS - TOSHIBA - UNITED

**22" LCD SJÓNVARP**
FULLT VERÐ 114.990
TILBOÐ 89.990
GRUNDIG AFSL. 25.000

**32" LCD SJÓNVARP**
FULLT VERÐ 149.990
TILBOÐ 99.990
JVC AFSL. 50.000

**40" LCD SJÓNVARP**
FULLT VERÐ 199.990
TILBOÐ 149.990
TOSHIBA AFSL. 50.000

**10x50 SJÓNAUKI**
FULLT VERÐ 10.990
TILBOÐ 6.990

**IPOD HLJÓMTÆKI**
FULLT VERÐ 49.990
TILBOÐ 29.990
AFSL. 40%

**STAFRÆN TÖKUVÉL**
FULLT VERÐ 59.990
TILBOÐ 49.990
JVC AFSL. 17%

**SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLU ER Í DAG**

MÖRG HUND

MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

**SÍÐASTI DAGUR**

MYNDAV

## FRÁBÆR TILBOÐ Á MP3 SPILURUM
GRUNDIG - PHILIPS INTENSO - SANDISK

OPIÐ 10 - 16

SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

JVC PHILIPS Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox. JBL

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

**Kynningarfundur um fjármögnun fyrir sprotafyrirtæki**

**Meistaradeild sprotafyrirtækja í Evrópu**

**25. maí kl. 8:30 -10:30 í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35**

**Nýsköpunarmiðstöð Íslands** býður til opins kynningarfundar um **Eurostars** áætlunina sem er fyrir verkefni sprotafyrirtækja í rannsóknum og þróun. Einnig verður sagt frá þjónustu **Enterprise Europe Network** við sprotafyrirtæki.

Fundurinn er öllum opinn en sérstaklega eru velkomnir aðilar úr **Samtökum sprotafyrirtækja**.

**Dagskrá**

- **Snæbjörn Kristjánsson** verkfræðingur hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, landsfulltrúi í stjórn Eurostars: ***Umsóknar- og matsferlið.***
- **Þorvaldur Logi Pétursson** rannsókna- og þróunarstjóri hjá Vaka fiskeldiskerfum hf.: ***Eurostars verkefnið VisuaLice.***
- **Einar Mäntylä** yfirmaður hugverkasviðs og rannsóknastarfs hjá Orf Líftækni hf.: ***Eurostars verkefnið HydroPro.***
- **Kristín Halldórsdóttir** verkefnisstjóri Enterprise Europe Network á Íslandi: ***Þjónusta EEN við sprotafyrirtæki og tækifæri til fjármögnunar.***

Fundarstjóri er **Davíð Lúðvíksson** forstöðumaður hjá **Samtökum iðnaðarins**. Boðið verður upp á morgunverð á fundinum.

Tækniþróunarsjóður, sem heyrir undir iðnaðarráðuneyti, kemur að fjármögnun verkefna í Eurostars. Næst verður umsóknum safnað saman **30. september 2010**. Vinsamlega tilkynnið þátttöku á netfanginu **skr@nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands · rannís · SI · enterprise europe network · eurostars

# Leita réttar síns eftir þriggja daga fangelsi

**Tvær ferðakonur frá Rúmeníu voru handteknar við komuna hingað og látnar dúsa í fangelsi í þrjá og hálfan sólarhring án skýringa, að eigin sögn. Þeim var svo sleppt og dvöldu hér í 10 daga. Lögmaður þeirra bíður gagna frá lögreglu.**

**DÓMSMÁL** Tvær konur frá Rúmeníu leita nú réttar síns eftir það sem þær vilja meina að hafi verið ólögmæt frelsissvipting þegar þær sóttu hér landið heim í síðasta mánuði.

Við komuna til landsins 14. apríl síðastliðinn voru þær handteknar og þeim haldið í þrjá og hálfan sólarhring, að sögn annarrar konunnar, sem heitir Cristina Domnita Constantinescu.

„Það var allt tekið af okkur og okkur haldið í fangaklefum. Við höfðum ekkert brotið af okkur og samt var okkur haldið allan þennan tíma. Það má ekki halda fólki lengur en einn sólarhring,“ segir hún og kveður lögreglu ítrekað hafa spurt hvort þær hafi verið hingað komnar til að stunda vinnu. „Ég hef verið hér áður og vann þá á Óðali, en var ekkert að fara að vinna núna, bara heimsækja vini og ganga frá bankamálum,“ bætir Cristina við.

Lögregla mun hafa heimild til að handtaka fólk og vísa beint úr landi þyki sannað að það sé hingað komið í atvinnuleit og ætli að brjóta lög sem hér gilda um útlendinga.

Eftir þennan tíma í fangelsi segir Cristina að sér og vinkonu hennar, hafi verið sleppt, en þær yfirgáfu svo landið 3. maí síðastliðinn. Hún segir mikilvægt að fá botn í málið til þess að forða því að fleiri lendi í viðlíka ofríki. „Svona má ekki koma fram við fólk.“

Áður en þær stöllur héldu heim á leið höfðu þær hafið umleitan til að leita réttar síns og nutu við það liðsinnis lögmannsins Vilhjálms H. Vilhjálmssonar. Hann segir frásögn lögreglu af atburðum aðra en kvennanna, en hefur farið fram að að fá afhent frá lögreglu gögn málsins. Eftir að hafa skoðað þau komi betur í ljós hver framvindan kunni að verða.

Nokkur bið hefur hins vegar orðið á afhendingu gagnanna frá lögreglunni á Keflavíkurflugvelli. Vilhjálmur segist þó gefa lögreglu nokkurra daga frest í viðbót til að afhenda þau. „Annars geri ég kröfu fyrir héraðsdómi um að fá gögnin,“ segir hann.

olikr@frettabladid.is




**Í LEIFSSTÖÐ** Komu tveggja kvenna frá Rúmeníu hingað til lands bar upp á sama tíma og flugsamgöngur röskuðust í Evrópu vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

KREPPU LOFORÐIN

**HVERJU LOFA FLOKKARNIR?**

**Fundur um velferð fatlaðra**

Nú í aðdraganda sveitastjórnarkosninganna óma loforð stjórnmálaflokka um stræti og torg: „Eitt samfélag fyrir alla“, enginn „svangur og án húsaskjóls“, allir eiga að hafa „sómasamlegt lífsviðurværi“ og staðinn verður vörður um „góða grunnþjónustu“.

**Hvað felst í þessum loforðum?**

Öryrkjabandalag Íslands heldur opinn fund um velferð fatlaðra **þriðjudaginn 25. maí kl. 16-19 á Hilton Reykjavík**. Fulltrúar í framboðum til sveitarstjórna á höfuðborgarsvæðinu svara spurningum um áherslur þeirra og forgangsröðun í málefnum fatlaðra. Táknmálstúlkar verða á staðnum og tónmöskvakerfi.

Fundarstjóri er Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands.

**Nánari upplýsingar á heimasíðu ÖBÍ www.obi.is**

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

Mætum öll - Ekkert um okkur án okkar



# Orka í þágu þjóðar

**HS Orka** er nú nær alfarið í eigu Magma Energy, sem er fjárhagslega öflugt hlutafélag skráð á markaði í Toronto í Kanada. Þátttaka Magma í íslensku samfélagi skapar atvinnu og stuðlar að útflutningi á íslenskri tækniþekkingu.

**Magma** ætlar að beita sér fyrir aukinni orkuöflun HS Orku á Reykjanesi og stuðla þar með að atvinnuuppbyggingu og betra mannlífi á Suðurnesjum.

**HS Orka** hefur undanfarin misseri ekki getað ráðist í slíkar framkvæmdir vegna erfiðrar stöðu fyrri eigenda en nú verður þar breyting á. Magma mun bjóða íslenskum fjárfestum til liðs við sig um þau verkefni sem fyrir liggja.

**Magma** hefur ekki „keypt orkuauðlindir" á Reykjanesi! Þær eru og verða í sameign almennings – sveitarfélaga á Suðurnesjum og ríkisins.

**HS Orka** er eingöngu með *nýtingarrétt* jarðhita til ákveðins tíma í samræmi við gildandi lög og greiðir *leigugjald* fyrir afnotin. Þannig nýtur nærsamfélagið arðs af auðlindinni.

**Magma** og HS Orka hafa engin áhrif á verðlagningu á heitu og köldu vatni til íbúa á Suðurnesjum. Sú þjónusta er á hendi HS Veitna sem er fyrirtæki sveitarfélaga á svæðinu.

**HS Orka** selur áfram orku til iðnaðar og almennra orkunotenda um land allt. Eigendur HS Orku ætla sér aukinn hlut í samkeppni við aðra orkusala með því að bjóða sanngjarnt verð og góða þjónustu.

**Magma** og HS Orka leggja mikið upp úr samfélagslegri ábyrgð. Til marks um það má nefna stuðning við æskulýðs- og menningarstarf á Suðurnesjum og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands á vetrarólympíuleikunum í Vancouver.

magma
Á ÍSLANDI

Hafnargötu 62 - 230 Reykjanesbæ - Sími 412 2400 - www.magmaenergy.is

*Hvítasunnudagur er á morgun*




# Fagnaðu hvítasunnudegi með BKI kaffi

*Hvítasunnudagur er á morgun!*

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.



**Hvítasunnan hét upphaflega fimmtugasti dagurinn** enda markaði hún endalok páskatímans sem stóð í fimmtíu daga. Hvítasunnan er í dag vinsæl til ferminga og markar einnig fyrstu stóru ferðahelgi sumarsins enda er um að ræða langa helgi því annar í hvítasunnu er frídagur. Um Hvítasunnuhelgina eru fyrstu menningarviðburðir og hátíðir sumarsins gjarnan haldnar.

Kaffi á brúsa, nestiskarfa og þjóðvegur 1. Njóttu langrar helgar með frísklöguðu BKI kaffi.

*Gríptu tækifærið, fáðu þér BKI kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og ferskleg eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

***Kauptu BKI fyrir hvítasunnuna***

Sveitarfélög beita umdeildri reglu til að hækka eigið fé um milljarða:

# Ráðuneyti hefur ekki staðfest

**SVEITARFÉLÖG** Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur ekki staðfest umdeilt álit reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga um að auka megi bókfært eigið fé sveitarfélaga um milljarða með því að verðmeta lönd og leigulóðir í efnahagsreikningi út frá áætluðu söluverði eða framtíðartekjum af lóðaleigu.

Reikningsskilanefndin samþykkti þetta með fjórum atkvæðum á fundi sínum 29. apríl. Einn nefndarmanna, Gunnlaugur Júlíusson, sat hjá og hefur gagnrýnt meðferð málsins harkalega.

Hafnarfjörður beitti þessari reglu við gerð ársreiknings bæjarins 2009 og leiddi hún til þess að eigið fé bæjarins hækkaði um 6,6 milljarða og eiginfjárstaða bæjarins varð jákvæð um fjóra milljarða. Mosfellsbær beitir reglunni einnig í ársreikningum, sem lagðir voru fyrir bæjarstjórn 21. apríl.

Gert er ráð fyrir að álit reikningsskila- og upplýsinganefndar séu birt í Stjórnartíðindum, að fenginni staðfestingu ráðuneytisins. Því ferli er ekki lokið, samkvæmt upplýsingum úr ráðuneytinu, og er málið enn til skoðunar. **- pg**



**KRISTJÁN L. MÖLLER** Sveitarstjórnarráðherra þarf að staðfesta að sveitarfélög megi reikna sér til eignar leigutekjur.

Dagsetningar og fyrirkomulag á úrtökum og dómum hrossa endurskoðuð:

# Stefnt að því að halda landsmót

**LANDSMÓT** Stefnt er að því að halda Landsmót 2010 á Vindheimamelum í Skagafirði í lok júní. Þetta er niðurstaða fundar hagsmunaaðila í hestamennsku sem haldinn var í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu í gær. Staðan verður endurmetin um næstu mánaðamót.

Hrossapestin skæða, sem sett hefur mark sitt á hestamennsku í landinu á undanförnum vikum, hefur valdið vangaveltum um hvort rétt væri að fresta eða blása landsmótið af.

„Fundarmenn voru sammála um að endurskoða fyrirkomulag og dagsetningar á úrtökum og dómum hrossa fyrir landsmótið með það að leiðarljósi að gera sem flestum hrossum mögulegt að vinna sér þátttökurétt,“ sagði Haraldur Þórarinsson, formaður Landssambands hestamannafélaga.



**FRÁ LANDSMÓTINU 2008** Gífurlegir hagsmunir eru undir. Staðan verður endurmetin um næstu mánaðamót. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

„Velferð hestsins og viðburðurinn landsmót verða í fyrirrúmi og engar ákvarðanir teknar sem kynnu að varpa skugga á þetta tvennt. Hins vegar liggja gífurlega miklir hagsmunir ferðaþjónustunnar, sem tengjast hestamennskunni, undir. Menn gera sér grein fyrir því núna hve mikilvægt landsmótið er fyrir land og þjóð.“ **- jss**




Auður hefur frá upphafi lagt áherslu á ábyrga hegðun í allri sinni starfsemi.
Við trúum því að við getum öll lagt okkar af mörkum til að byggja upp heilbrigt samfélag.
Þess vegna vill Auður leggja þeim lið sem stuðla að jákvæðri uppbyggingu og framförum.

**DAGSVERK AUÐAR**
er samfélagsverkefni starfsmanna Auðar. Dagsverkið felst í því að starfsmenn gefa andvirði dagslauna á hverju ári í verðugt málefni. Ennfremur vinna allir starfsmenn Auðar sem nemur einum vinnudegi á ári í þágu góðs málefnis. Starfsmenn Auðar velja verkefni sem hljóta fjár- eða vinnuframlag.



Starfsmenn Auðar við sjálfboðastörf í verslun Rauða krossins

**ALHEIMSAUÐUR**
er samfélagssjóður ætlaður til að hvetja konur til frumkvæðis og athafna, einkum í þróunarlöndum. Auður leggur 1% af hagnaði sínum í sjóðinn og býður viðskiptavinum að gera slíkt hið sama. Stjórn AlheimsAuðar tekur ákvörðun um úthlutun styrkja.



Fræðslumiðstöð Enza í S-Afríku hlaut styrk árið 2009.

**SAMAN BÆTUM VIÐ SAMFÉLAGIÐ**

**VIÐ AUGLÝSUM EFTIR STYRKUMSÓKNUM**

Umsækjendur eru hvattir til að skilgreina verkefnið vel, sýna fram á hvernig það fellur að markmiði viðkomandi sjóðs og tilgreina hversu háa fjárhæð sótt er um og/eða hverskonar vinnuframlag.

Umsóknarfrestur er til **26. maí 2010.**
Styrkjum verður úthlutað þann **19. júní 2010.**

Umsóknum má skila á **audur@audur.is**
Nánari upplýsingar á **www.audur.is**

**Ábyrg arðsemi – Mannleg nálgun**
Auður Capital | Borgartúni 29 | 105 Reykjavík | S. 585 6500

AUÐUR CAPITAL


sumarferdir.is
☆ Ótrúlegt verð í 24klst!
Spánn - Allt innifalið!
Sala hefst klukkan 12:00, Þriðjudaginn 25. Maí og stendur í 24 klukkustundir.
Okkur er sönn ánægja að bjóða upp á frábært sértilboð á öllu inniföldu á þessum glæsilegu hótelum á Benidorm. Ekki láta þetta frábæra tilboð fram hjá þér fara því aðeins er takmarkað magn í boði á þessum einstöku kjörum.
Brottfarir/heimflug á fimmtudögum: 17. & 24. Júní. 1. 8. 15. & 22. Júlí.
Þrjú flott 4 * hótel, eitt verð, 1 vika og allt innifalið!
frá 94.900 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá kr. 114.370 fyrir 2 fullorðna.
Brottför: 17. júní í viku.
SALAN HEFST
KL. 12:00
ÞRIÐJUDAGINN
25. MAÍ
Hotel Dynastic ☆☆☆☆
Herbergi í 1 viku
ALLT INNIFALIÐ
frá 94.900 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá kr. 114.370 fyrir 2 fullorðna.
Brottför: 17. júní í viku.
Sandos Monaco ☆☆☆☆
Herbergi í 1 viku
ALLT INNIFALIÐ
frá 94.900 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá kr. 114.370 fyrir 2 fullorðna.
Brottför: 17. júní í viku.
Villa del Mar ☆☆☆☆
Herbergi í 1 viku
ALLT INNIFALIÐ
frá 94.900 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá kr. 114.370 fyrir 2 fullorðna.
Brottför: 17. júní í viku.
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar
* Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting með öllu inniföldu (morgun-, hádegis- og kvöldmatur, snarl milli mála og innlendir drykkir).
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Vnr. 55095007/107-8

**Blákorn**

Blákorn 5, 10 eða 40 kg.

Verð frá **1.190**




Vnr. 55095013

**Illgresiseyðir**

CASORON illgresiseyðir, 1 kg.

**2.850**




# Tré og sumarblóm á frábæru verði

Fást í BYKO Breidd og Kauptúni



Gleðilegt sumar




ÓDÝRT

# Frábær viðarvörn fyrir íslenskar aðstæður!

Vnr. 86332040-9040

**Viðarvörn**

KJÖRVARI viðarvörn, margir litir, 4 l.

**4.990**

24" eða 26" fjallahjól



Vnr. 49620202

**Fjallahjól**

24" eða 26" fjallahjól, 21 gíra Shimano gírbúnaður, bretti, dempari að framan, álfelgur, glitaugu, keðjuhlíf og V-bremsur.

ÓDÝRT

**36.900**

12" REIÐHJÓL



Vnr. 49620210-1

**Reiðhjól** **14.990**

12" barnahjól með hjálpardekkjum og brettum, blátt eða rautt.



Vnr. 88040056

**Trampolín** **59.900**

Trampolín, 4,3 m, með öryggisneti.

Vnr. 86363040-550

**Pallaolía**

KJÖRVARI pallaolía. Glær, græn, hnota, fura, rauð fura eða rauðviður, 5 l.

**5.990**




20" REIÐHJÓL



Vnr. 49620206-7

**Hjól** **25.990**

20" BMX barnahjól, 6 gíra, með brettum, diskabremsum og glitaugum, rautt eða blátt.



# 20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLU GAGNVÖRÐU PALLAEFNI, GIRÐINGAEININGUM OG GARÐHÚSUM

ÓDÝRT

# Körfuboltaspjöldin eru komin í BYKO




EXPO · www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

# Frábært sumar-fjör í BYKO!

**BYKO Breidd, Kauptúni, Granda og Selfossi**



## Líf og fjör í BYKO!

Pylsa og Pepsi handa öllum og hoppukastali fyrir börnin í dag frá kl. 12-15 í BYKO Breidd, Kauptúni, Granda og Selfossi.



GOÐI

Gleðilegt sumar

## Ferðahátíð í BYKO Kauptúni í dag!

Fremstu ferðaþjónustufyrirtæki landsins kynna starfsemi sína með skemmtilegum tækjum og tólum.

**Öll fyrirtækin gefa spennandi gjafabréf fyrir heppna viðskiptavini BYKO!***

**Vinnur þú?**

Kl. 13-16
Reykjavik Excursions kynna fjölbreyttar ferðir sínar.

Reykjavik Excursions KYNNISFERÐIR

Kl. 13-16
Fosshótel kynna gistingu sína sem er um allt land.

FOSSHOTEL VINALEGRI UM ALLT LAND

Kl. 13-16
Elding kynnir hvalaskoðun, sjóstöng og Viðeyjarferðir.

Elding adventure at sea

Kl. 13-16
Kajakaferðir Stokkseyri kynna spennandi kajakaferðir.

KAJAKAFERÐIR STOKKSEYRI

Kl. 10-17
Bikingviking.is kynnir meiriháttar mótorhjólaferðir um landið.

biking viking MOTORCYCLE TOURS ICELAND

Kl. 10-17
ÓVISSA.is kynnir ævintýralega afþreyingu við Elliðavatn.

*Vinningshafar munu birtast á www.BYKO.is um leið og dregið verður.

Skipti- og sölumarkaður með tjaldvagna, fellihýsi og þess háttar verður í BYKO Kauptúni 5. júní næstkomandi. Vinsamlegast skráið þátttöku í síma 515-9500 eða á netfangið kauptun01@byko.is og tilgreinið söluvöruna. Öll sala og/eða samningar eru á ábyrgð seljanda og kaupanda.

## Kynningar og ráðgjöf í BYKO Breidd:

Kl. 11-14
Garðyrkjufræðingur ráðleggur við val á áburði og gefur góð ráð varðandi mosaeyðingu og umhirðu garðsins.

Kl. 11-15
Kynning á Ultra Glozz bílabóni.

35 % KYNNINGAR-AFSLÁTTUR

Fullt verð: 1.498
975
Bílabón, 250 ml.

Kl. 11-15
Kynning á nýjum víngerðarefnum AD VINTAGE, efni sem hafa hlotið margar viðurkenningar. Nú er rétti tíminn til að búa til sitt eigið vín fyrir sumarið. 15% kynningarafsláttur.

Kl. 11-14
Kynning á AEROBIE PRO svifdiskum. Skemmtileg leikföng fyrir börn sem fullorðna. 30% kynningarafsláttur.



BYKO

**SKOÐANAKÖNNUN:** Borgarstjórnarkosningar í Reykjavík







## Tæplega sjö af hverjum tíu tóku afstöðu

Aðferðafræði í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 var með hefðbundnum hætti. Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 20. maí. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 68,9 prósent afstöðu til spurningarinnar.

Einnig var spurt: Ef þú kaust í sama sveitarfélagi í síðustu sveitarstjórnarkosningunum, árið 2006, hvaða flokk kaust þú? Um 62,5 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.
Þá var spurt: Hver vilt þú að verði borgarstjóri að loknum sveitarstjórnarkosningum? Um 60,6 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

# Besti flokkurinn með hreinan meirihluta

**Besti flokkurinn fær átta af fimmtán borgarfulltrúum samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Stuðningsmenn flokksins virðast koma frekar jafnt frá Samfylkingu og Sjálfstæðisflokki.**

Besti flokkurinn fengi meira en tvöfalt meira fylgi en bæði Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn, og er langstærsti flokkurinn í borginni samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var á fimmtudagskvöld.

Alls sögðust 43,9 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni myndu greiða Besta flokknum atkvæði sitt væri gengið til kosninga nú. Fengi flokkurinn þennan stuðning í kosningum fengi hann átta borgarfulltrúa af fimmtán, hreinan meirihluta fulltrúa.

Besti flokkurinn hefur tekið mikil stökk í könnunum Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Stuðningur við flokkinn mældist 12,7 prósent 25. mars, 23,4 prósent 29. apríl, og er nú kominn í 43,9 prósent.

Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin fá nákvæmlega sama stuðning samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Alls sögðust 21,1 prósent ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn, og sami fjöldi myndi kjósa Samfylkinguna.

Fylgi Sjálfstæðisflokksins hefur samkvæmt þessu helmingast frá síðustu kosningum, þegar hann fékk 42,1 prósent atkvæða. Hann er með sjö borgarfulltrúa í dag, en fengi þrjá samkvæmt könnuninni.

Samfylkingin hefur ekki úr jafn háum söðli að detta, fékk 27,6 prósent atkvæða í síðustu kosningum, en mælist nú með 21,1 prósent. Flokkurinn myndi samkvæmt þessu fá þrjá borgarfulltrúa, en er með fjóra í dag.

Vinstri græn tapa einnig fylgi frá síðustu kosningum, en tapa raunar einnig fylgi frá síðustu könnunum. Flokkurinn fengi stuðning 9,8 prósenta kjósenda samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Það myndi aðeins duga til að koma einum fulltrúa í borgarstjórn.

Flokkurinn fékk 14 prósent atkvæða í kosningunum 2006, og er með tvo borgarfulltrúa. Flokkurinn hefur þó undanfarið mælst hærri í könnunum, var til dæmis með 17 prósenta stuðning samkvæmt könnun sem gerð var 29. apríl.

Framsóknarflokkurinn tapar sínum eina borgarfulltrúa verði niðurstöður kosninga í takt við könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Flokkurinn mælist með stuðning 2,7 prósenta kjósenda, en fékk 5,9 prósent í kosningunum. Fylgi flokksins virðist á hægri niðurleið miðað við síðustu kannanir.

Reykjavíkurframboðið, Frjálslyndi flokkurinn og Listi óháðra eru öll langt frá því að koma manni í borgarstjórn, samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Reykjavíkurframboðið og Frjálslyndi listinn mælast með 0,5 prósenta stuðning, en Listi óháðra 0,4 prósent.

Svarhlutfallið í könnuninni var 68,9 prósent. Það er nokkru hærra en í fyrri könnunum í Reykjavík, og gæti bent til þess að kjósendur séu farnir að gera upp hug sinn, enda aðeins vika til kosninga.

Gott gengi Besta flokksins og tap annarra flokka vekur spurningar um hvaðan fylgi flokksins komi, hvað þeir sem nú ætli að kjósa flokkinn hafi kosið í síðustu kosningum. Spurt var um þetta í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Þegar aðeins eru skoðaðir þeir sem kusu í Reykjavík í sveitarstjórnarkosningunum 2006 má sjá að flestir af þeim sem nú ætla að kjósa Besta flokkinn kusu áður Samfylkinguna, 37,9 prósent. Næstum jafn hátt hlutfall, 34,5 prósent, kaus áður Sjálfstæðisflokkinn. Um 13,8 prósent þeirra sem nú ætla að kjósa Besta flokkinn kusu áður Vinstri græn, 7,8 prósent kusu Framsóknarflokkinn, og 5,2 prósent Frjálslynda flokkinn.

Um 90,9 prósent þeirra sem nú ætla að veita Sjálfstæðisflokknum atkvæði sitt kusu flokkinn einnig í síðustu kosningum. Um fjögur prósent kusu Samfylkinguna og þrjú prósent Framsóknarflokkinn.

Alls kusu 82,9 prósent þeirra sem ætla að kjósa Samfylkinguna nú flokkinn í síðustu kosningum. Um 9,9 prósent kusu Sjálfstæðisflokkinn síðast, og 4,9 prósent kusu áður Vinstri græn. Aðeins 55,3 prósent þeirra sem nú ætla að kjósa Vinstri græn kusu flokkinn í síðustu kosningum. Um 34,2 prósent kusu áður Samfylkinguna, 7,9 prósent kusu Sjálfstæðisflokkinn og 2,6 prósent Framsóknarflokkinn.

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



## Óánægðir kjósendur vilja refsa hrunflokkunum

Gríðarlegur stuðningur við Besta flokkinn í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sýnir að kjósendur munu refsa fjórflokknum, einkum Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu, fyrir hrunið í komandi kosningum, segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri.

Ríflega þriðjungur þeirra sem kusu Samfylkinguna í síðustu kosningum ætla að greiða Besta flokknum atkvæði sitt nú, og svipað hlutfall stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins.



GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON

„Óánægja kjósenda, þreyta á stjórnmálamönnum og refsigleði vegna hrunsins bitnar greinilega mest á þessum tveimur flokkum. Þetta staðfestir að í hugum kjósenda eru það Sjálfstæðisflokkur og Samfylking sem eiga að fá ráðningu fyrir hrunið,“ segir Grétar. Þó Framsóknarflokkurinn sé vissulega einnig ábyrgur virðist tíminn hafa læknað þar einhver sár, eða mildað reiði almennings í garð flokksins.

„Ef niðurstaða þessarar könnunar er vísir að því sem koma skal í kosningunum, að Besti flokkurinn fái allt að átta menn í borgarstjórn, eru kjósendur að veita stjórnmálaflokkunum þvílíka ráðningu, bæði fyrir hrunið og fyrir sviptingar í borgarstjórn á kjörtímabilinu,“ segir Grétar.

Þekkt er að skoðanakannanir geta haft áhrif á kjósendur. Grétar segir afar erfitt að átta sig á hvort könnun sem mæli Besta flokkinn með meirihluta dragi úr stuðningi við hann, eða hvort fleiri stökkvi á vagninn með sigurvegaranum. „Ég gæti trúað því að þegar þetta er komið svona langt, þetta er farið að snúast um hreinan meirihluta, þá muni kjósendur að einhverju leyti bakka. Spurningin er hversu mikið.“

Gott gengi Besta flokksins í kosningunum getur orðið til þess að hinir hefðbundnu stjórnmálaflokkar sjái sig tilneydda til að fara í miklu meiri uppstokkun á sjálfum sér en forsvarsmenn þeirra höfðu hugsað sér, segir Grétar. Fordæmalaust gott gengi grínframboðs ýti sérstaklega á hrunflokkana að fara í harkalegt uppgjör og hreinsun. Annars gætu þeir séð fram á svipaða háðung í alþingiskosningum, sem þeir geti væntanlega engan veginn hugsað sér, segir Grétar.

## Flestir vilja að Jón Gnarr verði borgarstjóri Reykjavíkur

Jón Gnarr, oddviti Besta flokksins, var oftast nefndur þegar spurt var hvern fólk vildi helst sjá sem næsta borgarstjóra í Reykjavík í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Þar með skaut hann bæði Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, borgarstjóra og oddvita Sjálfstæðisflokksins, og Degi B. Eggertssyni, oddvita Samfylkingarinnar, ref fyrir rass.

Alls sögðust 36,1 prósent þeirra sem afstöðu tóku til borgarstjóraefnanna vilja Jón Gnarr sem næsta borgarstjóra. Stuðningur við Jón hefur aukist milli kannana, en í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 hinn 29. apríl vildu 25,7 prósent oddvita Besta flokksins í borgarstjórastólinn.

Stuðningur við Hönnu Birnu heldur áfram að dragast saman. Af þeim sem afstöðu tóku vildu 32,4 prósent að Hanna Birna héldi áfram sem borgarstjóri að kosningum loknum. Það er ríflega fjórum prósentustigum minna en í könnun 29. apríl, og tæplega sextán prósentustigum minna en í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 hinn 25. mars, þegar 48,2 prósent vildu Hönnu Birnu áfram.

Stuðningur við Dag dettur einnig niður frá síðustu könnun. Um 24,1 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni vildu hann sem næsta borgarstjóra. Það er tæpum sjö prósentustigum minni stuðningur en í lok apríl, en aðeins tæplega tveimur prósentustigum minna en í lok maí.




Stuðningur við aðra frambjóðendur mældist mun minni. Um 4,3 prósent vilja Sóleyju Tómasdóttur, oddvita Vinstri grænna, sem næsta borgarstjóra, og 2,1 prósent nefndu Einar Skúlason, oddvita Framsóknarflokksins. Aðrir fengu minni stuðning í borgarstjórastólinn.

Eins og áður mælist stuðningur við Jón Gnarr mun meiri meðal karla en kvenna, og stuðningur við Dag meiri meðal kvenna. Hanna Birna nýtur svipaðs fylgis hjá báðum kynjum.



Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is



B&S
KONUR

B&S | Kringlunni 553 4141

20til30%
afsláttur af öllum vörum

BOSS HUGO BOSS
HUGO HUGO BOSS
RALPH LAUREN
SAND






30% afsláttur af öllum vörum frá hummel

20% afsláttur af öllum vörum frá bisgaard, POLO RALPH LAUREN, TICKET TO HEAVEN

ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...

Opið í dag laugardag frá kl.10 til 18 og mánudag annan í hvítasunnu frá kl.13 til 18

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skoðanakönnun sem boðar vatnaskil:

## Hin skýru skilaboð Reykvíkinga

Niðurstöður skoðanakönnunar, sem Fréttablaðið og Stöð 2 gerðu meðal Reykvíkinga í fyrrakvöld og sagt er frá í blaðinu í dag, verða lengi í minnum hafðar, hver sem úrslit kosninganna verða næsta laugardag.

Besti flokkurinn mælist nú með fylgi sem mundi skila átta borgarfulltrúum og hreinum meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur kæmu sömu tölur upp úr kjörkössunum. Fleiri Reykvíkingar lýsa yfir stuðningi við Jón Gnarr og félaga hans heldur en Sjálfstæðisflokkinn og Samfylkinguna samtals. Af þeim stuðningsmönnum Besta flokksins, sem tóku þátt í kosningunum árið 2006, kusu sjö af hverjum tíu Sjálfstæðisflokkinn eða Samfylkinguna. Það er því engum ofsögum sagt að þetta framboð fái þverpólitískan stuðning. Svarhlutfall í þessari könnun er með því hæsta sem fengist hefur í könnunum Fréttablaðsins. Um fjórðungur kjósenda segist enn óákveðinn. Það er ekki meira en vænta mátti. Aðeins níu prósent segjast ekki ætla að mæta á kjörstað. Þessar tölur eru ekki til marks um áhugaleysi almennings á kosningabaráttunni, þvert á móti.

SKOÐUN



Pétur Gunnarsson

peturg@frettabladid.is

Pólitískt andrúmsloft í borginni endurspeglar bæði þá mynd sem skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis dregur upp af vanhæfri stjórnsýslu, sem vanrækti hagsmuni almennings, og minningar Reykvíkinga um það hvernig sú borgarstjórn stóð að verki, sem nú er að skila umboðinu til kjósenda. Undanfarnar vikur hefur kastljós beinst að því hvernig kjörnir fulltrúar stóðu að fjármögnun prófkjörsbaráttu sinnar fyrir kosningarnar 2006 og 2007. Mesti þunginn hefur verið í umræðum um mál nokkurra fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar á Alþingi og í sveitarstjórnum. Niðurstaða könnunar Fréttablaðsins hlýtur meðal annars að skoðast í ljósi þeirrar umræðu. Viðbrögð flokkanna og forystumanna hafa ekki dugað til að sannfæra kjósendur um að nú sé hreint fyrir dyrum. Traustið vantar. Meðan svo stendur á komast ný stefnumál og fögur fyrirheit flokkanna ekki að í hugum almennings.

Síðasta vika kosningabaráttunnar er fram undan. Viðbúið er að þeir sem sjá fram á fylgistap og aðstöðumissi eða tapað tækifæri beini spjótum nú að Besta flokknum og forsvarsmönnum hans. Slík umræða getur dregið fram mikilvægar upplýsingar fyrir kjósendur. Auðvitað þarf að liggja fyrir hvað það er sem þeir standa fyrir sem njóta 44% stuðnings til þess að stjórna borginni næstu fjögur ár.

En flokkarnir ættu að gæta sín á að vanmeta ekki kjósendur. Flest sem skiptir máli um Besta flokkinn og frambjóðendur hans liggur fyrir. Þetta eru allt opinberar persónur sem hafa fengið mikla umfjöllun fyrr og nú. Vitandi vits velja 44% Reykvíkinga yfirlýsta brandarakarla frekar en atvinnupólitíkusa úr öllum flokkum. Það eru skilaboðin sem kjörnir fulltrúar og frambjóðendur þurfa að leggja mesta vinnu í að meðtaka og vinna úr fram að kosningum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Hvers þarfnast búskapurinn?



ÞORSTEINN PÁLSSON

Þegar spurt er hvers helst sé þörf á Íslandi nú um stundir kemur tvennt fyrst upp í hugann: Annars vegar betra siðferði og hins vegar peningar.

Ísland situr í þeirri súpu að vera einangrað í heimi peninganna. Í fyrsta lagi eru gjaldeyrishöft. Í annan stað fær ríkissjóður ekki lánaða peninga erlendis nema með félagslegri samhjálp alþjóðasamtaka eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í þriðja lagi eiga atvinnufyrirtækin engan aðgang að bönkum sem hafa sjálfstæða möguleika á lánsfjáröflun erlendis. Það sem Ísland þarfnast þó mest er fjárfestingarfjármagn. Það er af skornum skammti af mörgum ástæðum. Ekki þó þeim að fáir möguleikar séu í sjónmáli. Miklu fremur vegna hins að fjárfestar sjá fáa góða kosti í því rekstrarumhverfi sem hér er og þeir deila ekki framtíðarsýn með stjórnvöldum þar um.

Eins og sakir standa eigum við helst möguleika á erlendu fjárfestingarfjármagni í atvinnustarfsemi sem er að verulegu leyti óháð krónunni. Orkufrekur iðnaður er dæmi þar um.

Einkavæðing Hitaveitu Suðurnesja mistókst. Nýir eigendur réðu ekki við verkefnið þegar til kastanna kom. Nú er erlend fjárfesting komin þar til sögunnar og orðin að hitamáli. Andstaðan við þessa fjárfestingu lýsir miklu skilningsleysi á því sem þjóðarbúskapurinn þarfnast nú helst og ranghugmyndum um það hvernig hann verður endurreistur.

## Siðferði og röksemdafærsla

Siðferðilega hlið málsins snýr að röksemdafærslunni. Því er haldið fram að erlendu fjárfestarnir nái eignarhaldi á orkuauðlindinni með kaupum á hlutabréfum í HS-orku. Það er rangt. Fyrir það var girt með mjög merku pólitísku samkomulagi í fyrri ríkisstjórn. Auðlindir eru nú aðgreindar frá orkuframleiðslu. Blekkingar af þessu tagi benda til þess að kröfur um bætt siðferði í pólitískri umræðu hafi ekki verið teknar nægjanlega alvarlega.

Hitt er annað að stjórnmálaflokki eins og VG er að sjálfsögðu frjálst að vera á móti erlendri fjárfestingu. Þá verða forystumennirnir hins vegar að segja sem satt er að slík sjónarmið um eins hvers konar kynþáttaræktun peninga þýða minni verðmætasköpun í landinu en ella. Það merkir að menn vilja fórna möguleikum á lífskjarabata og velferðarvörnum fyrir það eitt að halda peningum af erlendum kynþætti utan íslenskrar lögsögu.

Fjármálaráðherrann segist eiga svar við þessu. Hann bendir á hreinræktaða íslenska peninga í lífeyrissjóðunum og staðhæfir að gnægð sé af þeim. Er það gilt svar?

Rétt er að lífeyrissjóðirnir eru mikilvæg kjölfesta bæði í velferðarkerfinu og fjármálalífinu. Þeir urðu fyrir miklu áfalli í hruninu. Eigi að síður er það minna en ætla hefði mátt. Kjarni málsins er þó sá að því fer fjarri að þeir leysi fjármögnunarvanda ríkissjóðs og atvinnulífsins í bráð og lengd.

Lífeyrissjóðirnir þurfa vissulega að fjárfesta í íslensku atvinnulífi. Hitt er blekking að telja almenningi trú um að það fjármagn sem þeir ráða yfir dugi til þess að stjórnvöld geti lokað landinu og þurfi ekki að horfast í augu við staðreyndir í ríkisfjármálum. Það er siðferðilega rangt að halda þeirri ímyndarsmíð að almenningi.

## Röng hugtakanotkun

Fjármálaráðherra átti erindi við ársfund lífeyrissjóðanna í vikunni. Boðskapur hans var skýr. Lækka á lögbundna ávöxtunarkröfu lífeyrissjóðanna til þess að þeir geti axlað félagslega ábyrgð á verkefnum ríkissjóðs og atvinnulífsins.

Félagsleg ábyrgð lífeyrissjóðanna hefur falist í því að hámarka ávöxtun á lífeyrissparnaði launafólks. Nú vill fjármálaráðherra að félagsleg ábyrgð þeirra flytjist frá lífeyrisþegum yfir á ríkissjóð og atvinnufyrirtæki sem ekki skila nægjanlegum arði eða alls engum.

Hvers vegna kallar fjármálaráðherra eftir þessari fórn lífeyrisþega nú? Ein ástæðan er sú að ríkisstjórnin treystir sér ekki til að taka á ríkisfjármálum eins og þörf krefur. Önnur er sú að hún vill ekki erlent fjárfestingarfjármagn. Þriðja ástæðan er sú að hún ætlar að fjölga störfum með því að hverfa frá kröfum um þjóðhagslega hagkvæmni í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og láta félagsleg sjónarmið ráða þróuninni en ekki arðsemi.

Fjármálaráðherra kallar þetta félagslega ábyrgð. Aðrir sjá þetta sem óábyrga fjármálastjórn. Það er siðferðilega rangt að nota jákvæð hugtök eins og félagslega ábyrgð til að villa mönnum sýn og fá þá með því móti til fylgis við óábyrgar fjármálaráðstafanir.

Kjarni málsins er sá að hér er verið að fara inn á braut við stjórn efnahagsmála sem getur ekki endað annars staðar en í ógöngum. Fjárfestingarfyrirtækið sem lífeyrissjóðirnir stofnuðu er freisting bæði fyrir stjórnmálamenn og atvinnurekendur sem ekki vilja lúta aga arðseminnar.

Stjórnendur lífeyrissjóðanna verða að átta sig á því að ræða fjármálaráðherra var í raun nær hugmyndaheimi vogunarsjóða en félagslegrar ábyrgðar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




**Dúfurnar**

| | |
|---|---|
| 22. maí kl. 20 **UPPSELT** | 4. júní kl. 20 **örfá sæti** |
| 28. maí kl. 20 **UPPSELT** | 5. júní kl. 20 **örfá sæti** |
| 30. maí kl. 20 **UPPSELT** | 11. júní kl. 20 |
| 3. júní kl. 20 **örfá sæti** | 12. júní kl. 20 **Síðasta sýning** |

**Gauragangur**

| | |
|---|---|
| 22. maí kl. 20 **UPPSELT** | 5. júní kl. 20 **UPPSELT** |
| 28. maí kl. 20 **UPPSELT** | 11. júní kl. 20 **örfá sæti** |
| 30. maí kl. 20 **UPPSELT** | 12. júní kl. 20 **örfá sæti** |
| 4. júní kl. 20 **UPPSELT** | |

Miðasala | **568 8000** | **borgarleikhus.is**

**Borgarleikhúsið**



## INGÓ
tekur lagið laugardag kl.14:00 í Skútuvogi



## TAKTU DAGINN SNEMMA!
**Allir fá frítt kaffi, kleinu og rúnstykki í Kaffi Garði Skútuvogi kl. 10-12. á laugardag og sunnudag.**

**Allir krakkar fá íspinna á laugardag.**
Skútuvogi, Akureyri og Selfossi meðan birgðir endast.

emmessís

# SUMARHÁTÍÐ
## AÐEINS BROT AF ÚRVALINU

Burny

- Hitnar fljótt.
- Heldur vel hita.
- 2 ryðfríir brennarar.
- Postulínsemelerað lok, grill og grillgrind sem varnar ryðmyndun.



**49.900** ~~59.900~~

**Gæða gasgrill Burny Sizzler 200**
10.0 kW.
Grillflötur 44x50 sm. Hitagrind 44x14 sm
Flame tamer hlíf yfir brennurum
3000272



**28.800** ~~33.900~~

FRÁBÆRT VERÐ!

Trampólín
ø 396 sm, hæð 88 sm
3900563

Öryggisnet
F/trampólín 13 ft.
3900566
**15.900** ~~18.900~~



10 ltr. **7.995** ~~8.995~~

Þekur 50m²
í tveimur umferðum

Útimálning 10 ltr.
Á steinsteypta fleti, alkalíþolin með gott veðrunarþol.
7207040



0.75 ltr. **2.299** ~~2.679~~

Gori 44+ 0.75 ltr.
Hálfgagnsæ viðarvörn, frábær á allar viðarklæðningar og skjólgirðingar.
7042500-10

Frábær á skjólgirðingar og viðarklæðningar



**3.990**

Blómakassi Platio
40x40 sm
604024

Blómakassi Platio
74x40 sm
604023

**5.390**

STEMA Der Anhänger

**ÞÝSK GÆÐAFRAMLEIÐSLA, FRÁBÆRT VERÐ!**
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!



**149.900**

**Kerra Basic**
Þolir 750 kg.
Innanmál 201 x108 x33 sm.
Heildarmál 292x149x86 sm
5798000



**299.000**

**Heitur pottur/Skel**
Blá, fín granít, 6-7 manna.
Heildarbreidd 194x194 sm.
8070617


3 ltr.
2.490
JOTUN
Treolje
Träolja/Træolie
Jotun pallaolía 3 ltr.
Vinsælasta pallaolían
á Íslandi.
7049123-33-37
Vinsælasta
pallaolía
á Íslandi
2.999
3.995
Rafmagnsorf,
IKRA
250W, 24cm
sláttubreidd
5086608
29.990
Rafmagnssláttuvél
B&D
35 ltr. safnara, 1200 W.
Miðlæg hæðarstilling.
34 sm sláttubreidd
5085134
BLACK&DECKER
BRJÁLUÐ TILBOÐ
15%
AF ÖLLUM
REIÐHJÓLUM,
HJÁLMUM OG
STÓLUM
15%
AF ÖLLUM
GARÐHÚSGÖGNUM
20%
AF ÖLLUM
BÚSÁHÖLDUM
20%
AF ÖLLUM
ÚTIVISTARFATNAÐI
40%
AF ÖLLUM HiPoint
GREINA- OG
HEKKKLIPPUM
15%
AF ÖLLUM
LEIKFÖNGUM
15%
AF ÖLLUM
GRILL PRO
ÁHÖLDUM
20%
AF ÖLLUM
STUNGUGÖFFLUM
VERÐ FRÁ
1.839
Látum
verkin tala!
Gildir til 24. maí
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana og háð lagerstöðu á hverjum stað.
blómaval
HÚSASMIÐJAN

# Svo að þér verði ekki dæmdir

**Árás á Alþingi**

Pétur Gunnarsson
rithöfundur



Þrálátur en skiljanlegur misskilningur þeirra sem horfðu utan frá á bankahrunið íslenska var að íslenska þjóðin hefði staðið að baki bönkunum, átt þá, grætt á þeim, nýtt sér þá. Nöfnin gáfu það jafnvel í skyn: „Landsbanki“, en ekki síður framferði íslenskra stjórnvalda sem virtust svo samdauna spillingunni, báru í bætifláka fyrir hana, höfðust ekkert að, sögðu hvorki af sér né ráku embættismenn sem báru sök í samræmi við ábyrgð.

Þá kom Austurvöllur til bjargar, mótmæli almennings sem voru einstæð í sögu lýðveldisins, þúsundir sem flykktust á sama blettinn laugardag eftir laugardag eða fylltu Iðnó og Háskólabíó á heitum mótmælafundum. Þetta fólk, þessar aðgerðir, björguðu andliti íslensku þjóðarinnar, gerðu ljóst að við vorum ekki þeir.

Og nú á að draga nokkra unglinga fyrir dóm vegna þátttöku þeirra í aðgerðunum. Það virðist vanhugsuð aðgerð. Blasir ekki við að kringumstæðurnar voru óvenjulegar? Þær áttu sér ekki stað í tómarúmi. Þær voru í því samhengi sem lýst er hér að ofan. Sjálfur ber ég djúpa virðingu fyrir Alþingi. Móðir mín var starfsmaður Alþingis til margra ára, ég þekki enn til sumra sem þar starfa og hrýs hugur við þeirri tilhugsun að þá gæti hent nokkuð illt. En Alþingi er ekki venjuleg skrifstofa. Án þess að grípa til margvolkaðrar líkingar um þjóðarlíkama þá er Alþingi engu að síður sá staður þar sem þjóðin kennir til og bregst við. Sýndarréttarhöld yfir nokkrum þátttakendum í hildarleik þar sem við hlutum öll þungar skrokkskjóður eru til þess fallin að ýfa þau sár.

Og nú á að draga nokkra unglinga fyrir dóm vegna þátttöku þeirra í aðgerðunum. Það virðist vanhugsuð aðgerð. Blasir ekki við að kringumstæðurnar voru óvenjulegar? Þær áttu sér ekki stað í tómarúmi.

# Öflugt háskólastarf til framtíðar

**Menntamál**

Finnur Oddsson
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Vilhjálmur Egilsson
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Næstu misseri og ár verða tími uppbyggingar á Íslandi. Byggja þarf fleiri og sterkari stoðir atvinnulífs og samfélagsins í heild en þær sem fyrir eru. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að standa vörð um og rækta þær auðlindir sem slíkar stoðir hvíla á og standa undir verðmætasköpun, atvinnuuppbyggingu og góðum lífskjörum. Það er því afar brýnt að stjórnvöld og atvinnulíf standi saman af festu við áframhaldandi uppbyggingu á ungu háskólasamfélagi á Íslandi enda fer þar fram þróun þekkingar sem verðmæti framtíðar byggja á.

Í samanburði við nágrannalönd eigum við þó enn töluvert í land, bæði hvað varðar hlutfallsleg framlög til háskólamenntunar en einnig afl og gæði íslenskra háskólastofnana. Um leið skal því þó haldið til haga að veruleg framþróun hefur átt sér stað í íslensku háskólasamfélagi á undanförnum áratug. Kennsla hefur batnað og afköst í rannsóknum og gæði þeirra einnig. Íslenskt atvinnulíf og samfélag mun njóta þess til framtíðar. Í þeirri aðlögun sem væntanlega verður á sviði háskólamenntunar á næstu misserum þarf fyrst og fremst að tryggja að hnignun eigi sér ekki stað. Allir sem hér búa eiga mikið undir því.

Samtök í atvinnulífinu hafa lengi stutt uppbyggingu menntunar á framhalds- og háskólastigi hér á landi og gegnt lykilhlutverki í þeim árangri sem náðst hefur á undanförnum árum. Meginástæða þess að stofnað var til Háskólans í Reykjavík (HR) á árinu 1998 var sú að talin var þörf á frekari eflingu á svið kennslu og rannsókna á háskólastigi, sérstaklega á sviði viðskipta, tækni og laga. Þannig mætti efla enn frekar það fólk sem íslenskt atvinnulíf byggir á og skapa þekkingu sem stuðlar að verðmætasköpun. Þetta á reyndar ekki síður við nú þegar horfir fram á aukna menntunarþörf atvinnulífs, aðallega á sviðum tölvunarfræði, upplýsingatækni, verkfræði og tæknifræði. Árið 2005 sameinaðist skólinn svo Tækniháskóla Íslands sem þá var ríkisrekin háskóli. HR er í dag annar stærsti háskóli landsins með um 3.000 nemendur og 270 fasta starfsmenn.

Á þessum örfáu árum hefur náðst verulegur árangur. Frá HR koma nú árlega um 2/3 allra sem útskrifast með tæknimenntun á Íslandi, um helmingur allra viðskiptafræðinga og um þriðjungur allra lögfræðinga. Rannsóknarstarf hefur verið byggt upp af miklum krafti, án þess þó að slakað hafi verið á þeirri sérstöðu sem HR hefur haft í gæðum kennslu og þjónustu við nemendur. Fjöldi birtra greina starfsmanna skólans í ritrýndum tímaritum hefur nánast tvöfaldast á síðustu fimm árum og meðal íslenskra háskóla er HR með flestar birtar vísindagreinar á sviðum viðskiptafræði og tölvunarfræði og svipaðan fjölda og Háskóli Íslands á sviðum verkfræði og lögfræði. Samhliða þessu, hefur HR unnið ötullega að nýsköpun, bæði í menntun og nýtingu rannsóknaniðurstaða. Því er einnig vert að halda til haga að tikoma HR og annara háskóla á Íslandi hefur almennt stuðlað að betri gæðum háskólastarfs á Íslandi og á það ekki síst við um Háskóla Íslands. Þessi uppbygging rannsókna og nýsköpunar gegnir nú þegar mikilvægu hlutverki í íslensku atvinnulíf og er til lengri tíma veigamikill þáttur endurreisn íslensks atvinnulífs.

Eitt meginmarkmið með mögulegri endurskipulagningu háskólakerfis á næstu misserum hlýtur að vera að standa vörð um árangur síðustu ára og að áfram verði lögð áhersla á framfarir í kennslu og öflugar rannsóknir til að standa undir þekkingar- og verðmætasköpun. Þessu má ná fram með ýmsu móti, en hagkvæmni og gæði hljóta að vera leiðarljós í þeirri þröngu stöðu sem nú er uppi. Háskólinn í Reykjavík er vel í stakk búinn til að taka að sér aukin verkefni við kennslu og rannsóknir á sviði greina sem helst tengjast atvinnulífinu. Það má gera með auknu samstarfi við aðra háskóla eða með verkaskiptingu sem felur í sér aukna sérhæfingu í ákveðnum námsbrautum.

Sú hugmynd sem reifuð hefur verið af prófessorum við Háskóla Íslands, um að HÍ taki yfir alla kennslu annarra háskóla á Íslandi er óraunhæf og ekki leið að ofangreindum markmiðum. Hún felur í sér afturför og stefnir árangri síðust ára í voða. Sú leið myndi ekki leiða til betri kennslu í háskólum, ekki til öflugri rannsókna og ekki til betri nýtingar fjármuna. Þar af leiðandi myndi hún ekki þjóna hag nemenda í íslenskum háskólum, atvinnulífi eða samfélaginu í heild. Íslenskt atvinnulíf þarf á öflugum háskólum að halda þar sem horft er til forgangsröðunar og aukins samstarfs. Þær greinar sem styðja við vöxt og útflutningstekjur verður að efla en ekki veikja. Háskólinn í Reykjavík hefur sýnt og sannað að á þeim vettvangi gegnir hann veigamiklu hlutverki og verður til framtíðar, með öðrum háskólum á Íslandi, hornsteinn í kraftmikils atvinnulífs og heilbrigðs samfélags.



# Sendu, Drottinn, anda þinn

**Hvítasunna**

Karl Sigurbjörnsson
biskup



*Sendu, Drottinn, anda þinn! og endurnýja ásjónu jarðar!*

Svo segir í sálminum forna. Heilagur andi er áhrif hins ósýnilega Guðs. Vindinn sjáum við ekki, en við vitum af honum. Við sjáum laufin bærast í blænum, heyrum gnauðið við gluggann, finnum svalan gustinn um andlitið. Eins er það með anda Guðs. Hann er ósýnilegur, nema af áhrifum sínum. Hann verður aldrei gripinn, settur í ílát, fangaður í formúlur. Enginn getur keypt hann eða selt né fengið einkaleyfi á. Hann blæs þar sem hann vill. En við sjáum og skynjum það sem hann gefur, eða ef til vill umfram allt þegar hann er horfinn og áhrifa hans gætir ekki lengur. Þá kólnar í heimi og kelur allt.

*Sendu, Drottinn, anda þinn! og endurnýja ásjónu jarðar!*

Yndisleg er ásjóna jarðar þegar birta vorsins, fegurð og yndi blasir við, endurnýjun, endursköpun hvert sem augað lítur. Við gleðjumst yfir sérhverjum vorboða, vængjataki og vorljóði. En ásjóna jarðar birtir líka aðra hlið. Það er líka annars konar að verki í heiminum. Átök lífs og dauða blasa við hvarvetna, átök eyðingar og uppbyggingar. Það verður seint umflúið. Náttúruöflin eru óblíð og hörð. En ekkert jafnast í ofstopa sínum á við manninn, þegar hann knúinn anda sjálfselsku og hroka veður yfir og þegar andi haturs, heiftar og hefnigirni ræður för. Ætli við könnumst við það?

*Sendu, Drottinn, anda þinn og endurnýja ásjónu jarðar!*

Hvítasunna er sagan um hina nýju sköpun hins krossfesta og upprisna frelsara, sem vill endurnýja ásjónu jarðar og mannlífsins. Það er andi Guðs, andi kærleika, gleði, friðar, langlyndis, gæsku, góðvildar, trúmennsku, hógværðar og sjálfsaga sem skapar, mótar og nærir hið góða líf og samfélag. Andinn kemur eins og vorþeyr sem opnar eyru og hjörtu að við greinum gegnum ys og dyn ótal radda tóninn tæra, hreina, orð sannleikans og lífsins, Jesú Krists. Andi og áhrifavald hans er að kalla á þig, allt frá móðurskauti til þessa dags að fylgja sér. Vorþeyr heilags anda vill ná til okkar og vekja og lífga samfélag þar sem umhyggjan er styrkur og sál trúarinnar, fyrirgefning og sáttargjörð er annað en orðin tóm. Þar sem fólk lýtur undri lífsins og náðarinnar með lotningu og leitast við að biðja og syngja birtu og yl í veröldina, og laða fram samhljóminn helga. Og ásjóna jarðar og mannlegt samfélag endurnýjast, ljómar af gleði og undir tekur í lofsöng. Um þetta erum við að biðja þegar við biðjum með kirkju alda og kynslóða: Sendu, Drottinn, anda þinn og endurnýja ásjónu jarðar!

EUROPEAN SME WEEK 2010
TRAINING BUSINESS CHAMPIONS!

Evrópska fyrirtækjavikan 2010

Stuðningur við nýsköpun á Íslandi

Kynningarfundur á Grand Hótel 26. maí kl. 08:45 - 12:00

Tíu frumkvöðlar og fulltrúar fyrirtækja í nýsköpun miðla af reynslu sinni og á annan tug aðila úr stuðningsumhverfi nýsköpunar á Íslandi kynna þjónustu sína á kynningarfundi 26. maí. Markmið kynningarinnar er að veita heildaryfirsýn og skapa umræðu um stuðning við nýsköpun á Íslandi.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rannís, Samtök iðnaðarins og Útflutningsráð ásamt Hátækni- og sprotavettvangi standa að fundinum í tilefni af evrópsku fyrirtækjavikunni SME Week 2010 sem haldin er hátíðleg um alla Evrópu dagana 25. maí - 1. júní.

Dagskrá

**08:45 - 09:15 Kynningarbásar opnaðir**
**09:15 - 09:40 Stuðningur við nýsköpun á Íslandi**
**09:40 - 11:00 Málstofur: Reynsla frumkvöðla og fyrirtækja í nýsköpun**
**11:00 - 12:00 Eftirfarandi aðilar kynna þjónustu sína í básum:**
Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Útflutningsráð, Rannís, Samtök iðnaðarins, Innovit, Klak - nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Frumtak, Einkaleyfastofa, Kauphöllin, Hönnunarmiðstöð, Byggðastofnun, Vinnumálastofnun og Matís

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á vef Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, **www.nmi.is**

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
rannís
SI
enterprise europe network
Hátækni- og sprotavettvangur
ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS

**Auglýsingasími**
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...



0 kr. mínútan úr heimasíma í heimasíma*
Nú geturðu blaðrað eins og þú vilt.

Hringdu í
800 7000
til að panta heimasíma

*Einungis er greitt upphafsgjald, 6 kr. af hverju símtali. Mán.verð 1.765 kr.

Það er **Síminn**



**ÚR DJÚPUNUM** Megas segir lög sín koma úr djúpunum og þræða rænuna og lógíska hugsun. Hann semur oftast í kollinum og skrifar lögin fullbúin á blað. Hann leikur á tónleikum Listahátíðar annan í hvítasunnu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# *Eins og hver annar iðnaðarmaður*

**Megas** hefur verið iðinn undanfarin ár og gefið út fjölda hljómplatna. Hann leikur á tónleikum í Háskólabíói á annan í hvítasunnu en það er stærsta innlenda atriðið sem er í boði á Listahátíð í ár. Megas ræddi við *Kolbein Óttarsson Proppé* um tónleikana, tíundastökk og lögin sem koma úr djúpinu og eru honum vörn gegn krabbameini í hugsun en verða svo öðrum brúkshlutir.

Minn agent, Rúnar nokkur Birgisson, var að pæla í hljómleikum og einhvern veginn lágu saman leiðir þeirra, listahátíðarnefndar og hans. Þá kom á daginn að þeir höfðu áhuga á að hafa mig sem íslenskt akt á listahátíð og það varð að samkomulagi. Svo kom á daginn að prísar hafa stigið svo hrikalega á leigu á Laugardalshöllinni og öllu sem því við kemur, að það er eiginlega vonlaust fyrir aðra en innanhússíþróttamenn eða pólitíska flokka að vera þar. Ég tilheyri hvorugum flokknum og verð því í Háskólabíói annan í hvítasunnu.“

Megas hefur áður leikið í Háskólabíói, en þeir Bubbi og Hörður Torfa héldu þar alnæmistónleika árið 1988. Hann segir fáa hafa sótt þá, enda hafi menn óttast að smitast af alnæmi á tónleikunum. Þeir komu síðar út á myndbandi, en það gekk þó ekki þrautalaust.

„Upplagið sem kom á markaðinn reyndist ýmist með okkur í mynd, en hljóð frá einhverri amerískri glæpafilmu, eða með hljóðið frá okkur undir sömu glæpamynd. Einhver þriðjungur af upplaginu var með þetta komplett.“

## Kvartett verður kvintett

Tónleikarnir í kvöld verða margskiptir. Megas hefur leik með rokkbandi, síðan verður hann órafmagnaður, eða því sem næst, þá kemur kór ættaður austan úr sveitum á svið með Megasi. Að hléi loknu leikur strengjakvintett undir með honum, þá tekur hann nokkur órafmögnuð lög á ný og keyrir svo upp kraftinn með rokkinu að lokum.

Megas segir að hann hafi ákveðið að færa sum laganna í hátíðarbúning í tilefni Listahátíðarinnar og þannig sé strengjakvintettinn til kominn.

„Ég ákvað að hafa þetta í seilingarfjarlægð. Rúnar kom fram með það að það væru hægust heimatökin að nýta son minn, Þórð, sem er, andstætt mér, menntað tónskáld. Eiginkona hans er Bryndís Halla þannig að það voru hægust heimatökin að fá hjá honum útsetningar og hún sankaði að sér fiðlumeisturum. Upphaflega var þetta kvartett en úr þessu varð kvintett, bassanum var bætt við.“

Hvað kórinn varðar er þetta sá sami og Megas söng með í Skálholti fyrir um tíu árum. „Ég kalla þetta alltaf barnakór, vegna þess að þetta var barnakór þegar ég byrjaði að syngja með honum í Skálholti, en það eru liðin um það bil tíu ár síðan þannig að þetta eru engin börn lengur. En það er sama yndislega sándið.

Hilmar Örn Agnarson stýrir og ég bað þau að hjálpa mér með þriðja hlutann. Ég verð ekki í stórri rullu en ég syng nú með hópnum. Tónarnir voru svo fallegir frá stúlkunum að ég vildi trítla sem léttast um því þetta naut sín svo vel.“

## Herra Áni Maðkur

Árið 1978 gaf Megas út barnaplötuna Nú er ég klæddur og kominn á ról. Hann segir hugmyndina hafa komið frá Páli Baldvini Baldvinssyni, sem hafi ráðlagt honum að gera eitthvað „karríervænt“.

„Ég tók mig til að lagði drögin að þessari Ódysseifskviðu um daginn hjá barni. Ég studdist við það sem ég upplifði sjálfur og svo hafði ég tvær litlar telpur mér til ráðgjafar um hvað væri enn þá aktúelt. Ég felldi út það sem var komið endanlega út, en bætti við öðru. Ég þekkti til dæmis Ugla sat á kvisti, en hafði ekki þekkingu á því, sem ég lærði í gegnum þessar stelpur, að það endaði með Flintstone og frú á Freyjugötu þrjú. Ég bætti því náttúrulega við til að uppdatera.“

Í vor tók Megas síðan þátt í listahátíð barna í Listasafni Íslands. Börnin fengu það verkefni að hanna hýbýli hinna ýmsu dýra og varð úr mikið þéttbýli hvar steypireiður og kanína bjuggu hlið við hlið. Megas samdi síðan lög sem flutt voru á hátíðinni.

„Ég var fenginn til að vera svona vox animale, að túlka hugmyndir dýranna. Ég hreifst mjög mikið af þessu, að vera svolítið frjáls með dýrin, svo ég útbjó maðkkríuna, sem er bæði kría og ánamaðkur. Ég gerði lag um hana út frá hennar sjónarmiðum. Svo er til kvæðið Heiðlóan eftir Jónas Hallgrímsson, sem endar nú heldur illa, alla étið hafði þá, hrafn fyrir hálfri stundu. Ég bjó því til haflóuna. Haflóan lifir yfir sjávarhveli jarðar og þar gerir hún sér hreiður í skýjunum og þar er enginn hrafn til að angra hana.“

Til að ná til barnanna gerði Megas persónur úr dýrunum. Til dæmis söng hann um Herra Ána Maðk og frú Ánu og lagði áherslu á að það væru grimm öfl í veröldinni sem tækju þessi þarfadýr og notuðu til annarra nytja en upphaflega stóð til.

„Hilmar Örn Hilmarsson gerði sándskeip á bak við músík frá mér. Hann var að tala um að hann þyrfti að bæta sitt karma varðandi ánamaðka, því hann hefði verið svo mikið í að tína þá og selja veiðimönnum. Hann hafði vont karma og ætlaði að bæta fyrir með því að lýsa því nærgætið hvað ánamaðkurinn heyrði og því sem hann skynjaði þegar hann var að skríða um.“

Lögin urðu sjö og Megas segir að mögulega komi þau út á hljómplötu, ásamt einþáttungum og fleiru sem í boði var á hátíðinni.

## Vakna ekki alltaf átta

Megas hefur verið mjög virkur undanfarin ár og því liggur beint við að spyrja hvort hann sé alltaf að semja.

„Ég vakna nú ekki alltaf átta á morgnana og vinn til tólf á miðnætti, en það er alltaf eitthvað að gerast í kollinum. Þetta er bara lífsstíll til að lifa af, til að forðast krabbamein sem menn fá í hugsunina. Þá losnar maður við böggið með því að gera texta eða lag. Svo verður að hafa í huga að láta grasið ekki gróa of hátt undir iljunum á sér.“

Mögulega kemur út plata í sumar, en Megas vill lítið um hana tala. Nokkrar hugmyndir séu til að lögum en menn eigi eftir að fara í eigin þrælkunarbúðir og ljúka þeim. En semur hann þannig með hljómsveitinni eða sækir hann í lagabanka?

„Oftast er ég með lagabanka, en oft eru í þeim banka lög sem ég hef ekki nennt að fullgera. Það er kannski einhver hugmynd sem ég er ekki búinn að útfæra til hlítar og þegar ég tek hana með mér í stúdíó þá set ég á mig pressu. Það er gjarnan þannig að þá fullgerast lögin sem hafa legið fyrir í grófri mynd í bankanum. Bankinn hýsir bæði fullgerða hluti og eitthvað sem við myndum kalla ófullgerða hluti.

Svo eru í þessum banka lög sem eru samin kannski fyrir löngu síðan og ekki þykja boðleg. Svo tek ég þau kannski upp einhverjum árum seinna og þá allt í einu smellur allt saman. Það er eins og þá hafi lögin gerjast og eru tilbúin nokkrum árum seinna, hafa unnið sér þegnrétt og eru nothæf. Þannig var með nokkur lög á píanóplötu okkar Jóns Ólafssonar. Þar voru lög sem ég hafði alveg stimplað út af. Ég var búinn að klára þau, hver nóta var á sínum stað og hvert atkvæði, en mér fannst það bara ekki ganga upp. Svo líða ár og ég kíki á þetta aftur og þá allt í einu hefur eitthvað gerst.“

## Ekkert færari iðnaðarmaður

Fyrsta lagið sem Megas samdi var Gamli sorrí Gráni, en þá var hann rétt skriðinn á annan tuginn í aldri. Gráni á sér fyrirmynd. Í Öskjuhlíð var gamall jálkur í skúr og þeir félagarnir léku sér að því að ríma um hann.

> Þetta er bara lífsstíll til að lifa af, til að forðast krabbamein sem menn fá í hugsunina. Þá losnar maður við böggið með því að gera texta eða lag.

Megas fór síðan heim og raðaði því besta í texta „og gerði svo voðalega tregafulla ballöðu við og það eignaðist sitt líf og lifir enn. Það verður tekið með kvintettinum í mjög góðri marcia funebre, eða grave funebre. Þetta verður jarðarfararmars à la marsinn hans Chopin.“

Á dögunum hitti Megas mann sem man vel eftir hrossinu í Öskjuhlíð. „Það var um tíma í einhverju tilteknu hrörlegu húsi sem nú er löngu rifið. Þar var hestur sem mátti trúlega kalla Grána, hann var þannig á litinn, og var greinilega mjög úr heimi hallur. Mér þóknast að fá þarna vitni. Dýrið átti sér þá eftir allt saman jarðneska tilvist einhvern tímann í kringum 1956.“

*Er einhver þráður í því sem þú hefur samið?*

„Nei, ekki prógressífur þráður endilega. Mér sýnist ég ekki hafa neitt, jú kannski að einhverju svolitlu leyti en ekki í neinum stórkostlegum atriðum, orðið neitt færari iðnaðarmaður. Þess vegna geta lög sem ég samdi þegar ég var ellefu ára alveg eins gengið með lögum sem ég samdi þegar ég var fertugur.“

## Nota sniðugt trix ef ég finn það

Megas segist sækja sér innblástur víða og hann hikar ekki við að nappa sniðugum hlutum komi hann auga á þá.

„Fortíðin og framtíðin hafa náttúrulega fullt af hlutum sem geta inspírerað mann, sama úr hvaða geira tónlistarinnar það kemur. Stravinskí var nú fljótur að ná sér í negrataktinn og blús og því um líkt og taka með sér til Evrópu. Í þessum vandræðum sem nýrómantíkin átti þegar hún gat ekki þróast öðruvísi en að stækka hljómsveitirnar, þá fór hann aftur til baka um 600 ár og fór að fikta við stef úr gamalli rússneskri músík. Þaðan kom hann með sína útgáfu af nútímamúsík; tónalítet, það er að segja þegar tvær tóntegundir eru í gangi samtímis og póliryþmík, að breyta ört um takt. Þetta var byggt á ævafornri músík.

*Leitar þú í eitthvað þegar þú semur?*

Ég held ég hafi verið þannig í gegnum tíðina að ef ég sé sniðugt trix þá nota ég það, sama hvar ég finn það. Sniðugt trix er alltaf sniðugt trix. Ef maður er nógu klókur til að sjá sniðugt trix í fortíðinni þá er alveg eins víst að maður sjái fyrir sér sniðugt trix í framtíðinni.

*En nútíðin, hlustarðu mikið á nýja tónlist?*

Já, já. Þegar maður hefur nú einhverja áratugi lagt að baki þá sér maður hvað hlutirnir eru mikið oft að endurtaka sig í mismunandi versjónum. Þegar rappið fór að gera sig gildandi þá rifjaðist upp fyrir manni Subterranean Homesick Blues með Dylan. Það virðast koma byltingarkenndar breytingar en þegar skoðað er inn í kjarnann, þá er manneskjan alltaf búin til úr sama efninu. Það hefur ekkert breyst.”

## Óbrenglað úr djúpunum

*Semurðu á gítar eða píanó?*

Ég er nú ekki með neitt píanó hér. Ég sem yfirleitt í kollinum og síðan lagfæri ég það kannski í píanói eða strömma á gítar. Ég er þá venjulega með hugmyndir um strúktúr í kollinum og skrifa jafnvel lagið heilt upp. Síðan geri ég á því breytingar í samræmi við ytri veruleika. Kollurinn er kannski of lítið formúlukenndur, það verður að tengja þetta raunveruleikanum. Ég hef nú lent í því að skrifa melódíu alveg og prófa hana ekki einu sinni, heldur setja hana beint í munninn á söngkonu með gríðarlega vondum tónbilum og erfiðum stökkum.

Og djúpin eru, jafnvel þó þau þræði rænuna og lógíska hugsun, þá getur komið út úr því eitthvað mjög skemmtilegt. Eins og Guðmundur Pétursson sagði: Þegar maður spilar á hljómleikum þá verður maður að vera rænulaus til þess að það komi óbrenglað úr djúpunum sem þaðan vill koma.“

*Lög Megasar bera það mörg með sér að legið hafi verið yfir hljómastrúktúr og tónbilum. Gerir hann það alltaf?*

„Jú, jú, ég er bara eins og hver annar iðnaðarmaður í þessari grein. Maður er að gera einhverja hluti sem er erfitt að gera, við skulum segja eins og tíundarstökk – að stökkva upp um tíund, eða niður um tíund – sem maður skyldi halda að væri óþarft því tónninn sem maður fer á er á milli. En að stökkva svona langt niður, það er svolítið sjaldgæft.

Og ef maður hugsar eins og iðnaðarmaður: „Helvíti var þetta vel fellt hjá mér.“ Síðan þegar neytandinn tekur við því, þá er þetta bara einhver brúkshlutur.

Og þegar þessi læknismeðöl min gegn æxli í hugsun geta orðið einhverjum að gagni, geta orðið brúkshlutur, þá er náttúrulega tilgangin um náð. Þá er ég að gera eitthvað fyrir sjálfan mig sem gengur líka upp fyrir aðra.“


Median – rafræn miðlun hf. í söluferli

Drómi hf. og Miðengi hf. hafa falið Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka að annast ferli sem lýtur að mögulegri sölu á samtals 69,27% hlut þeirra í Median – rafræn miðlun hf.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka í síma 440 4000 eða á tölvupóstfanginu median2010@islandsbanki.is fyrir föstudaginn 4. júní.

median

Íslandsbanki






GJÓSANDI SUMARTILBOÐ

1000 krónur í Bláa Lónið

Vegna fjölda áskorana endurtökum við Gjósandi sumartilboð.
Aðgangur í Bláa Lónið á 1000 krónur dagana 22.-31.maí.
Frítt fyrir börn 13 ára og yngri.









Gjósandi tilboð í Bláa Lóninu

15% afsláttur af Blue Lagoon húðvörum

15% afsláttur af snyrtimeðferðum – Nýjung

Hamborgari og stór bjór 1950 krónur

Hádegisverðar hlaðborð á LAVA 2900 krónur

Fordrykkur í boði hússins þegar pantað er af matseðli LAVA*

*Gildir ekki með öðrum tilboðum

Condé Nast Traveller
2009
READERS' SPA AWARDS
WINNER
MEDICAL/THERMAL SPA/NATURAL SPA
BLUE LAGOON
ICELAND

www.bluelagoon.is

Aðgangur
1000 krónur
í Bláa Lónið

Gildir gegn framvísun miðans
dagana 22.–31. maí 2010
Gildir ekki með öðrum tilboðum

Lykill 1561


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPIÐ Í DAG LAUGARDAG FRÁ KL.10-18
HOLLENSK PARIKA RAUÐ, GUL & GRÆN 489 KR.KG.
VERÐ ÁÐUR: 693 KR.KG.
MEÐAL BANANI ER U.Þ.B.. 225G EÐA 59 KR.STK.
NÝ UPPSKERA AF RAUÐUM EPLUM FRÁ ARGENTÍNU
BANANAR OG RAUÐ EPLI: 259 KR.KG.
98 KR. 500g
DANSKE GULERØDDER
DANSKAR GULRÆTUR 500g
ORANGE GULD FRA DEN JYSKE MULD
198 KR. STK
KEXSMIÐJU-HAFRAKEX 220g
198 KR. STK
ÍSLANDSKEX M.SÚKKULAÐI 250g
25% AFSLÁTTUR
OS GOUDA OSTUR MILDUR 26%
Nú með 25% afslætti
972 KR.KG
Merkt verð 1296 kr.kg.
495 KR. 500g
MERRILD KAFFI 500g
BÓNUS KORNBRAUÐ 1.KG DUGAR Í 13 SAMLOKUR U.Þ.B. 15 KR. SAMLOKAN
195 KR. STK
159 KR.500g
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500g
298 KR.15 STK
BÓNUS KLEINUR 15 STK
59 KR. FERNAN
MS G-MJÓLK 250ml
500 ML 78 KR. DÓSIN
2 LTR. 179 KR. FLASKAN
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# LOKAÐ Á MORGUN HVÍTASUNNUDAG




598 KR. KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR




1598 KR. KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR




459 KR. 960g
HOLTA ELDAÐIR KJÚKLINGAVÆNGIR
*BBQ OG BUFFALÓVÆNGIR - ÞARF AÐEINS AÐ HITA*




1598 KR.KG
ÍSLANDSLAMB GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG **20% AFSLÁTTUR**




1998 KR.KG
ÍSLANDSLAMB GRILL MIÐ-LÆRISSNEIÐAR



2998 KR.KG
HOLLENSKAR FROSNAR NAUTALUNDIR



2698 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBAFILLET




Sérskorið ferskt lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er **meira kjöt á lærinu** og minna bein !

1398 KR.KG
ÍSLANDSLAMB FERSKT LAMBALÆRI M.KRYDDJURTUM
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. **30% AFSLÁTTUR**




1398 KR.KG
KJARNAFÆÐI FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB
MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
**30% AFSLÁTTUR**




398 KR. FL
CAJ-P ORGINAL BBQ OLÍA 500ml

## K.S FROSNAR LAMBA-SIRLOIN SNEIÐAR



998 KR.KG




898 KR. KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



1398 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**AFGREIÐSLUTÍMI**
**LAUGARD: 10-18**

# Grín er dauðans alvara

**Besti flokkurinn hefur komið eins og stormsveipur inn í íslensk stjórnmál. Þótt einhver áhöld séu um hvort grín eða alvara sé á ferðinni leiðir framboðið hugann ósjálfrátt að þeim framboðum sem rutt hafa brautina hvað grínið varðar. *Kolbeinn Óttarsson Proppé* leit um öxl og komst að því að síðan Framboðsflokkurinn kom fram virðist sem grínframboð komi fram á um það bil tíu ára fresti.**

Mörgum er kosningarétturinn heilagur og hátíðleg stund að fara í kjörklefann. Sérstaklega átti það við fyrr á tíð, en hátíðleikinn er fráleitt horfinn. Kjörsókn hefur alltaf verið mikil hér á landi og hafa margir tengt það sjálfstæðisbaráttunni; þjóðin hafi verið svo stolt yfir nýfengnum réttindum að hún hélt þau mjög í heiðri. Hver sem ástæðan er voru stjórnmál og kosningar alvörumál.

Raunar má segja að það hafi ekki verið fyrr en samfélagsgerðin fór að riðlast almennt að slíkir vindar blésu um stjórnmálin einnig. Frelsishugmyndir sjöunda áratugarins náðu inn í stjórnmálabaráttuna og 68-kynslóðin margumrædda vildi öðruvísi stjórnmál. Það braust út í Framboðsflokknum sem bauð fram í kosningunum 1971. Flokkurinn sló algerlega nýja tón í stjórnmálaumræðu þess tíma. Forystumenn hans gerðu óspart grín að öðrum flokkum og sneru út úr tilsvörum leiðtoga þeirra. Það þótti enn meiri nýlunda þar sem formlegheit réðu öllu í stjórnmálum þess tíma. Stjórnmálaumræður einkenndust af miðaldra körlum í jakkafötum, jafnvel með hatta, sem reyktu vindla og þéruðu hver annan. Það að vera með spaug og spé í slíkum umræðum var óþekkt.

### Tvö árið 1979

Framboðsflokkurinn, eða O-flokkurinn, gat ekki af sér fjöldann allan af afkvæmum. Forsvarsmenn hans vilja þó meina í dag að flokkurinn hafi brotið blað í stjórnmálasögunni með því að draga úr hátíðleikanum. Hvort það er rétt, eða hvort úr hátíðleika stjórnmálanna dró í takt við annað í samfélaginu, skal ósagt látið.

Árið 1979 fetuðu ungir menn hins vegar í fótspor O-flokksins, en það ár var hægt að velja á milli tveggja grínframboða. Hinn flokkurinn barst fyrir því að íslenski hesturinn yrði færður heim og bændur fengju rétt til þess að rækta gras. Útþenslustefnu Færeyinga var einnig harðlega mótmælt. Valið var á milli frambjóðenda í vítaspyrnukeppni.

Helgi Friðjónsson var einn af þeim sem voru í forsvari fyrir flokkinn og í samtali við Fréttablaðið árið 2006 sagði hann menn hafa viljað hrista upp í hlutunum.

„Þetta var mjög gaman því Sjónvarpið þurfti að úthluta okkur tíma, sem þeir gerðu ekki fyrr en við fórum í hart. Þeir vildu meina að við værum ekki alvöru framboð. Í útsendingunni gáfum við Steingrími Hermannssyni 25 kerta ljósaperu í þeirri von að það myndi kvikna á henni og Sjálfstæðisflokkurinn notaði slagorðið „leiftursókn“, svo ég gaf Geir Hallgrímssyni hjálm með nefhlíf. Nefhlífina hafði ég jafn stóra hjálminum sjálfum.“

Slagorð flokksins var: Ekki kjósa okkur, kjósið hinn flokkinn.

Sama ár kviknaði hugmynd hjá nokkrum menntskælingum í Hamrahlíð sem varð, með viðkomu hjá fleirum, að Sólskinsflokknum með höfuðstöðvar í Kópavogi. Stefnumál flokksins gegnu út á að bæta hag þjóðarinnar með betra veðurfari. Lausnin á verðbólguvandanum, sem var töluverður á þessum árum, skyldi verða að leyfa henni að fara í 100 prósent og skera svo tvö núll aftan af, líkt og gert hafði verið við krónuna.

> Öfgasinnaðir jafnaðarmenn eru tilbúnir, að uppfylltum þessum skilyrðum, að vinna með hvaða stjórnmálamönnum sem er, nema Halldóri Blöndal.




**GRÍN GETUR VERIÐ ALVARA** Grín hefur verið notað til ádeilu um aldir. Hirðfífl gátu sagt konungum það sem aðrir gátu ekki og trúðar benda oft á það sem aðrir ekki segja. Þessi mótmælandi í Þýskalandi nýtti sér trúðsgervið árið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Valgarður Guðjónsson, síðar söngvari Fræbbblanna, var einn af forkólfum flokksins. Í sama viðtali við Fréttablaðið árið 2006 sagði hann hápunktinn líklega hafa verið myndskeið þar sem líkt var eftir atriði úr sjónvarpsþætti með Nixon, hvar hann gekk með hund niðri á strönd til að mýkja almenningsálitið.

„Við reyndum að semja við köttinn minn um að vera með Stefáni Karli Guðjónssyni, sem var oddviti listans, í myndatöku niðri við Skítalækinn í Kópavogi. Við náðum myndinni á endanum en hún náði sem sagt jafn lítilli samúð með Stebba eins og Nixon hafði fengið úr sínum æfingum.“

### Gróska í sveitarstjórnum

Sveitarstjórnarkosningar eru frjórri vettvangur fyrir grínframboð en kosningar til Alþingis. Nokkur slík hafa komið fram á undanförnum árum.

Árið 1998 tóku ungir drengir í Hafnarfirði sig til og buðu fram Tónlistann. Meðal stefnumála var að reisa risastóra styttu af Kristjáni Arasyni og að fá háhyrninginn Keikó í Hafnarfjörð. Tónlistinn hlaut ekki brautargengi.

Tveimur árum áður hafði listi menntaskólanema á Ísafirði náð þeim einstaka árangri að fá tvo menn kjörna í bæjarstjórn. Listinn fékk 18,2 prósent atkvæða og litlu munaði að hann yrði stærsti flokkurinn, en næststærstur varð hann.

Árið 1998 léku ungir Austfirðingar sama leik og buðu fram Biðlistann í kosningum í Fjarðabyggð og Helgi Seljan náði inn í bæjarstjórn.

Þá er rétt að nefna að listamaðurinn Snorri Ásmundsson stóð fyrir framboðinu Vinstri hægri snú árið 2004.

Það hefur stundum vafist fyrir framboðum hvort um grín eða alvöru er að ræða. Það sést best á Besta flokknum, umræðan um grín eða ekki hefur skotið upp kollinum á ný.

## SKINHELGI, MANNHELGI, LANDHELGI!

Framboðsflokkurinn hristi rækilega upp í stjórnmálunum árið 1971. Tilgangurinn var ekki síst að draga dár að innantómum slagorðum annarra flokka og kjörorðið hans bar keim af því: Skinhelgi, mannhelgi, landhelgi! Kosningaskrifstofa flokksins var í pósthólfi og heppinn miðaeigandi í kosningahappdrætti hans hlaut gamalt reiðhjól í fyrsta vinning.

### Skjálfandi flokkar

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, var einn af forsvarsmönnum flokksins. Í samtali við Fréttablaðið árið 2006 sagði hún framboðið hafa verið ádeilu á aðra flokka og þeir hafi verið mjög skjálfandi yfir því.



**ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR**

„Við hittust á kaffihúsum og líka í Norræna húsinu. Þar var setið yfir því að semja stefnuskrá og semja ræður fyrir framboðsfundi. Eitt málið hjá okkur var að hafa hringveg í hverju kjördæmi af því að það minnti á listabókstafinn okkar O en þá voru hinir flokkarnir með á stefnuskrá sinni að ljúka við hringveginn. Ég var í þriðja sæti eða kvennasætinu af því að þá komust engar konur hærra á lista hjá gömlu flokkunum.

Margir kynntust vel í þessu starfi og þetta var mjög gaman. Ég kynntist manninum mínum til dæmis.

Gömlu flokkarnir voru alveg skjálfandi því þeir vissu ekkert hvað var þarna á ferðinni. Þetta var alltaf mjög alvöruþrungið hjá okkur þó við værum að gera grín. Þeir hringdu meira að segja og báðu okkur að koma í gömlu flokkana.

Í sjónvarpinu voru allir svo hræddir um að við myndum syngja en í staðinn fórum við með þulu sem endaði svona: „Þó þjóðarskútan sé næstum sokkin, það bjargast er kýstu Framboðsflokkinn.“

### Hræðsla við árangur

Þetta var fyrir daga skoðanakannana og þegar nær dró kosningum urðu margir flokksmenn logandi hræddir um að framboðinu mundi ganga of vel. Sumir fóru reyndar að máta sig við þingmanninn, en það vill oft henda grínframboð að alvaran tekur yfir ef hyllir í árangur.

Svo rammt kvað að óttanum að síðustu dagana hvöttu margir flokksmenn félaga til að kjósa sig alls ekki. Á kjördag kusu þeir margir hverjir ekki flokkinn, til þess að draga úr líkum á góðu gengi hans.



**LEIÐTOGINN** Gunnlaugur Ástgeirsson skipaði efsta sæti O-listans. Merki flokksins var einfalt, hringur myndaður með þumli og vísifingri.

## VATNSRENNIBRAUT YFIR FAXAFLÓA TIL SNÆFELLSNESS



**FORINGINN** Guðmundur Brynjólfsson var leiðtogi Samtaka öfgasinnaðra jafnaðarmanna. Forsætisráðuneytið skyldi verða hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nokkuð mikið var lagt í framboð Öfgasinnaðra jafnaðarmanna árið 1971. Heljarmikil stefnuskrá var útbúin og í henni er að finna nokkuð pólitískan undirtón. Í forsvari flokksins var Guðmundur Brynjólfsson, nú rithöfundur. Flokksbókstafurinn var T. Nýstárleg baráttumál var vatnsrennibraut sem flokksmenn vildu að lögð yrði yfir Faxaflóa til Snæfellsness.

„Öfgasinnaðir jafnaðarmenn eru einir flokka tilbúnir til að leiða næstu ríkisstjórn íslenska lýðveldisins. Öfgasinnaðir jafnaðarmenn krefjast þess að fá í sinn hlut forsætisráðuneytið til handa Guðmundi Brynjólfssyni, utanríkisráðuneytið fyrir Nikulás Ægisson, fjármálaráðuneytið handa Bergi Ingólfssyni, umhverfisráðuneytið handa Pétri Gauta Valgeirssyni, menntamálaráðneytið fyrir Gest Pétursson og auk þess sjávarútvegsráðuneytið til handa Jóni Gauta Dagbjartssyni sjómanni. Öfgasinnaðir jafnaðarmenn eru tilbúnir, að uppfylltum þessum skilyrðum, að vinna með hvaða stjórnmálamönnum sem er, nema Halldóri Blöndal." Svo sagði Guðmundur í viðtali við DV skömmu fyrir kosningarnar.

Þegar stefnuskráin er skoðuð kemur ýmislegt í ljós. Flokkurinn vildi skattaívilnanir til handa öllum landsmönnum nema Reykvíkingum og skyldu skattleysismörk hækka í réttu hlutfalli við fjarlægð í beinni loftlínu frá aðalinngangi Verslunarskóla Íslands. Þá verði lagður á jólasveinaskattur, embættismannaskattur og slaufuskattur.

### Fast skotið

Nokkur föst skot eru í stefnuskránni:

„Allir þeir sem telja sig vera verkalýðsleiðtoga, en eru ekki og er þá átt við setta verkalýðsleiðtoga, skulu greiða sérstakan skatt sem nemi 10 prósentum af launum þeirra og hækki svo í réttu hlutfalli við kjararýrnun verkakvenna.

Öfgasinnaðir jafnaðarmenn vildu einnig stemma stigu við útbreiðslu vestfirskra stjórnmálamanna í Reykjaneskjördæmi og var því skoti beint að Steingrími Hermannssyni, sem þá bauð fram í kjördæminu, og líklega einnig Ísfirðingnum Ólafi Ragnari Grímssyni. Evrópumálin bar einnig á góma:

„Allri þátttöku í EB er algerlega hafnað."

Alþýðuflokkurinn og stuðningsmenn hans segi sig tafarlaust úr EB."

### Sættu gagnrýni

Kosningarnar 1991 voru um margt sérstakar í Reykjaneskjördæmi. Alls voru 11 listar í kjöri. Auk þeirra öfgasinnuðu voru það Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag, Framsóknarflokkurinn, Frjálslyndir, Grænt framboð, Heimastjórnarsamtökin, Kvennalistinn, Sjálfstæðisflokkurinn og Þjóðarflokkurinn – Flokkur mannsins.

Þessi fjöldi sprengdi öll kerfi og tölvurnar réðu ekki við svo mörg framboð, tíu var hámarkið. Gagnrýnin beindist helst að Öfgasinnum jafnaðarmönnum sem voru sakaðir um að hleypa kosningunum upp með þátttöku sinni. Önnur framboð fengu ekki slíkar ásakanir.

Samtök öfgasinnaðra jafnaðarmanna hlutu 459 atkvæði í kosningunum, eða 0,1 prósent. Það var þó töluvert meira en Verkamannaflokkurinn, sem hlaut 99 atkvæði.

## GRÍN EÐA ALVARA?



PÉTUR HOFFMANN SALÓMONSSON

Þó framboð Framboðsflokksins sé fyrsta grínframboðið má þó telja vísi að öðru framboði með í slíkri upptalningu. Raunar var það ekki grínframboð, að minnsta kosti var frambjóðandanum fúlasta alvara. Í eintölu já, því um var að ræða framboð til forseta.

Pétur Hoffmann Salómonsson batt bagga sína fráleitt sömu hnútum og samferðamenn sínir. Hann var sjómaður og kunn persóna í Reykjavík og reisti sér kofa í Selsvör, rétt við Ánanaust. Hann safnaði ýmsu dóti af ruslahaugunum, sem þá voru þar og við Eiðisgranda. Hann hélt gjarnan sýningar á dóti sínu, en haugana kallaði hann Gullströndina.

Pétur Hoffmann hugðist bjóða sig fram til forseta þegar fyrsta kjörtímabili Ásgeirs Ásgeirssonar lauk árið 1956. Undirskriftasöfnun var hafin og nokkrir gárungar tóku hana upp á sína arma og þóttust sjá fram á hina bestu skemmtun. Ekkert varð þó úr framboðinu og kenna sumir flensu sem hrjáði Pétur þar um. Pétur gaf síðar út smárit um kosningarnar, en hann taldi að samsæri gegn honum hefði komið í veg fyrir framboðið.


# Portoroz í Slóveníu

30. júní – 7. júlí
beint flug

# Perlur Slóveníu og Króatíu

Bled – Bohinj – Ljubljana – Otocec – Zagreb – Opatija

30. júní – 7. júlí
beint flug

Fararstjóri: Ólafur Gíslason



Portoroz er þekktasti og vinsælasti baðstrandabærinn í hinu litla, friðsæla og fagra landi Slóveníu. Bærinn liggur í skjóli skógi vaxinna hlíða við blátt Adríahafið og þar snýst flest um ferðaþjónustu og heilsurækt og öll aðstaða er til fyrirmyndar. Dvalið er á Hótel Slovenija sem er gott 4 stjörnu hóteli á besta stað við aðalgötuna í Portoroz. Í boði verða kynnisferðir og siglingar, m.a. til hins einstaklega fallega smábæjar Piran, til höfuðborgarinnar Lubljana, Feneyja og Bled vatnsins sem er einstök náttúruperla.

Netverð á mann
kr. 164.900
á mann í tvíbýli. Aukalega m.v. gistingu í einbýli kr. 46.100. **Innifalið:** Flug, skattar, gisting á góðu 4* hóteli í 7 nætur með hálfu fæði. Akstur á milli áfangastaða og íslensk fararstjórn.



Dásamleg vikuferð þar sem farþegar sjá og kynnast völdum perlum Slóveníu og Króatíu. Þar eru stórkostlegar náttúruperlur og ótrúleg náttúrufegurð, fagrar strendur við tæran sjó og heillandi menning. Gist í góðum 4* hótelum með hálfu fæði. Einstaklega þægileg og spennandi ferð um heillandi svæði.

Netverð á mann
kr. 229.900
á mann í tvíbýli. Aukalega m.v. gistingu í einbýli kr. 28.000. **Innifalið:** Flug, skattar, gisting á góðu 4* hóteli í 7 nætur með hálfu fæði. Akstur á milli áfangastaða og íslensk fararstjórn.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is




# Framtíðin er Gogoyoko

Sprotafyrirtækið **Gogoyoko** er dæmi um blómstrandi íslenskt hugvit en fyrirtækið er vettvangur fyrir tónlistarfólk til að selja tónlist sína og koma sér á framfæri á netinu. Í dag opnar fyrirtækið nýja og glæsilega tónlistarbúð þar sem tónlistarmenn fá allar tekjur sjálfir af verkum sínum. *Anna Margrét Björnsson* fékk sér kaffibolla með þeim Pétri Einarssyni og Kristjáni Gunnarssyni og fékk að heyra meira.

Það eina sem virðist erfitt að koma inn hjá fólki er það að þetta er frítt," segir Kristján Gunnarsson, markaðsstjóri Gogoyoko, um leið og hann kemur með rjúkandi heitt espresso. Þeir Pétur Einarsson sitja á líflegri og opinni skrifstofu í Mörkinni þar sem fyrirtækið á sér aðsetur. Málverk eftir Hafstein Mikael Guðmundsson, málara og listrænan stjórnanda Gogoyoko, prýða veggina og í eldhúsinu er meira að segja að finna „fussball" spil. Augljóst er að sköpun og vinnugleði er í fyrirrúmi hjá þessu framsækna fyrirtæki sem var stofnað í lok örlagaársins 2007 af tónlistarmönnunum Hauki Magnússyni og Pétri Einarssyni. Tilgangur þeirra félaga var að búa til nýjan vettvang fyrir tónlistarmenn til að koma tónlist sinni á framfæri á alþjóðavettvangi en að hafa jafnframt tekjur af verkum sínum sem hefur reynst fólki innan geirans þrautaganga.

„Munurinn á Gogoyoko og öðrum miðlum eins og til dæmis tónlist.is er sá að það kostar ekkert að hlusta," útskýrir Kristján. „Það er hægt að hlusta á alla tónlistina sem er inni á gogoyoko endalaust og algerlega frítt. Þarna eru ekki bútar af lögum heldur heil lög og heilar plötur til að hlusta á án endurgjalds." Pétur bætir við að fólk sé stundum tortryggið vegna þess hve mikið af ólöglegum slíkum þjónustum eru á netinu. „Það verður þó að hafa hugfast að það eru um 400 löglegar tónlistarveitur á netinu. Það eru auglýsendur okkar sem greiða fyrir það að fólk getur hlustað á tónlist ókeypis á Gogoyoko, alveg eins og auglýsendur greiða fyrir efnið í Fréttablaðinu. Þú þarft ekki að borga neina áskrift hjá okkur eins og hjá mörgum öðrum miðlum til að fá þessa þjónustu." Tónlistarfólk þarf sjálft ekki að borga neitt fyrir að setja tónlist sína inn á Gogoyoko né tekur Gogoyoko hluta af sölu ágóða þeirra. „Allur ágóði af tónlistinni sem þeir selja hjá okkur fer til þeirra beint," segir Kristján. „Það er bara ekki sanngjarnt að taka hluta af ágóðanum ef það er tónlistarmaðurinn sem vinnur alla vinnuna, eini kostnaðurinn fyrir tónlistarfólk er smástund til að búa til sinn eigin „prófíl" og hlaða tónlistinni sinni inn. Við leggjum mikið upp úr samstarfi við góðgerðarstarfsemi og ef tónlistarmenn vilja gefa hluta af tekjum sínum til samtaka sem við erum í samstarfi við, eins og til dæmis Unicef, þá geta þeir það, en þeir þurfa þess alls ekki."

### Ný tónlistarbúð opnuð

„Auk ókeypis tónlistarstreymis á Gogoyoko er svo tónlistarbúð þar sem þú getur keypt þér allt þetta gífurlega úrval af tónlist að vild. Þú borgar fyrir tónlistina ef þú vilt verðlauna listamanninn fyrir góða upplifun og vilt eiga hana í tölvunni, setja hana í símann eða á MP3-spilarann," segir Kristján. Stóru fréttirnar eru einmitt þær að nú um helgina verður opnuð splunkuný tónlistarbúð á netinu í stað þeirrar sem verið hefur uppi undanfarið ár. „Búðin sem við vorum með í gangi var dálítið eins og vöruskemma eða vörulisti en nú er sumsé komin upp alvöru búð. Í upphafi lögðum við höfuðáherslu á að gera skráningarferli og upplifun tónlistarmannanna sjálfra sem besta. Því hefur upplifun notenda sem eru að leita sér að tónlist á Gogoyoko ekki verið megináhersla í þróun vefsins fyrr en nú. Á Gogoyoko geta sumsé tónlistarunnendur nú fengið sömu upplifun og í góðri tónlistarverslun." Pétur bætir við að að þetta sé í raun mjög lógísk framgangsröðun. „Við viljum að fólk læri að elska gogoyoko vegna tónlistarinnar sem þar er að finna, fyrst og fremst. Því vildum við tryggja að sem flestir tónlistarmenn myndu vilja setja tónlistina sína inn hjá okkur með því að gera vel við þá í byrjun. Ef við fáum ekki tónlistina inn þá kemur fólk auðvitað ekki inn á síðuna okkar." En hver er megin breytingin á tónlistarbúðinni? „Breytingin fyrir notendur er fyrst og fremst sú að þarna er komin búðarupplifun. Við erum með gríðarlega öfluga leit og sérstök kynningarsvæði fyrir hvern geira tónlistar," útskýrir Kristján. „Til dæmis er kominn búðarfrontur fyrir djass, fyrir klassíska tónlist, popptónlist, rokk og svo framvegis. Við erum með yfir tuttugu ólíka geira og innan hvers geira er svo vinsældalisti þar sem hlustendur geta skoðað hvað er vinsælast hverju sinni. Svo erum við að kynna tónlist sem er á góðu eða lækkuðu verði, og önnur nýjung er það sem við köllum „Golden Oldies" þar sem þú finnur gamla tónlist sem er allt frá djassi upp í Elvis Presley og jafnvel Cliff Richard."



**VILJUM AÐ FÓLK LÆRI AÐ ELSKA GOGOYOKO VEGNA TÓNLISTARINNAR SEM ÞAR ER AÐ FINNA** Pétur Einarsson, Kristján Gunnarsson og Helgi Már Bjarnason hjá fyrirtækinu Gogoyoko. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Allt gert fyrir upplifun notenda



- Hver tónlistarstefna fær sitt heimasvæði.
- Plötuútgáfur fá sérsíður fyrir sína útgáfur.
- Leitin verður betrumbætt svo um munar og verður gríðarlega öflug.
- Auglýsingasala hefst með tilkomu nýju búðarinnar.

### Lögðum mikið í undirbúninginn

Annar skemmtilegur kostur fyrir tónlistarfólk er að það getur valið markhóp sinn eftir löndum. „Hver tónlistarmaður getur ákveðið hvert hann vill beina sjónum sínum og hvar hann vill selja tónlistina sína. Þetta er liður í því prinsippi okkar að veita tónlistarfólki fullkomna stjórn." Önnur nýjung er einnig að hægt er að leita eftir plötufyrirtækjum og plötufyrirtæki verða með eigin síður innan Gogoyoko þeim að kostnaðarlausu. „Fólk elskar líka tónlist sem er gefin út af plötufyrirtækjum, við viljum líka gera vel við þau og hafa tónlist frá hefðbundnum útgáfum þarna inni." Gogoyoko er nú opið notendum í öllum norrænu löndunum: Íslandi, Grænlandi, Finnlandi, Færeyjum, Noregi, Svíþjóð og Danmörku en í haust stefnir fyrirtækið á frekari sókn og opnar fyrir notendum í Bretlandi og Kanada hinn fyrsta september. „Ástæða þess að við opnum þetta hægt og sígandi er sú að við viljum gera hlutina vel og vandlega frá byrjun og leggja mikið í undirbúninginn." Markaðurinn er harður en liðsmenn Gogoyoko eru bjartsýnir. „Við höfum fulla trú á því sem við erum að gera og erum fyrirtæki með prinsippin í lagi. Fólk er alltaf að velta fyrir sér hver framtíð tónlistar verður með tilkomu netsins. Svarið okkar er að framtíðin er Gogoyoko."

## ➜ LISTAMENN UM GOGOYOKO:

### Gogoyoko færir saman skapandi fólk

„Ég setti saman verkefnið The Flaming Banshees með skoskum vini mínum Ian fyrir nokkrum árum síðan í Þýskalandi," segir tónlistarmaðurinn Duncan McKnight sem einnig er þekktur sem söngvari hljómsveitarinnar The Virgin Tongues. Duncan, sem hefur verið búsettur hér á landi eftir að hafa orðið fyrir alvarlegu slysi rétt fyrir tónleika sveitarinnar í fyrravor segist hafa kynnst fólki innan fyrirtækisins sem hafi verið honum einstaklega hjálplegt. „Þeim fannst tónlistin mín nógu góð til að hjálpa mér að koma henni á framfæri og bentu mér meðal annars á að selja hana á Gogoyoko." Tónlist The Flaming Banshees hefur notið mikilla vinsælda á Gogoyoko. „Upphaf plötunnar má rekja til þess að við Ian unnum á leikskóla við enskukennslu og tónlistarkennslu. Við tókum hana upp á einum mánuði í íbúðinni okkar í Berlín." Duncan telur að Gogoyoko sé góðar fréttir fyrir tónlistarfólk. „Síðan færir saman skapandi fólk. Við getum hlustað á tónlistina þeirra og þeir á okkar. Þetta er eins og fréttaveita innan tónlistargeirans."



### Nenni ekki að styrkja Apple

„Það sem er heila málið við Gogoyoko er að maður hendir draslinu sínu þarna inn og fær böns af seðlum og styrkir góðgerðarstarfsemi í leiðinni," segir Pétur Eyvindsson sem er betur þekktur undir nafninu DJ Musician. Hann er búsettur í Danmörku þessa stundina og segist eyða tíma sínum aðalega í að drekka heitan bjór með rjóma sem er það alheitasta í Kaupmannahöfn um þessar mundir. Aðspurður um álit sitt á Gogoyoko segir hann, „Það er betra en að styrkja Apple eða I Tunes eða hvað þetta nú heitir, ekki nenni ég því." Pétur segir að síðan þurfi einmitt að ná meira til almennra notenda en hún hefur gert. „En þeta módel þeirra geir tónlistarmönnum kleift að koma tónlist sinni á framfæri til tónlistarunnenda mun ódýrara en allstaðar annarsstaðar."



### Gott að hafa stjórn á þessu sjálfur

Daninn Mads Kjar Pederson er í hljómsveitinni Alloy Alloy sem hafa trónað á toppi Gogoyoko vinsældarlistans undanfarnar vikur. „Við höfum spilað saman í um tvö ár og gerum einhverskonar elektróníska popp, hressa danstónlist fyrir næturklúbba." Mads segir að hann sé afar hrifinn af valdinu sem Gogoyoko færir tónlistarfólkinu sjálfu. „Það er mjög mikilvægt fyrir mig sem listamann að geta stjórnað því sem ég læt frá mér. Gogoyoko fjarlægir alla tengiliði. Það er frábært að geta dílað beint við Gogoyoko án þess að þurfa að fara í gegnum önnur fyrirtæki til að selja tónlistina þína eins og til dæmis á I tunes þar sem þeir hafa næstum allan peninginn af þér. Auk þess hef ég miklu beinna og betra samband við fólkið sem er að hlusta á tónlistina mína en það getur sent mér póst beint á Gogoyoko síðuna mína." Mads bætir við að hann hafi hreinlega bara svo góða tilfinningu fyrir fyrirtækinu. „Það er eitthvað svo hreint og beint við þetta konsept. Manni líður eins og maður sé hluti af stórri fjölskyldu en ekki að það sé bara einhver að reyna að græða á manni. Það er einhver skandinavískur fílingur við fyrirtækið sem ég fíla og auk þess er ég hrifinn af allri hönnun vefsins og „artworki" sem mér finnst töff."




Stígandi unaður
Maltesers
Maltesers®, súkkulaði á léttan máta



**GOTT GEÐSLAG** Sigurbjörn heilsar upp á kýrnar sem eru úti allan ársins hring niðri á Mýrum. Hjörðin er geðgóð segir hann en hann fer og gefur kúnum á hverjum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Beint samband við neytendur

Bændurnir á Leirulæk á Mýrum eru hluti af ört stækkandi hópi bænda sem selja afurðir sínar beint til neytenda. *Sigríður Björg Tómasdóttir* hitti **Sigurbjörn Jóhann Garðarsson** bónda sem segir þessa háttu mjög gefandi.



**Í NÝJA FJÓSINU** Það er nýtekið í notkun og allir eru hæstánægðir með það.

Á Leirulæk á Mýrum var til skamms tíma stundaður hefðbundinn búskapur. Fyrir nokkrum árum fóru ábúendurnir, þau Sigurbjörn Jóhann Garðarsson og Guðrún Sigurðardóttir, að leiða að því hugann að taka upp nýja hætti, selja afurðirnar sínar beint til kaupenda, milliliðalaust. Þau létu slag standa, stofnuðu fyrirtækið Mýrarnaut ásamt frænku Guðrúnar og manni hennar.

Sigurbjörn tekur á móti Fréttablaðinu á hlaðinu á Leirulæk og vísar inn í fjósið, sem er glænýtt að heita má, tekið í notkun í vetur. Þar eru nautgripir, bæði af íslensku mjólkurkúakyni og blendingar af Angus, Limosin og Galloway-kyni. „Íslendingarnir eru litlir, það er ekki hægt að slátra þeim fyrr en þeir eru um 22 mánaða, hinum er slátrað 18 mánaða,“ segir Sigurbjörn og bendir á muninn sem er vel sjáanlegur.

Sigurbjörn var í þann mund að fara að gefa þegar Fréttablaðið bar að garði, en hann gefur nautgripunum hey og hrat á sex til sjö daga fresti, sem hann fær frá bjórverksmiðjunni í Stykkishólmi.

Eftir að hafa gengið um fjósið nýja er það gamla skoðað til samanburðar. Það var reist á stríðsárunum, komið upp af miklu harðfylgi í hráefnisskortinum sem þá var. Leirulækur hefur tilheyrt fjölskyldu Guðrúnar síðan þá en Sigurbjörn er alinn upp á Neðri-Ási í Hjaltadal. Eftir nokkurra ára búsetu á suðvesturhorninu flutti hann á Mýrarnar. „Ég þreifst ekki í þéttbýli,“ viðurkennir hann.

## Geðgóð hjörð

En aftur í fjósið. Þar gefur meðal annars að líta Krúttý, hvíta belju af blendingskyni, en stóðið er allt komið undan henni. „Ég segi stundum að ég sé líka með hvítt kjöt,“ segir Sigurbjörn og hlær við. Næst liggur leiðin niður á Mýrarnar, þar ganga kýrnar úti allan ársins hring og fer Sigurbjörn og gefur þeim einu sinni á dag.

„Þetta er orðin svo geðgóð hjörð hjá mér,“ segir Sigurbjörn spurður hvernig gangi að fara inn í hjörðina og gefa. „Annars gef ég mér góðan tíma til að kynnast geðslagi kálfanna. Þeir sem eru trylltir til augnanna fá ekki að lifa lengur en til haustsins. Það þýðir ekkert að hafa gripi sem hlaupa út á Mýrarnar.“

Kálfarnir fá að vera hjá kúnum í átta til níu mánuði áður en þeir eru teknir inn. Þar fá þeir ótakmarkað hey, bygg og hrat auk þess sem þeim er gefið orkumeira fóður síðustu mánuði fyrir slátrun.

„Þetta verður hágæða sláturkjöt og þeir sem kaupa af okkur vita nákvæmlega hvað það er sem þeir eru að fá. Neytendur eru líka orðnir ótrúlega meðvitaðir, ég hefði ekki trúað því hvað þeir eru orðnir meðvitaðir og vilja fá að vita margt.“

Hægt er að panta kjöt frá Leirulæk í gegnum síðuna Mýrarnaut.is og tilgreina þar hversu mikið magn maður vill fá og í hvaða stærðum á að pakka kjöthlutunum. Ekki er hægt að kaupa minna en fjórðung af skrokk og segir Sigurbjörn oft byrja á því að sameinast um það magn, sem er á bilinu 40 til 50 kíló. „En svo endar fólk oft á því að kaupa meira í annað skiptið. Og ánægðir kaupendur eru besta auglýsingin.“

## Gæðastýring hjá bændum

Leirulækur er í samtökunum Beint frá býli sem er félag bænda sem stunda sölu afurða beint frá býli til neytenda. Samtökunum hefur vaxið fiskur um hrygg á tveimur árum sem liðin eru síðan þau voru stofnuð.

Neytendur hafa tekið möguleikanum opnum örmum. Sigurbjörn segir mun skemmtilegra að fást við búskap með þessum hætti. „Ég er í beinu sambandi við neytandann, sem getur sagt mér hvað honum líkar vel og hvað illa. Hann veit svo nákvæmlega hvað það er sem hann er að kaupa, hvaðan gripurinn kemur, á hverju hann hefur verið alinn og þar fram eftir götunum. Það er mikil gæðastýring hjá bændum en oft hefur það virst sem svo að henni ljúki við dyrnar á sláturhúsunum, eftir að þær lokast geta neytendur ekki vitað hvaðan kjötið þeirra kemur og hvernig það er meðhöndlað,“ segir Sigurbjörn sem segir bændur með þessu móti einnig geta selt þá hluta skepnunnar sem eru verðlausir í innlögn í sláturhúsi.

„Nautatunga þykir til dæmis herramannsmatur en hún er verðlaus í innlögn. Annað dæmi eru veturgamlir sauðir sem þykja mikið lostæti en bændur hafa fengið lítið fyrir.“

Gripunum frá Leirulæk er slátrað á Hellu en Sigurbjörn dreymir um að reist verði stórgripasláturhús nær heimahögunum, möguleikarnir séu ótalmargir og vonandi gefist tækifærin til að nýta þá. „Það eru næg verkefni, svo mikið er víst.“

## Vakning á meðal neytenda og bænda



**HLÉDÍS SVEINSDÓTTIR**

Alls 92 bæir eru nú aðilar að hagsmunasamtökunum Beint frá býli sem stofnuð voru í febrúar árið 2008. Að sögn Hlédísar Sveinsdóttur, formanns samtakanna, hefur bæjunum fjölgað um 32 síðan fyrir réttu ári. „Það er mikil vakning á meðal neytenda og bænda og mikill áhugi á að kaupa vöru beint af bændum.“ Hlédís segir að eftir að heimasíða samtakanna var opnuð síðasta haust hafi eftirspurnin aukist mikið. „Hún nýtist mjög vel, fólk getur bæði skoðað hvað er í boði eða sent inn fyrirspurnir um vöru sem það er að leita að. Stundum fáum við mjög sérstakar fyrirspurnir um vörur, til dæmis bjúgu gerð með gamla laginu. Neytendur geta gert samanburð á verði og þjónustu með því að senda fyrirspurn á bændur sem eru með sömu vöruna,“ segir Hlédís og bætir við að margir séu í startholunum að hefja sölu á vöru beint frá býli.

Hlédís segir stjórn samtakanna vera að skoða reglur um slátrun, sú hagræðing sem sameining sláturhúsa hafi átt að skila hafi ekki skilað sér, hvorki til neytenda né bænda. Það sé hagsmunamál bænda að setja upp lítil sláturhús, að þeir þurfi ekki að fara langar leiðir með dýr til slátrunar. „Það felst mótsögn í því að við treystum bændum til að búa til afurðir en ekki til að slátra,“ segir Hlédís.

Nánari upplýsingar er að finna á síðunni www.beintfrabyli.is

# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

maí 2010



## Sælkera-matur

Erna Kaaber er sólgin í heilgrillaðan ferskvatnsfisk.

SÍÐA 8



## Grænmeti er lostæti

Eggaldin og kúrbítur eru fyrirtaks grillmatur að mati heilsukokksins Sólveigar Eiríksdóttur. SÍÐA 2



# Glóðarsteiktar kræsingar

Góðar og öðruvísi grilluppskriftir í sumar



# KOLIN KYNT Á ÖRSKOTSSTUNDU

**Sólveig Gísladóttir**

Æskuminningar um kolagrill tengjast gleði, samverustundum fjölskyldunnar, sumarbústað og tjaldútilegum. Þær minna mig sérstaklega á föður minn ungan og hárprúðan stumra yfir völtu kolagrilli, einbeittan á svip að reyna að koma glóð í kolin með ýmsu móti. Ekki fannst mér það alltaf ganga vel og hungurverkir barnsins hafa líklega gert það að verkum að tíminn hefur liðið hægar en ella. Maturinn smakkaðist þó aldrei betur en af grillinu og ekki var gerð athugasemd þótt lærissneiðarnar líktust stundum heldur kolamolum en kjöti, það bara tilheyrði.



Svo rann í garð tími gasgrilla. Þau voru vissulega mun þægilegri í notkun, eldamennskan gekk hraðar fyrir sig og kjötið brann ekki við eins og það vildi áður gera. Hins vegar fór einhver sjarmi af grillinu. Hin frumstæða þörf mannsins til að kveikja eld vék fyrir gaskút og einum rauðum takka.

Þó eru sumir sem enn halda í gamla kolagrillið. Einn þeirra er tengdapabbi. Hann grillar allan ársins hring og í hvaða veðri sem er. Hvort sem ríkir kafaldsbylur, sumarylur eða rigningardemba, alltaf skal kveikt í grillinu góða. Hann hefur enda þróað all sérstæðar aðferðir við það að kveikja í kolunum sem gerir það að verkum að það tekur hann ekki lengri tíma en aðra að kveikja upp í gasgrilli. Aðferðin felst í því að nota gasloga í verkið. Það er magnað að sjá hinn stæðilega mann kveikja upp í gasloga og beina bláum loganum að kolunum sem á örskotsstundu verða öskugrá og tilbúin til eldamennsku. Þetta kallast íslenskt hugvit.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

F Forréttur · A Aðalréttur · E Eftirréttur · Hvunndags/til hátíðabrigða · Til hátíðabrigða · Holt · Annað kjöt en fuglakjöt · Fiskur · Ávextir











Grillað grænmeti er gómsætt á góðum sumardögum að mati Sólveigar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# GRÆNT Á GRILLIÐ

Heilsukokkurinn Sólveig Eiríksdóttir á veitingastaðnum Gló segir grillað grænmeti lostæti, en þó þurfi að læra að grilla það. Marineringin skipti líka miklu máli.

Hafa þarf í huga að það þarf að læra að grilla grænmeti, alveg eins og það þarf að læra á kjötið,“ segir hráfæðis- og heilsukokkurinn Sólveig Eiríksdóttir á veitingastaðnum Gló í Listhúsinu í Laugardal.

Hún tekur fram að það taki sinn tíma að grilla grænmetið og gott sé að leggja það í góða marineringu áður en það er sett á grillið. „Í þessu tilfelli eru eggaldin og kúrbítur til dæmis alveg upplagt grænmeti og fyrirtaks meðlæti með öllum mat,“ segir Sólveig.- kg



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sólveg Eiríksdóttir, hráfæðis- og heilsukokkur á veitingastaðnum Gló.

## GRILLAÐUR GRÆNMETISTURN

**½ kúrbítur, skorinn í þunnar sneiðar**
**½ eggaldin, skorið í mjög þunnar sneiðar**
**1 rauð paprika, skorin í tvennt, steinhreinsuð, og síðan er hver helmingur skorinn í fernt**
**nokkrir kirsuberjatómatar sem skraut**

*Skerið grænmetið í sneiðar og leggið í marineringu í 1-2 klst. Sigtið grænmetið áður en það er grillað.Grillið grænmetið báðum megin og raðið því síðan upp í turn:*

**1 sneið eggaldin**
**1 sneið kúrbítur**
**1 sneið paprika**
**endurtekið**

*Endið á að setja hálfan kirsuberjatómat ofan á turninn og berið fram með grænu salati og grillsósu.*

**MARINERING FYRIR GRÆNMETI**

**½ dl tamarisósa**
**½ dl appelsínusafi**
**2 msk. lífræn ólívuolía**
**1 msk. ristuð sesamolía**
**2 msk. agavesýróp**
**1 msk. sítrónu/límónusafi**
**2 msk. ferskar kryddjurtir að eigin vali**

**GRILLSÓSA Á GRÆNMETI**

**1 dl kasjúhnetur, lagðar í bleyti í um 2 klst. (það er í lagi að hafa það minna og líka meira)**
**1 hvítlauksrif**
**1 tsk. þurrkað dill eða 2 msk. ferskt**
**1 tsk. ítölsk kryddblanda eða 2 msk. fersk**
**1 tsk. laukduft**
**¾ tsk. salt**
**2 msk. nýkreistur sítrónusafi**
**½ dl vatn (smá meira ef ykkur finnst þurfa)**

*Hellið vatninu af kasjúhnetunum og setjið þær í blandara ásamt restinni af uppskriftinni. Blandið þar til allt er silkimjúkt. Geymist í viku í loftþéttu íláti í ísskápnum.*

MELABÚÐIN - ÞÍN VERSLUN

# Lostæti við ólík tækifæri

„Við veitum alla þjónustu hvað viðkemur mat og hvort heldur sem tilefnið er hversdags- eða hátíðarlegt,“ segir Pétur Alan Guðmundsson, kaupmaður í Melabúðinni – Þinni verslun, sem hefur verið rekin í hálfa öld við Hagamel í vesturbæ Reykjavíkur. Hann getur þess að nú sé grilltíminn upp runninn og því séu hamborgarar, nautakjöt, silungur, villtur lax og fleira vinsælt til innkaupa. „Þetta er hráefni frá öllum heimshornum en þeir sem vilja ekki kjöt eða bara bregða út af vana ættu að prófa grænmetisbuffin okkar sem eru bæði einstaklega holl og góð.“ Pétur bætir við að innan skamms verði sérstakar grillsósur á boðstólum í búðinni en þar sé nú þegar hægt að nálgast uppskriftir að nokkrum góðum sósum.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Pennar:** Kjartan Guðmundsson, Marta María Friðriksdóttir, Vera Einarsdóttir og Þórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*




BYKO

ATLANTSOLIA
* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

A Member of The Linde Group | AGA

ÍSAGA ehf. | Breiðhöfða 11, 110 Reykjavík | Eyrartröð 8, 220 Hafnarfirði | Sími: 577 3000 | Fax: 577 3001 | www.aga.is

Umboðsmenn ÍSAGA ehf: *SELFOSS:* Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548 · *SAUÐÁRKRÓKUR:* Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626 · *REYÐARFJÖRÐUR:* Landflutningar–Samskip, s. 458 8840 · *ÍSAFJÖRÐUR:* Þröstur Marsellíusson hf, s. 456 3349 · *AKUREYRI:* Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515




# HVAÐ ER Í MATINN? Á VÍSIR.IS

**vísir.is** kynnir skemmtilegan sérvef um matargerð og hagkvæm matarinnkaup.

Með því að nota einfalt og skemmtilegt kerfi útbúum við handa þér matseðil eftir þínu höfði.

Kynntu þér ótrúlegan fjölda gómsætra uppskrifta á Hvað er í matinn? á **vísir.is**





1


2


**1. Vorlaukur er heiti sem nær yfir ýmsar lauktegundir.**

**2. Hann er vinsæll meðal annars með fiskréttum.**

**3. Þá er gott að brytja vorlauk niður og setja út í salöt á sumrin.**

**4. Sömuleiðis er tilvalið að saxa hann niður og nota í alls kyns sósur og ídýfur.**

3


HRÁEFNIÐ: Vorlaukur

# KENNDUR VIÐ WALES



Vorlaukur er heiti sem nær yfir ýmsar tegundir lauka, sem eru allir með græn safarík blöð og lítinn og mjóan hnúð. Hérlendis er það yfirleitt notað yfir pípulauk (Allium fistulosum) eins og tíðkast í Þýskalandi, Frakklandi og á Bretlandseyjum þar sem hann er af einhverjum ástæðum kenndur við Wales, en ræktun á slíkum lauk til sölu hófst á Íslandi árið 2004. Ferskan lauk má nota allan nema ræturnar í matargerð, en hann er sérlega vinsæll í matseld víða í Asíu. Vorlaukur, sem er ekki orðinn mjög stór, er eftirsóttur meðal annars í salöt, hver kyns ídýfur, fyllingar í kartöflur, súpur, sósur og léttsteikta eða veltisteikta rétti svo fátt eitt sé nefnt. Þess skal getið að vorlaukur þolir steikingu eða suðu illa og því gott að elda hann mjög stutt, steikja hann eða sjóða með í um eina til eina og hálfa mínútu.

4


## *margt smátt*



**VARKÁR VIÐ GRILLIÐ** Árlega verða eldsvoðar við grill og því ber að fara gætilega við grillið. Þegar kveikt er upp í grillinu er gott að snúa bakinu upp í vindinn og alltaf á að hafa möguleika á að slökkva í grillinu til dæmis með garðslöngu, vatnsfötu eða handslökkvitæki. Alltaf á að hafa auga með grillinu þegar það er í notkun og ekki á að stilla því upp nálægt gluggum því það getur verið hætta á að þeir springi. Þá á að gæta þess að vera ekki í fötum sem feykst geta til og þar með kviknað í þeim.



**FALLEGA FRAMREITT** Skemmtilegt ráð við framreiðslu matar er að velja föt sem eru litrík eða með fallegum myndum. Gaman getur verið að hafa þau það stór að litirnir eða myndirnar á þeim sjáist auðveldlega og njóti sín sem skreytingar á matarborðinu.

**GRILLRÁÐ** Áður en byrjað er að grilla er góð hugmynd að nudda hálfum lauk á grillið en það gefur meira bragð af matnum og fyllir loftið grillilmi. Þegar kjöt er grillað verður að muna eftir grilltönginni því ef kjötinu er snúið með gaffli er hætta á að hann skilji eftir sig göt sem getur leitt til þess að kjötið verði þurrt.



**HOLLT OG GOTT** Auðvelt er að grilla grænmeti en fyrst þarf þó að velja rétt grænmeti á grillið. Sniðugt er að velja grænmeti sem inniheldur mikið af vatni, eins og kirsuberjatómata eða eggaldin. Byrjið á að skera grænmetið í jafna bita en gott getur verið að leggja það í bleyti í hálftíma. Þá er gott að pensla bitana með olíu. Stillið grillið á lágan eða miðlungs hita. Snúið bitunum reglulega og bætið örlítilli olíu við. Þá má taka bitana af grillinu og geyma í fimm mínútur áður en þeir eru bornir fram.

Listasafn Reykjavíkur



Annað auga



Vanitas



Nekt



„Ég kýs blómlegar konur …“



Mannlýsingar



Lykilverk



Í safni ófullkomleikans

# Listasafn Reykjavíkur býður ókeypis aðgang að öllum sýningum.

Takk fyrir komuna!
Aðsóknarmet var slegið í Listasafni Reykjavíkur í fyrra þegar 220.000 gestir sóttu safnið heim. Aðsóknin fer enn vaxandi.

Í sumar er boðið upp á tíu vandaðar sýningar með verkum eftir marga af kunnustu listamönnum samtímans, innlendum sem erlendum.

Verið velkomin.
Opið daglega.
Listasafn Reykjavíkur er fyrir alla.
Listasafn Reykjavíkur er safnið þitt.

## Hafnarhús

28. maí 2009 - 12. september 2010
Erró – Mannlýsingar

15. maí - 29. ágúst
Nekt – Gary Schneider

20. maí - 29. ágúst
Í safni ófullkomleikans – Unnar Örn J. Auðarson

20. maí - 29. ágúst
Vanitas, kyrralíf í íslenskri samtímalist

28. maí - 12. september
Erró – Mannlýsingar Dúkkur

## Kjarvalsstaðir

14. maí – 31. desember
Kjarval – Lykilverk

14. maí – 22. ágúst
Annað auga – Ljósmyndaverk úr safneign Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur

14. maí – 22. ágúst
Ljós&mynd

## Ásmundarsafn

1. maí 2010 – 17. apríl 2011
„Ég kýs blómlegar konur …“ – Konan sem tákn í list Ásmundar Sveinssonar

20. maí 2010 – 17. apríl 2011
Svefnljós – Ráðhildur Ingadóttir

Hafnarhús
Tryggvagata 17
Opið daglega
10 –17
Fimmtdaga 10 – 22

Kjarvalsstaðir
Flókagötu
Opið daglega
10 – 17

Ásmundarsafn
Sigtún
Opið daglega
10 – 16

Aðgangur ókeypis
Free admission

www.listasafnreykjavikur.is
listasafn@reykjavik.is

S 590 1200
F 590 1201



Sætar og saðsamar. Sigurrós mælir með safaríkum plómum á grillið og getur þess að hindberjasósa sé góð með.

# Glóðarsteiktar PLÓMUR

Grillaðir ávextir eru sætir og ljúffengir enda vinsælir eftirréttir. Sigurrós Pálsdóttir veit allt um það og segir grillaðar plómur með hindberjasósu hreinasta lostæti.

Nammi namm!

Þeir sem hafa einhvern tímann prófað grillaða ávexti vita að glóðarsteiking dregur fram sæta bragðið í ávöxtunum, þetta karamellubragð sem er svo ljúffengt. Þess vegna eru þeir auðvitað alveg tilvaldir á grillið,“ segir Sigurrós og tekur fram að suma ávexti sé þó heppilegra að grilla en aðra.

„Mikilvægt er að velja stóra ávexti sem eru alls ekki of þroskaðir og grilla stutt, bara rétt yfirborðið til að mýkja ávextina upp og koma í veg fyrir að safinn leki úr þeim. Mangó, ananas, ferskjur og plómur koma sterkt inn,“ útskýrir Sigurrós og segir plómur í sérstöku uppáhaldi.

„Ég fékk af einhverjum ástæðum algjört æði fyrir plómum á síðustu metrunum á seinni meðgöngunni minni; þær eru bara svo sætar og safaríkar og sérstaklega á þessum árstíma“ segir Sigurrós upp, sem finnst gott að grilla plómur og bera fram með hindberjasósu. „Hindberin eru örlítið súr og vega vel upp á móti sæta bragðinu af plómunum. Svo lítur þetta svo vel út á disk, rauði eða réttara sagt bleiki litur hindberjasósunnar og fjólublái litur plómnanna og gulleitt innihaldið.“

Sigurrós segist reyna að hafa hollustuna að leiðarljósi í sinni matseld og bregður ekki út af vana með eftirréttinn. „Sem dæmi nota ég í hrásykur í sósuna,“ segir hún en viðurkennir að eins sé rosa gott að bæta út í hann púðursykri. - rve



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigurrós er yfirkokkur hjá Manni lifandi og segist hafa sérstaka ánægju af því að útbúa rétti úr ávöxtum og grænmeti.





Sigurrós segir mikilvægt að velja stóra ávexti og gæta þess að hafa þá ekki þroskaða.

## GLÓÐARSTEIKTAR PLÓMUR MEÐ HINDBERJASÓSU

*Fyrir 6*

**2 ¼ bolli hindber,frosin**
**3 msk. vatn**
**3 msk. hrásykur**
**1 msk. sítrónusafi**
**3 msk. kókosolía(eða smjör)**
**2-3 msk. hrásykur(eða púðursykur)**
**6 stórar plómur**

*Búið til hindberjasósuna: Maukið hindber með vatni. Sigtið þau og hendið fræjunum. Bræðið saman sykurinn og örlítið vatn, passið að sjóði ekki, kælið örlítið niður og blandið saman við hindberin. Hægt er að búa sósuna til daginn áður.*

**PLÓMURNAR**

*Bræðið saman olíuna(smjörið) og sykurinn þar til blandast vel saman og verður að þykkri karamellu (ef blandan er of þunn setjið þá meiri sykur). Einnig er hægt að bæta bragði við karamelluna eins og kanil, vanillu eða jafnvel súkkulaði.*

*Smyrjið plómurnar og grillið við háan hita í um 8 mínútur snúið þeim við einu sinni þannig að það komi fallegar grillrendur í sárið.*

*Gott er að bera fram með vanilluís og skreytið með ferskum hindberjum.*


HÓTEL OG MATVÆLA SKÓLINN

MATSVEINA- OG MATARTÆKNANÁM

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

Hvað er í matinn?



Matsveina- og matartæknanám fyrir þá sem starfa eða vilja starfa í mötuneytum vinnustaða og á fiski- og flutningaskipum, í eldhúsum heilbrigðisstofnana, leikskólum og skólum.

INNRITUN STENDUR YFIR!

www.mk.is

Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

**LEIKHÚS MÖGULEIKANNA** er leikhúsnámskeið sem Möguleikhúsið stendur fyrir í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í sumar. Námskeiðið er fyrir börn á aldrinum 9-12 ára og hefst 7. júní. Námskeiðinu lýkur með leiksýningu. www.moguleikhusid.is



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447









Helgin hjá Davíð Husby er tileinkuð tónlist og fótbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leiðinlegur úrslitaleikur

**Teiti í tilefni úrslitaleiksins í Meistaradeild Evrópu og tónleikar á Listahátíð eru meðal þess sem Davíð Husby hyggst sækja um helgina. Hann vílar ekki heldur fyrir sér að kíkja yfir læk á aðra tónleika.**

„Viðburðaríkar helgar krefjast þess auðvitað að þær séu hafnar á mat frá Habibi við Hafnarstræti eða Núðluskálinni á Skólavörðustíg. Þaðan kemur orkan og í kjölfarið er maður fær í flestan sjó," segir Davíð Husby sem titlar sig annað af tvennu, fjöllistamann eða þjónustufulltrúa hjá Epli.is, eftir því sem andinn blæs honum í brjóst. Davíð er mikill áhugamaður um tónlist og fótbolta og dagskrá helgarinnar ber heldur betur keim af því.

Í kvöld hyggst hann sækja árlegt Meistaradeildarteiti Tipp-hópsins Dóra, sem hann er meðlimur í, en þá fer einmitt fram úrslitaleikur Inter Milan og Bayern München í keppninni. „Þar verður væntanlega enginn skortur á hressleikanum, ölinu og ætinu. Og líklega ekki vanþörf á þar sem hætt er við að úrslitaleikur þessi verði með leiðinlegri fótboltaleikjum síðari ára. Því spáir allavega Konráð, forseti Dóra, en hann er áhangandi Internazionale og mikill aðdáandi þýskrar knattspyrnu. Í kjölfar leiksins er svo planið að kíkja á tónleika með Togga, og það þó ég þurfi að fara alla leið yfir Læk, og meira að segja Lækjargötu, til þess," segir Baldvin.

Hann segir að athafnir fyrri hluta sunnudags muni að miklu leyti ráðast af eftirköstum kvöldsins áður. „Ef heilsan leyfir verður reynt að líta við á vinnustofutónleika Listahátíðar á sunnudag áður en tekið verður til við að lifa á ystu nöf og fara út fyrir 101 Reykjavík aldrei þessu vant. Þar sem fjögurra daga fríhelgi er fram undan hjá mér og allt of langt um liðið síðan ég hef eytt tíma með fjölskyldunni er alveg tilvalið að kíkja í bústað og eiga gæðastund með Husby-fólkinu og hundunum," segir Davíð og hlakkar til helgarinnar. *kjartan@frettabladid.is*



# SUNDFÖT

**BRIGITTE BARDOT** er jafnan talin vera sú sem kom bikiníinu á kortið. Árið 1953 hneykslaði hún í senn og vakti aðdáun þegar hún sýndi sig á bikiníi á baðströnd þegar kvikmyndahátíðin í Cannes stóð yfir, þá aðeins 19 ára.





Bikiníið kom fram á sjónarsviðið árið 1946. Það var nefnt eftir litlli eyju í Kyrrahafi sem heitir Bikini en þar höfðu Bandaríkjamenn gert tilraunir með kjarnorkusprengingar. Franski hönnuðurinn Louis Rénard, sem hannað hafði sundfatnað í 25 ár, kom fram með þessa nýjung

**Tíska aldanna.**








NORDICPHOTOS/AFP

Sundbolir frá Miss Bikini Luxe voru ekki beint klæðamiklir.



Blómahetta og bikiní frá Blugirl.

# *Blóm og indjánar*

**Bikiní og sundbolir voru meðal þess sem hönnuðir sýndu á tískuvikunni í Míanó síðasta haust.**

Indjánamynstur voru áberandi á sundfatasýningu Miss Bikini Luxe fyrir sumarið. Sundbolir úr línunni voru efnislitlir og opnir í hliðum og brjóstaskorunni leyft að njóta sín.

Fallegt bikiní frá Blugirl vakti einnig athygli en það var alsett blómum auk þess sem falleg blómahettan setti punktinn yfir i-ið.



Tvær fyrirsætur í sundfötum frá Miss Bikini Luxe.

Indjánamynstur voru áberandi á sundfötum Miss Bikini Luxe.

## Sunddrottning handtekin á strönd

SUNDKONAN ANETTE KELLERMAN VAR TEKIN FÖST FYRIR ÓSIÐLEGT FRAMFERÐI ÞEGAR HÚN MÆTTI Í SUNDFÖTUM Á STRÖND Í BANDARÍKJUNUM ÁRIÐ 1907.

Sundkonan Anette Kellerman frá Ástralíu er talin vera fyrsta sundrottning veraldar en Kellerman ferðast um og vakti mikla athygli í Bandaríkjunum fyrir ýmiss konar vatnadansa þar sem hún kafaði og sýndi listdans sem hægt var að horfa á í gegnum gler. Hún jafnvel borðaði og las undir yfirborðinu. Á sýningum sínum klæddist Kellerman sundfötum sem sýndu hendur, fætur og háls en það olli uppþoti þegar sundkonan mætti í æfingagallanum á baðströnd í Boston árið 1907 og var hún handtekin fyrir ósiðlega framkomu. Er jafnframt talið að Kellerman hafi þarna verið fyrst kvenna til að mæta í slíkum sundfötum á almannafæri.

Anette var ólík öðrum konum á þeim tíma sem hún lifði, mun stæltari og betur á sig komin líkamlega en konur þess tíma. Frægð hennar barst víða og hún lék í kvikmyndum og skemmti með fólki eins og Chaplin, Önnu Pavlovu og Maurice Chevalier.

*- jma*



Sundfötin sem Anette klæddist þegar hún var handtekin líktust þessum. Hún greip til þess ráðs í framhaldinu að sauma ermar og skálmar á búninginn til að fá að vera í friði.

# Alltaf að bætast í safnið

**Kolbrúnu Pálsdóttur fannst sólgleraugu ekki fara sér fyrr en hún datt niður á réttu gerðina fyrir tveimur árum. Síðan þá hefur ýmislegt gengið á og fann hún eitt sinn fyrstu sólgleraugu sín í þvottavélinni.**



„Þau eru eiginlega öll eins, bara í sitt hvorum litnum," útskýrir Kolbrún. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kolbrúnu finnst þessi ákveðna lögun af sólgleraugum fara henni best. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Kolbrún á sér ekki uppáhaldslit eða mynstur á sólgleraugum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Mér fannst sólgleraugu aldrei fara mér fyrr en ég byjaði að ganga með svona gleraugu," segir Kolbrún. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég á kannski í kringum fjörutíu sólgleraugu," segir Kolbrún Pálsdóttir sem hefur safnað sólgleraugum í tvö ár.

„Ég veit samt ekki alveg hvað ég á mörg sólgleraugu. Þau eru alltaf úti um allt. Bróðir minn er til dæmis alltaf að týna þeim," segir Kolbrún en stóri bróðir hennar fær sólgleraugun hennar oft lánuð.

Kolbrún segist bara ganga með eina ákveðna lögun af sólgleraugum. „Ég á samt önnur sólgleraugu en ég nota þau eiginlega ekki neitt. Mér fannst sólgleraugu aldrei fara mér vel fyrr en ég byrjaði að ganga með svona gleraugu," útskýrir Kolbrún og bætir við að hún telji þessa ákveðnu gerð vera þá einu sem fari henni vel. „Þessi gerð sem ég nota mest fengust ekki hér á Íslandi eða voru mjög sjaldgæf. Þegar ég sá þau keypti ég þau. Ef ég sá þau til dæmis í Bónus keypti ég þau bara."

Kolbrún getur ekki gert upp á milli sólgleraugnanna sinna og á sér því ekki uppáhaldssólgleraugu. „Þau eru eiginlega öll eins, bara í sitt hvorum litnum. Ég tek bara einhver af handahófi þegar ég fer út á daginn," upplýsir Kolbrún sem kveðst ekki heldur eiga sér uppáhaldslit eða mynstur. „Nei, ég á eiginlega allt.

Ég er samt örugglega oftast með svörtu." Innt eftir því hvort skemmtilegar sögur leynist á bak við einhver af sólgleraugunum fjörutíu segir Kolbrún: „Fyrstu sólgleraugun mín og kannski þau sem mér þykir vænst um fóru í þvottavél og eru ónýt núna. Þau voru græn."

Kolbrún segist finna flest sín sólgleraugu í útlöndum. „Það er náttúrulega allt morandi í sólgleraugum í útlöndum. Ég rekst alltaf á einhver og kem heim með heilan helling. Það er alltaf að bætast í safnið en þau eru dugleg að brotna þannig að þeim fækkar líka."

*martaf@frettabladid.is*



Kolbrún á í kringum fjörutíu sólgleraugu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Svart og hvítt í bland

**Tískumógúlar eru ekki alltaf sammála en í ár virðast þeir þó nokkuð samtaka í útlistun á sólgleraugnatískunni.**

Sérstaklega er sótt til franskra fyrirmynda frá því í kringum 1960, svo sem Nicolas Ghesquière, en gleraugu tímans voru þá stór, oft með miklum köntum og svört og hvít. Þá er eitthvað um tæran bláan lit í gleraugunum, marmarahvítan og svo auðvitað heilhvít og heilsvört.

Margir sólgleraugnahönnuðir hafa í ár sótt í svarta og hvíta litinn í bland. Má þar nefna Karl Lagerfeld, Stellu McCartney, Chloé, Dior og fleiri. Tímaritið Elle gerði úttekt á sólgleraugnatískunni og hvetur konur til að skarta gleraugum með breiðari umgjörð í ár en síðustu sumar. Þá er ekki verra ef umgjarðirnar eru eilítið kantaðar, jafnvel með línum sem mynda skemmtileg horn og teygja umgjörðina vel yfir andlitið.

*- jma*



Marmarahvít og drottningarleg sólgleraugu frá Chloé.





**Ný sending af sundbolum, bikinium og sundskýlum frá TYR**

**Kíkið við á vefsíðu okkar www.aquasport.is**

Aqua Sport SUNDVERSLUN

Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
sími: 564 0035
www.aquasport.is




HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

# SUNDFÖT

**SKRIÐSUND** er algengasta keppnisgreinin í sundi. Það er einnig hraðskreiðasta sundaðferðin og er það að öllum líkindum ástæðan fyrir nafngiftinni.










Skjólgott bikiní með áföstu pilsi.



Sætur svart/hvítur bolur.

# Sætar á sundlaugarbakka

**Sundfatatískan skipar stóran sess í sólríkum löndum. Bikiní, sundbolir og fylgihlutir á borð við sólhatta og léttar skyrtur sem sveipa má um sig, voru hluti af því sem sýnt var á Mercedes Benz-tískuvikunni sem tileinkuð var sundfötum á Miami Beach í Flórída fyrir nokkru.**



Bolurinn minnir á fyrri tíma en þó með kynþokkafullu yfirbragði.

Ekki bara sundfötin skipta máli, heldur líka hattar og föt sem má sveipa um sig.

Hverri konu væri sæmandi að mæta í þessu á ströndina.











Snjóblinda er tímabundin sjóndepra af völdum mikillar birtu sem verður þegar snjórinn endurspeglar sólarljósið. Sólgleraugu eru því nauðsynleg í jöklaferðum.



wikipedia


ALLT HEILSA

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447

**RETRÓ** gleraugu má meðal annars finna í versluninni Rokk og rósir, Gyllta kettinum og Spúútnik.



# SÓLGLERAUGU



Flott með Oliver Peoples á nefinu.

Ray Ban-gleraugun eru í miklu uppáhaldi hjá Jolie en hún hefur sést skarta þeim við hin ýmsu tækifæri.





Jolie skartar Dolce & Gabbana í Central Park með börnunum.

NORDICPHOTOS/GETTY



Tom Ford-sólgleraugun fullkomna útlitið.

## *Alltaf með sólgleraugu*

**Þótt Angelina Jolie hafi ekkert að fela þá notar hún sólgleraugu meira en margar aðrar konur. Hún er vandlát og velur aðeins það besta og þjóna gleraugun því hlutverki að fullkomna útlitið.**

Angelina Jolie sést sjaldan á almannafæri án sólgleraugna. Hvort sem hún notar þau til að verja sig fyrir sólargeislum eða til að fela sig fyrir fólki og fjölmiðlum þá veit hún sínu viti og stígur sjaldan feilspor þegar kemur að vali á réttu gleraugunum.

Jolie er með fegurstu konum og á því ekki í vandræðum með að bera hinar ýmsu gerðir og fylgist augljóslega grannt með ríkjandi tískustraumum. Hún virðist kunna sérstaklega vel við Ray Ban-gleraugun sín eins og eiginmaðurinn Brad Pitt sem skilur þau sjaldnast við sig. Hún sést þó líka skarta Tom Ford og Dolce & Gabbana svo dæmi séu nefnd. *vera@frettabladid.is*






**;ALLT**


**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447


**HEILSA** þriðjudaga

## Upprunalegu útgáfurnar

**Fyrst tískublöðin hafa gefið opinbert leyfi fyrir sólgleraugum frá 1960-1970 er ekki úr vegi fyrir þá sem vilja hafa allt „ekta" að skoða uppboðsvefinn eBay.**

Til að mynda stendur nú yfir uppboð á sólgleraugum á eBay sem voru framleidd á þessum árum, og einnig stórum skeljasólgleraugum frá 1980 sem eru ekki síður móðins. Slóð síðunnar er ebay.com og einfaldast er að slá inn leitarorðin „sunglasses" og ártalið sem óskað er eftir eða árin þar um kring. Það er aldrei að vita hvaða fjársjóðir dúkka upp. *- jma*



Það er aldrei að vita nema gleraugu sem þessi finnist á eBay.com




**AF LIFUN** kallast sýning Magnúsar Árnasonar í Náttúrufræðistofnun Kópavogs sem var opnuð 15. maí og stendur fram í september. Magnús kannar tengsl lista og vísinda og veitir innsýn inn í fegurð hins vísindalega rannsóknarferlis.



# Fiskmarkaður fyrir almenning við höfnina

**Hafnarsvæði Reykjavíkur verður líflegt í sumar. Langþráður fiskmarkaður, þar sem hægt verður að kaupa ferskt sjávarfang, verður opnaður á Hátíð hafsins og verður opinn á hverjum laugardegi í allt sumar.**

Fiskmarkaði þekkja margir Íslendingar erlendis frá en þar sem þeir eru starfræktir, svo sem í Bergen í Noregi, eru þeir einn vinsælasti áfangastaður ferðamanna. Hafnarsvæðið í Reykjavík hefur síðustu árin öðlast mikið líf með tilkomu nýrra veitingastaða og væntanlegur fiskmarkaður mun eflaust hleypa enn frekara lífi í svæðið.

Á fiskmarkaðinum, sem verður við Suðurbugt, munu neytendur eiga þess kost að kaupa ferskt sjávarfang í smásölu, fisk og skeldýr, fersk söl, hertan fisk úr óhefðbundnum tegundum og fleira til. Á markaðinum verður fagfólk sem getur frætt kaupendur um vöruna og á markaðinn að vera upplifun og ánægja í senn þar sem hægt verður að snerta á og sjá fiskinn óslægðan og fá upplýsingar um ýmislegt, svo sem hvar hann lifir í sjónum og á hverju hann lifir.





Hafnarsvæðið er að lifna við. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Markaðurinn verður opnaður sem fyrr segir á Hátíð hafsins, laugardaginn 5. júní, en það er Félag um umsjón fiskmarkaðar við Suðurbugt í Reykjavík sem hefur unnið að því að koma fiskmarkaðinum á laggirnar, í samstarfi við Faxaflóahafnir og starfshóp á vegum Matís.

Verkefnið fór upphaflega af stað árið 2009 þegar AVS-sjóðurinn styrkti gerð rannsóknarskýrslu og tillögu að útliti og uppsetningu á fiskmarkaði fyrir almenning. Hluti skýrslunnar var svo sendur inn í hugmyndasamkeppni um nýsköpun í ferðaþjónustu sem Höfuðborgarstofa stóð fyrir árið 2009. Verkefnið fékk vilyrði fyrir styrk og í kjölfarið var stofnað félag til að koma fiskmarkaðinum á laggirnar. *- jma*

Veitingahús/ Take away/ Heimsending
* Afgreitt fyrir 2 eða fleiri gestir
Chinese Tian Restaurant
Supertilboð
Djúpsteiktar Rækjur með súrsætri sósu
Ýsa með sweetchilli sósu
Jian Pao svínakjöt með agúrkum
Steiktar eggjanúðlur með grænmeti
Soðin jasmin hrísgrjón
1350 Kr. á mann
Fjölskyldurtilboð nr.2
Djúpsteiktar Rækjur með súrsætri sósu
Heimabakaðar vorrúllur
Kjúklingur með cashew hnetum
Steiktar eggjanúðlur með grænmeti
Soðin jasmin hrísgrjón
1495 Kr. á mann
Grensásvegi 12 S; 568 19 19
Please Visit www.tianmatur.is

Esju - Einingar
Við byggjum betra Ísland
www.eei.is
Esju-Einingar ehf. framleiða forsteypt einingahús í öllum stærðum og gerðum
- Einbýlishús
- Parhús /raðhús
- Fjölbýlishús
- Iðnaðarhúsnæði
- Hesthús
- Skemmur
- Bekkir, Stigar, Sorpgerði
- Útveggir
- Innveggir
- Sökklar
- Kúluplötur
- Filigranplötur
- Súlur
- Steyptir bitar
Forsteypt einingahús eru örugg, fljótleg í uppsetningu og hagkvæmur kostur
Esju-Einingar ehf. annast alla hönnun sem og burðarþols- og lagnahönnun
Mikið hagræði er að hafa alla hönnun á sama stað
Hafðu samband og leitaðu tilboða hjá okkur



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
LINNETSSTIGUR 2 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS



NÝ OG GLÆSILEG VERSLUN
Gjafir fyrir:
• útskriftina
• afmælið
• skírnina
• brúðkaupið
Aurum hefur opnað nýja verslun sem býður úrval gjafa- og hönnunarvara. Verslunin er staðsett við hlið núverandi verslunar Aurum að Bankastræti 4, þar sem Hans Petersen hafði aðsetur síðastliðin 100 ár.
au aurum
Bankastræti 4 • sími 551 2770 • www.aurum.is

## ÚRA- OG SKARTGRIPAVERSLUN

óskar eftir starfskrafti í fullt starf. Starfsmaður þarf að vera stundvís, röskur og snyrtilegur. Hafa góða þjónustulund og framtakssemi.

**Upplýsingar og umsóknir með mynd sendist á skartogur@gmail.com**

## Lausar stöður í Fjallabyggð;

Sveitarfélagið Fjallabyggð er nyrst á Tröllaskaga og varð til við sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar árið 2006. Þar búa rúmlega 2000 manns. Bæirnir tveir eru afar fjölskylduvænir og þaðan er stutt í góða útivistarmöguleika jafnt að sumri sem vetri. Fjölbreytt þjónusta er í bæjunum og mannlíf gott og líflegt.

Fjallabyggð

### Forstöðumaður bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar

**Staða forstöðumanns bókasafns Fjallabyggðar er laus til umsóknar. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.**

Bókasöfnin í Ólafsfirði og Siglufirði munu sameinast í eitt bókasafn 1. september 2010. Starfstöðvar forstöðumanns verða í báðum byggðarkjörnum en aðalbókasafnið verður á Siglufirði með útibú í Ólafsfirði. Meðal verkefna sem fram-undan eru; er skráning í Gegni, að skipuleggja skjalasafn og nútímavæða bókasafnið. Leitað er eftir kraftmiklum og áhugasömum forstöðumanni til að leiða stofnunina. Forstöðumaður er einnig umsjónarmaður Listasafns Fjallabyggðar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun í bókasafns- og upplýsingafræðum skilyrði
- Reynsla í starfi æskileg
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og metnaður í starfi
- Góð kunnátta í íslensku auk kunnáttu í öðru tungumáli
- Góð tölvukunnátta
- Bílpróf

Ráðið er í stöðuna frá 15. ágúst 2010.

Umsókn skal fylgja yfirlit um nám og störf og berast til Karítasar Skarphéðinsdóttur Neff, fræðslu- og menningarfulltrúa, Ólafsvegi 4, 625 Ólafsfirði.

**Umsóknarfrestur er til 14. júní nk.**
Tengiliðir:
Þórir Kr. Þórisson, bæjarstjóri, thorir@fjallabyggd.is, s. 464 9100 og Karítas Skarphéðinsdóttir Neff, fræðslu- og menningarfulltrúi, karitas@fjallabyggd.is, s. 464 9200

### Félagsþjónusta Fjallabyggðar óskar eftir að ráða sálfræðing til starfa.

**Hæfniskröfur:**
- Einstakling með réttindi til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi.
- Reynsla af almennum sálfræðistörfum æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki og vilji til að taka þátt í uppbyggingu og skapandi starfi.
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Áhugi á að vinna í þverfaglegu starfsumhverfi.
- Bílpróf.

Valið verður úr hópi umsækjenda á grundvelli viðtala og framlagðra gagna.

Umsóknum skal skila ásamt ferilskrá merkt: Félagsþjónusta Fjallabyggðar, Gránugötu 24, 580 Siglufirði eða á netfangið hh@fjallabyggd.is. Nánari upplýsingar veitir Hjörtur Hjartarson, félagsmálastjóri, sími 464 9100.

**Umsóknarfrestur er til 11. júní 2010.**

## Viltu gerast **Pennavinur?**



Við leitum að **vörustjóra** fyrir tónlist, myndbönd og tölvuleiki.

**Starfslýsing:**
- Ber ábyrgð á vöruúrvali vöruflokksins
- Starfar náið með verslunum, markaðsdeild og framsetningadeild
- Gerð sölu- og markaðsáætlana fyrir vöruflokkinn
- Ábyrgð á veltuhraða og framlegð vöruflokksins
- Fylgjast með nýjum tækifærum á markaði

**Hæfniskröfur:**
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hópi
- Góð enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta
- Framsýni, metnaður og skipulagshæfileikar
- Reynsla af vörustjórnun er kostur

Penninn er framsækið fyrirtæki sem veitir framúrskarandi þjónustu með heildarlausnir sniðnar eftir þörfum viðskiptavina. Penninn leggur jafnframt metnað sinn í að bjóða upp á gæðavörur og fjölbreytt vöruúrval.
Hjá Pennanum starfar fjölbreyttur og skemmtilegur hópur starfsmanna. Það er markmið fyrirtækisins að gera starfsmenn að þátttakendum í velferð fyrirtækisins og skapa þannig sterka liðsheild sem keppir að sameiginlegum markmiðum. Penninn leggur metnað í að taka vel á móti nýju starfsfólki og hlúa vel að símenntun og þjálfun starfsfólks.

**Umsóknarfrestur er til 1. júní.**
Nánari upplýsingar veitir Guðríður Sigurðardóttir, starfsmannastjóri, gurry@penninn.is

Penninn
Með þér í vinnunni

Penninn á Íslandi ehf | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Sími 540 2000 | www.penninn.is

## Sérfræðingur á viðskiptabankasviði

**Arion banki leitar að öflugum einstaklingi til starfa á viðskipta-bankasviði í teymi sem annast þjónustu og sölu til fyrirtækja. Við leitum að sérfræðingi í rafrænum lausnum fyrir fyrirtæki, netbanka og innheimtuþjónustu.**

*Hafðu samband*
sími 444 7000 * arionbanki.is

### *Starfssvið*
- Tilboðsgerð, kynning og sala á innheimtuþjónustu og rafrænum lausnum bankans til fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka
- Þjónusta við viðskiptavini vegna rafrænnar banka- og innheimtuþjónustu
- Þróun, innleiðing og skilgreining nýrra rafrænna tekjuskapandi lausna í nánu samstarfi við tæknideild
- Ráðgjöf til fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka varðandi hagnýtingu rafrænna lausna bankans
- Verkefnastjórnun við innleiðingu rafrænnar þjónustu hjá nýjum viðskiptavinum
- Gerð handbóka og fræðsluefnis

### *Menntunar- og hæfniskröfur*
- Háskólapróf í viðskiptafræði, tölvunarfræði eða verkefnastjórnun
- Bankareynsla æskileg
- Þjónustulund og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Þekking og áhugi á rafrænum viðskiptum
- Skilningur á bókhaldi og virkni fjárhags- og bókhaldskerfa

Nánari upplýsingar um starfið veita:
Arnfríður Arnardóttir, sölu og þjónustu fyrirtækja, s. 444 6559, netfang arnfridur.arnardottir@arionbanki.is og Brynja B. Gröndal, starfsmannasviði, s. 444 6386, netfang brynja.grondal@arionbanki.is.

Arion banki er framsækinn banki sem veitir viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta.

Hjá bankanum starfa um 950 manns á 29 starfsstöðvum um land allt. Með fagmennsku, framsækni, ábyrgð og umhyggju að leiðarljósi setjum við viðskiptavini okkar í fyrsta sæti.

*Umsóknarfrestur er til og með 2. júní.*
*Sótt er um starfið á heimasíðu bankans www.arionbanki.is.*

Arion banki

# SUMARAFLEYSINGAR

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaupum starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

Samkvæmt könnun VR, Fyrirtæki ársins 2006, eru ánægðustu starfsmenn í stórmörkuðum og matvöruverslunum landsins í Hagkaupum.

Hagkaup óskar eftir að ráða öryggisverði til starfa. Starfið felst í staðbundinni öryggisgæslu og almennu rýrnunareftirliti í verslunum Hagkaups. Hagkaup leggur mikinn metnað í öryggismál í verslunum sínum og fá öryggisverðir Hagkaups víðtæka þjálfun til að geta sinnt starfi sínu sem best.

Við leitum að einstaklingum sem eru líkamlega hraustir, heiðarlegir, með hreint sakavottorð, metnaðargjarnir og útsjónasamir. Umsækjendur yngri en 20 ára koma ekki til greina.

Umsóknum skal skilað í tölvupósti á benedikt@hagar.is

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## Lausar stöður við Súðavíkurskóla

Súðavíkurskóli samanstendur af þremur skólagerðum þ.e. grunn- leik- og tónlistarskóla. Núna er laus staða deildarstjóra á leikskóladeild.

Unnið er í anda Uppbyggingar til ábyrgðar og lögð er áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, vellíðan nemenda og samvinnu starfsmanna.

Súðavíkurhreppur greiðir laun eftir kjarasamningi KÍ og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til 31. maí 2010, meðmæli óskast með umsókn. Nánari upplýsingar veitir Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri í hs: 456-4985, vs: 456-4924, gsm: 893-4985, netfang: annalind@sudavik.is

SSR
SVÆÐISSKRIFSTOFA MÁLEFNA FATLAÐRA Í REYKJAVÍK

## Sumarstörf

Starfsfólk óskast á morgun-, kvöld-, nætur- og helgarvaktir í afleysingar á heimili SSR í sumar. Ýmis vinnuhlutföll í boði.
Nánari upplýsingar gefur Guðjón Jóhannsson á skrifstofunni, 533-1388, gudjonj@ssr.is, og forstöðumenn hinna ýmsu starfsstöðva.

- Óskað er eftir fólki á öllum aldri og af báðum kynjum, en aldurstakmark er 20 ár
- Starfið felst aðallega í því að aðstoða íbúa í daglegu lífi og vera félagslegur stuðningur við þá
- Laun eru samkvæmt samningum ríkisins og SFR
- Umsóknarfrestur er til 6. júní 2010
- Unnt er að sækja um á netinu, www.ssr.is

*Á SSR er unnið í samræmi við jafnréttisáætlun*

Íslandsbanki

# Sérfræðingur
óskast í launadeild Íslandsbanka

Launadeild Íslandsbanka ber ábyrgð á launaútreikningi bankans, ásamt því að annast skýrslugerð og upplýsingagjöf fyrir aðrar einingar bankans. Vegna aukinna verkefna vantar okkur nýjan liðsmann í hópinn.

### Helstu verkefni:

- Skýrslugerð og gagnagreining úr SAP launakerfi og Business Warehouse (SAP/BW)
- Greiningar á sviði launa- og mannauðsmála
- Þróun kjararamma og samninga
- Innleiðing nýjunga í SAP Launakerfi og SAP/BW
- Innleiðing á launaskýrslum í SAP/BW fyrir stjórnendur bankans

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun, tölfræði, viðskiptafræði, sálfræði eða sambærileg menntun
- Færni í notkun Excel
- Þekking á SAP er kostur
- Þekking, reynsla og áhugi á gagnagreiningu og skýrslugerð
- Reynsla á sviði mannauðsmála er kostur
- Nákvæmni og talnaskilningur
- Færni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Ragnar Torfi Geirsson, deildarstjóri launadeildar, sími 440 4182, ragnar.geirsson@islandsbanki.is.

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 30. maí næstkomandi. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang sigrun.olafs@islandsbanki.is.



Sveitarfélagið ÁRBORG

## Sunnulækjarskóli

**Eftirfarandi stöður við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru lausar til umsóknar:**

- Umsjónarkennsla í 1. bekk
- Kennsla í hönnun og smíði
- Stuðningsfulltrúi í sérdeild og á skólavistun
- Aðstoð í mötuneyti, 50% starf

Í skólanum er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma.

Umsækjandi þarf að hafa góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar. Umsækjandi um kennarastöðu þarf að hafa leyfisbréf grunnskólakennara.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans www.sunnulaekjarskoli.is og hjá skólastjóra, Birgi Edwald í síma 480 5400 eða tölvupósti birgir@sunnulaek.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningum LN og KÍ vegna kennarastaða en samkvæmt samningi Launanefndar sveitarfélaga og Samflots bæjarstarfsmanna.félaga vegna starfs stuðningsfulltrúa og starfs í mötuneyti.

Ráðning til auglýsta starfa miðast við næsta haust, 1. ágúst til kennarastarfa en 15. ágúst til annarra starfa.

**Umsóknarfrestur er til 4. júní nk.**

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist eigi síðar en 4. júní til Birgis Edwald, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is eða skriflega til Sunnulækjarskóla, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330


Capacent Ráðningar

# HAGFRÆÐINGUR

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

**Samkeppniseftirlitið auglýsir eftir umsóknum um starf hagfræðings við stofnunina. Mun hann bera ábyrgð á úrlausn samkeppnismála á fjölbreyttum sviðum atvinnulífsins. Jafnframt mun hann greina og fylgjast með samkeppnisstöðu fyrirtækja á tilteknum mörkuðum.**

**Æskileg menntun og reynsla**
- Háskólapróf í hagfræði. Framhaldsmenntun æskileg
- Menntun og reynsla sem nýtist í samkeppnismálum
- Reynsla sem nýtist í stjórnsýslu

**Hæfniskröfur**
- Frumkvæði við úrlausn viðfangsefna
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í samskiptum
- Færni í rituðu máli
- Mjög góð tungumálakunnátta

Umsjón með ráðningunni hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 6. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Samkeppniseftirlitið áskilur sér rétt til þess að ráða starfsfólk á grundvelli auglýsingarinnar næstu sex mánuði eftir birtingu hennar. Nánari upplýsingar veitir einnig Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins. Áhugasömum er jafnframt bent á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins, www.samkeppni.is.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

Viðlagatrygging Íslands

Nánari upplýsingar um starfsemi Viðlagatryggingar Íslands má finna á http://www.vidlagatrygging.is/

**Staða framkvæmdastjóra Viðlagatryggingar Íslands er laus til umsóknar. Viðlagatrygging Íslands starfar skv. sérlögum nr. 55/1992 með áorðnum breytingum og reglugerð no. 83/1993.**

**Starfssvið**
- Daglegur rekstur og framkvæmdastjórnun stofnunarinnar
- Fjármálaumsýsla og fjármunavarsla
- Samskipti og samningagerð við erlenda endurtryggingarhafa
- Önnur verkefni á sviði framkvæmdastjóra

**Æskilegt er að framkvæmdastjóri hefji störf eigi síðar en 1. ágúst 2010.**
**Stjórn VÍ ákvarðar starfskjör framvæmdastjóra.**

**Æskileg menntun og hæfni**
- Menntun á sviði viðskipta eða stjórnunar
- Reynsla af fjármálaumsýslu og fjármögnun
- Góð þekking á vátryggingamálum
- Góð tungumálakunnátta, mjög góð kunnátta í ensku skilyrði
- Góð þekking á upplýsingatækni
- Frumkvæði, skipulagning og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Leiðtogahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 6. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Störf í leikskólum

Við leikskóla Hafnarfjarðar eru lausar stöður leikskólakennara frá 1. ágúst 2010. (nema Kató).
Þá er laus staða matreiðslumeistara frá 15. júní og staða deildarstjóra (leiðrétting) frá 1. ágúst við leikskólann Vesturkot.

Allar upplýsingar veita leikskólastjórar viðkomandi leikskóla en sjá nánar á heimasíðu www.hafnarfjordur.is/leikskolar

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

## Meiraprófsbílstjóri - Sumarafleysingar

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða bílstjóra til afleysingastarfa í Reykjavík. Viðkomandi þarf að hafa meirapróf.

Ráðningartími er frá 7. júní til 23. júlí í sumar.

Umsóknir berist SS, Fosshálsi 1,110 Reykjavík.
Einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu fyrirtækisins **www.ss.is**

Nánari upplýsingar gefur Bjarni Stefánsson, starfsmannastjóri í síma 575 6000.

**Sláturfélag Suðurlands er leiðandi matvælafyrirtæki með starfsstöðvar í Reykjavík, á Selfossi og á Hvolsvelli. Hjá félaginu starfa um 330 starfsmenn. Upplýsingar um SS er að finna á heimasíðu fyrirtækisins.**

## Forritari við Reiknistofnun Háskóla Íslands

**Um er að ræða starf forritara fyrir innri vef Háskólans, UGLU. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem sjálfstæði og skipulagshæfileikar fá að njóta sín.**

Leitað er að áhugasömum einstaklingi með reynslu af forritun í PHP eða sambærilegu máli. Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun er kostur. Hæfileikar í mannlegum samskiptum, hópvinnu og sjálfstæði í vinnubrögðum eru nauðsynlegir eiginleikar. Góð íslensku- og enskukunnátta er kostur.

Umsóknarfrestur er til 7. júní nk.

Sjá nánar: www.starfatorg.is
og www.hi.is/is/skolinn/laus_storf

Nánari upplýsingar veitir: Ragnar Stefán Ragnarsson, deildarstjóri hugbúnaðarþróunar hjá Reiknistofnun Háskóla Íslands, sími 525 4221, netfang: ragnarst@hi.is.

PIPAR\TBWA • SÍA • 101340

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Liberté • Égalité • Fraternité
RÉPUBLIQUE FRANÇAISE

## Sendiráð Frakklands

Franska sendiráðið leitar að ritara í **hálft starf**, til **sex mánaða** (miðjan júní fram í miðjan desember).

**Hæfniskröfur:**
- Góð kunnátta á íslensku, frönsku og ensku
- Góð tölvukunnátta (Word, Excel og Outlook)

Umsóknir berist til franska sendiráðsins fyrir 1. júní. Umsókn skal samanstanda af ferilskrá og kynningarbréfi, þar sem útskýrður er áhugi fyrir starfinu og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Franska sendiráðið
Túngötu 22
101 Reykjavík

Allar frekari upplýsingar um starfið fást í síma 575 9600 eða með því að senda póst á netfangið ambafrance@ambafrance.is.

AIR ATLANTA ICELANDIC

## Ferðaskrifstofa starfsmanna

Laust er til umsóknar starf í ferðadeild fyrirtækisins. Leitað er að einstaklingi með reynslu af bókunum viðskiptaferða, góða almenna tölvuþekkingu, kunnáttu á Amadeus, lipurð í samskiptum við innlenda jafnt sem erlenda samstarfsaðila ásamt mjög góðri enskukunnáttu í rituðu og töluðu máli. Um fullt starf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Eingöngu verður tekið við umsóknum á tölvupóstfang starfsmannasviðs hr@airatlanta.com fyrir 27. maí 2010.**

## Viltu bætast í hópinn?

## Leikskólinn Sjáland leitar eftir skemmtilegu og jákvæðu fólki

**Við leitum eftir starfsfólki með leikskólakennaramenntun eða aðra uppeldismenntun. Skilyrði er að viðkomandi sé sjálfstæður, stundvís , jákvæður og hafi frumkvæði.**

Við höfum skýra stefnu og framtíðarsýn á starf okkar. Við erum skóli í þróun og metum mikils áhuga og metnað starfsmanna okkar. Við vinnum eftir skýrri skólastefnu sem byggir á fjölgreindunum og einstaklingsmiðuðu námi. Við erum umhverfisvæn og fengum Grænfánann s.l. desember. Leiðarljós okkar í starfsmannahópnum er *„að samskipti séu opin, góð og gagnrýnin, og byggja á jákvæðni, nákvæmni og virðingu“.*

Umsóknarfrestur er til 28.maí. Sótt er um á www.sjaland.is. Frekari upplýsingar veitir Ída Jensdóttir leikskólastjóri í síma 578-1220 eða á netfangið; sjaland@sjaland.is

Leikskólinn Sjáland er einkarekinn leikskóli í Garðabæ. Leikskólinn er staðsettur í sannkallaðri náttúruperlu við fjöruna í Sjálandshverfi. Leikskólinn opnaði í ágúst 2005 og er því nánast nýr og öll aðstaðaða til fyrirmyndar. Áhersla er á hollustu og heilbrigði og því er leikskólinn reyklaus vinnustaður.

LEIKSKÓLINN SJÁLAND
*- náttúruleg gleði*

## Starfsfólk óskast

**Starfsfólk óskast í hlutastarf, á dag- og helgarvaktir.**
**Upplýsingar veittar á staðnum.**

MOKKA KAFFI

**Skólavörðustíg 3a | Opið daglega kl. 9-18.30**

**Fjölbrautaskóli Snæfellinga auglýsir eftir framhaldsskólakennurum fyrir haustönn 2010.**

Kennsluaðferðir eru verkefnamiðaðar og námsmat byggir á leiðsagnarmati. Skólinn er með framhaldsdeild á Patreksfirði.

Ráðið verður í stöðurnar frá **1. ágúst 2010**.
Laun greiðast samkvæmt stofnanasamningi skólans.

Umsóknarfrestur er framlengdur til 1.júní 2010.
Nánari upplýsingar veitir skólameistari á netfanginu joneggert@fsn.is eða í síma 430 8400/891 7384.
Á vef skólans **www.fsn.is** má einnig finna ýmsar upplýsingar um skólann.

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

**SFR – stéttarfélag leitar að umsjónarmanni/mönnum fyrir orlofsbyggð félagsins í Bollagörðum í Vaðneslandi.**

Um er að ræða umsjón og eftirlit með 9 orlofshúsum allt árið. Um hlutastarf er að ræða sem hentað getur hjónum eða einstaklingi.
Upplýsingar um starfið gefur Þórarinn Eyfjörð framkvæmdastjóri SFR í síma **893 9879** og/eða í **thorarinn@sfr.is**.

BRIM SEAFOOD

## Óskum eftir stafsmanni í vinnsluviðhald

Brim hf. óskar eftir viðgerðarmanni í landvinnslu fyrirtækisins á Akureyri. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af viðhaldi véla og tækja og þekking á flökunarvélum er kostur. Iðnmenntun er æskileg.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá berist Brim hf. Fiskitanga 4, 600 Akureyri merktar Ágúst Torfi Hauksson eða á netfangið ath@brimhf.is

Nánari upplýsingar veitir Ágúst Torfi Hauksson, netfang ath@brimhf.is og í síma 580 4112

## Húnavatnshreppur auglýsir eftir deildarstjóra við leikskólann Vallaból.

Deildarstjóra með leikskólamenntun vantar til starfa við leikskólann Vallaból á Húnavöllum. Ráðningartími frá 1. ágúst 2010.

Leikskólinn er í nýju húsnæði og vel búinn, áætlaður fjöldi barna um 15.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við Jóhönnu G. Jónasdóttur leikskólastjóra í síma 452 4530 og 864 4846 eða senda tölvupóst á johanna@blonduos.is jens@emax.is

Skriflegum umsóknum skal skilað á skrifstofu Húnavatnshrepps á Húnavöllum eða á heimasíðuna **www.leikskoli.is/vallabol**

Umsóknarfrestur er til mánudags **7. júní** næstkomandi.

***Sveitarstjóri Húnavatnshrepps.***

## Náttúrulækningabúðin leitar að þjónustulunduðum einstaklingi til að starfa í verslun fyrirtækisins að Skólavörðustíg 20.

Náttúrulækningabúðin sérhæfir sig í sölu á ullar- og silkifatnaði fyrir börn og fullorðna. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður, hafa frumkvæði og vera jákvæður. Kostur að viðkomandi hafi unnið við sölustörf eða í verslun en ekki skilyrði.
Leitum að starfsmanni annarsvegar til að vinna frá: 10:45-14:45 og annan hvern laugardag og hinsvegar frá: 14:15-18:15 og annan hvern laugardag.(11-16)

**Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn með mynd á netfangið kaup@kaup.is**

Sveitarfélagið ÁRBORG

## TALMEINAFRÆÐINGUR

Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir talmeinafræðingi í tímabundið verkefni sem felst í því að gera átak í að þjálfa börn sem eru í brýnustu þörf vegna mál- og talvanda. Um er að ræða 50% stöðu til eins árs. Ráðningartími yrði frá og með 1. ágúst 2010 og starfsstöð verður á Selfossi.

**Helstu verkefni:**
- Talþjálfun grunn- og leikskólabarna
- Ráðgjöf til starfsfólks leikskóla og grunnskóla.
- Ráðgjöf til foreldra.
- Fræðsla af ýmsu tagi.
- Samstarf við aðrar stofnanir.

**Menntunarkröfur:**
- Prófgráða í talmeinafræðum og starfsréttindi talmeinafræðings.

**Aðrar kröfur:**
- Starfið er þjónustustarf og krefst samstarfshæfni við bæði börn og fullorðna.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags

**Umsóknarfrestur er til 7. júní. 2010**

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Bjarnason verkefnisstjóri fræðslumála. Sími 480 1900 og netfang siggi@arborg.is

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega til Fjölskyldumiðstöðvar Árborgar b/t Sigurðar Bjarnasonar verkefnisstjóra fræðslumála Austurvegi 2 800 Selfoss, eigi síðar en 7. júní 2010.

## Tölvuráðgjafi við
### Reiknistofnun Háskóla Íslands

**Starfið felst í að veita viðskiptavinum aðstoð og upplýsingar og leysa almenn tölvumál. Starfið er bæði fjölbreytt og krefjandi.**

Starfsmaður þarf að vera áhugasamur með góða þekkingu og reynslu af tölvumálum ásamt hæfni í mannlegum samskiptum. Hann þarf að vera lausnamiðaður, geta sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt.

Umsóknarfrestur er til 7. júní nk.

Sjá nánar: www.starfatorg.is
og www.hi.is/is/skolinn/laus_storf

Nánari upplýsingar veitir: Albert Jakobsson, deildarstjóri notendaþjónustu hjá Reiknistofnun Háskóla Íslands, sími 525 4754, netfang: aj@hi.is.

PIPAR\TBWA • SÍA • 101341

HÁSKÓLI ÍSLANDS

# SÉRFRÆÐINGUR Í TÖLFRÆÐIDEILD



Tölfræðideild Íslenskrar erfðagreiningar leitar að sérfræðingi í tölfræði, stærðfræði eða lífupplýsingafræði (bioinformatics).

**STARFSLÝSING**

Starfið felst í tölfræðilegri úrvinnslu gagna í tengslum við sjúkdómaverkefni og þróun nýrra tölfræðiaðferða við þá úrvinnslu. Vinnan felst meðal annars í útreikningum á sambandi stakra erfðamarka og haplótýpa við svipgerðir, arfgengi og erfðafræðilegri áhættu skyldmenna, tengslagreiningu, tengslaójafnvægi, samverkandi áhrifum milli sjúkdómsgena og erfðum magnbundinna eiginleika.

Starfsmenn á tölfræðisviði koma einnig að gæðastjórnun á framleiðslu gagna, sem og undirbúningi einkaleyfaumsókna og vísindagreina til birtingar í alþjóðlegum vísindatímaritum. Að mestu er unnið í Linux stýrikerfi með forritum sem þróuð hafa verið innan deildarinnar.

**UMSÓKNIR**

Íslensk erfðagreining býður mikla möguleika á starfsþróun og símenntun, og starfsumhverfi sem einkennist af nýsköpun, hugmyndavinnu og góðum starfsanda.

Umsækjendur eru beðnir um að skila umsóknum á umsóknarvef á heimasíðu Íslenskrar erfðagreiningar (www.decode.is). Afrit af prófskírteinum skulu send til: Starfsmannaþjónustu, Íslensk erfðagreining, Sturlugötu 8, 101 Reykjavík.

**Nánari upplýsingar um störfin má fá á heimasíðu ÍE, eða hjá Sigríði E. Guðlaugsdóttur, starfsmannastjóra, í síma 570 1900 eða (careers@decode.is).**

**HÆFNISKRÖFUR**

Háskólapróf, MSc eða Ph.D. gráða, í tölfræði, stærðfræði, lífupplýsingafræði eða skyldum greinum. Þekking á skeljaforritun og forritun í C++, C, S-Plus/R, Python og Perl er mikill kostur.

Við leitum að sjálfstæðum og samviskusömum einstaklingi sem sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér nákvæm og öguð vinnubrögð. Góð enskukunnátta er skilyrði.

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Sturlugata 8 101 Reykjavík s.570 1900 www.decode.is

# Störf hjá fyrirtæki sem þjónar íslensku atvinnulífi

## Lögfræðingur á lögfræði- og eignasviði

Viðkomandi mun sinna almennum lögfræðistörfum á lögfræði- og eignasviði. Umsækjendur þurfa að hafa meistarapróf í lögfræði. Lögmannsréttindi og/eða starfsreynsla er æskileg. Rík áhersla er lögð á trúmennsku í starfi, metnað, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

## Sérfræðingur

Við leitum að framúrskarandi starfsmanni til að vinna að lausnum á flóknum skuldamálum með viðskiptavinum okkar. Viðkomandi þarf m.a. að eiga samskipti við lánastofnanir og vinna að tillögum um endurskipulagningu fyrirtækja þar sem það á við. Náið samstarf verður við fyrirtækjasvið Lýsingar og viðskiptastjóra. Starfið heyrir undir forstjóra Lýsingar.

Hæfniskröfur: Háskólapróf í viðskiptafræði, verkfræði, MBA eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi. Að minnsta kosti 3ja ára starfsreynsla við útlán í banka eða fjármálastofnun. Framúrskarandi samskiptahæfni. Mjög góð þekking á rekstri fyrirtækja.

## Starfsmaður í reikningshald

Starfið felst í bókhaldsstörfum, úrvinnslu gagna og öðrum tilfallandi verkefnum. Reynsla af bókhaldsstörfum er skilyrði og æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun. Þekking og reynsla af SAP upplýsingakerfum er kostur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Lýsing hefur síðan 1986 sérhæft sig í eignaleigu og fjármögnun atvinnutækja, atvinnuhúnæðis og bifreiða. Hjá Lýsingu starfar samheldinn hópur einstaklinga með það markmið að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og lausnir við hæfi.

Nánari upplýsingar veitir Eygló Grímsdóttir, skrifstofustjóri, í síma 540 1500. Umsóknir með ferilskrá sendist á netfangið eyglo@lysing.is merkt því starfi sem við á en einnig er hægt að sækja um störfin á www.lysing.is Umsóknarfrestur er til og með 28. maí nk.

Lýsing hf. - Ármúla 3 - 108 Reykjavík - sími: 540 1500 - www.lysing.is

LÝSING

Mata hf. • Sundagörðum 10 • 104 Reykjavík

## Mata hf óskar að ráða til starfa skrifstofu/ sölumann til eins árs.

**Starfssvið:**
- Símvarsla (móttaka pantana og skráning)
- Reikningsgerð
- Uppgjör viðskiptavina
- Almenn skrifstofustörf

Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi reynslu á þessu sviði sem og góða tölvuþekkingu, Navision kunnátta er kostur.

**Við leitum að** metnaðarfullum einstaklingi sem hefur góða þjónustulund, getur sýnt frumkvæði, er skipulagður og sveigjanlegur og hefur hæfileika í mannlegum samskiptum.

Mata er rótgróin heildsala sem sérhæfir sig í dreifingu á ávöxtum og grænmeti.

Áhugasamir sendið inn skriflegar umsóknir á netfangið olof@mata.is

---

VERKMENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

## Lausar stöður

Við Verkmenntaskólann á Akureyri eru eftirtaldar stöður lausar til umsóknar:
**Danska (1/1)**
**Íslenska (1/1) Afleysing í eitt ár.**
**Vélstjórn (1/1)**

Verkefnastjóri gagnasmiðju (1/1) Umsjón með heimasíðu og vef skólans, verkefnisstjórn í tengslum við gangasmiðju, námskeið um notkun netsins og kennsluvefjar (Moodle), aðstoð við kerfisstjóra o.fl. (Sjá starfslýsingu í Gæðahandbók á heimasíðu skólans.)

**Stuðningsfulltrúi á starfsbraut fatlaðra:**
Við leitum að karlmanni í 80% starf og tveimur einstaklingum í 50% starf. Æskilegt að annar þeirra væri sjúkraliði.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi framhaldsskólakennara og fjármálaráðuneytis.

Skriflegar umsóknir ásamt greinargerð um menntun og fyrri störf berist Verkmenntaskólanum á Akureyri, Hringteigi 2, 600 Akureyri.

**Umsóknarfrestur er til 6. júní.**

Umsækjendur um kennslu hafi háskólapróf eða viðurkennd próf og réttindi úr sérskólum auk kennsluréttinda í framhaldsskóla. Vefstjóri þarf að hafa háskólapróf á sviði tölvu- og upplýsingatækni auk reynslu af tengdum störfum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar gefur undirritaður, auk aðstoðarskólameistara, í síma 464 0300 á skrifstofutíma
(netföng: hjalti@vma.is, huld@vma.is)

Skólameistari

---

## Röskir handflakarar óskast til starfa í Sandgerði

Þurfa að geta flakað allar tegundir fisks.
Mikil vinna í boði og góðir tekjumögulekar.
Einnig er hægt að útvega húsnæði.
Nánari upplýsingar í síma
**893 8247** og **897 1806** eftir helgi.

---

VÉLASALAN

## Viltu slást í hópinn?

Vegna mikilla anna og fjölda verkefna framundan óskar Vélasalan eftir sölumanni. Þekking á vélum og vélbúnaði mikill kostur, áhugi á öllu sem viðkemur bátum og útgerð skilyrði.
**Upplýsingar um Vélasöluna er að finna á www.velasalan.is. Umsóknir með ferilsskrá sendist á velasalan@velasalan.is eða til Vélasalan Klettagörðum 25, 104 Reykjavík. Merkt –sölumaður.**

***Vélasalan er sjötug en síung –fögnum 70 ára afmæli 2010.***

---

ÁS STYRKTARFÉLAG

## Ertu að leita að krefjandi og skemmtilegu starfi í búsetu?

**Yfirþroskaþjálfi**
óskast til starfa að Víðihlíð. Um er að ræða 70-80% starf í vaktavinnu. Staðan er laus frá 1. september n.k. eða eftir nánara samkomulagi. Hlutverk yfirþroskaþjálfa er fyrst og fremst fólgið í því að sjá um innra faglegt starf, leiðbeina og styðja íbúa í daglegu lífi og leiðbeina starfsmönnum.

**Hæfniskröfur:**
- Góð faglegt þekking
- Almenn tölvukunnátta
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Jákvætt hugarfar og færni í samskiptum og samvinnu
- Starfsreynsla

Boðið er upp á stuðning, starfsfélagahandleiðslu og regluleg starfsmannasamtöl, ásamt ágætri starfsaðstöðu.

Umsóknir þurfa að berast á skrifstofu félagsins fyrir 3. júní. Nánari upplýsingar veita Guðrún Guðmundsdóttir forstöðumaður í síma 568-0242 og Erna Einarsdóttir starfsmannastjóri í síma 414-0500 milli kl. 09.00-16.00 á virkum dögum.

*Saxið shallot-laukinn og hvítlaukinn ásamt steinselju og beikoni. Hitið vel undir potti og steikið beikonið létt í um mínútu. Lækkið hitann og bætið við shallot-lauk, hvítlauk og steinselju. Hrærið vel og steikið þar til laukurinn er gullinn. Takið af hellunni, hrærið salvíu saman við og látið kólna. Setjið fyllinguna inn í brjósthol fisksins ásamt sítrónusneiðum. Gætið vel að því að fiskurinn sé vel hreinsaður og ekki leynist eftir hluti af innyflum. Ef beikon er í fyllingunni dreifist bragðið vel í kjöt fisksins. Ef því er sleppt er betra að stinga í fiskinn á báðum hliðum og setja svolitla fyllingu þar líka. Það er gott að setja fiskinn á þar til gerða fiskgrind og smyrja hana vel með olíu en það má líka vefja hann í álpappír. Grillið fiskinn á hvorri hlið í 5 mínútur. Berið fram með sítrónubátum, salati, kartöflum, smjörbráð og jógúrtsósu. Saltið og piprið eftir smekk.*

**SMJÖRBRÁÐ**

**200 gr ósaltað smjör**
**1 búnt vorlaukur**
**½ búnt salvía**

*Saxið vorlaukinn og helminginn af salvíunni. Bræðið smjörið í potti við miðlungshita og brúnið botnfallið. Gætið vel að því að smjörið brenni ekki. Það á aðeins að brúnast og fá í sig mildan karamellukeim. Bætið vorlauk út í og hrærið vel í um mínútu. Bætið þá salvíunni út í og haldið hitanum í hálfa mínútu. Færið pottinn síðan af hitanum því ef salvian er hituð of lengi missir hún bragðgæði sín.*

**JÓGÚRTSÓSA**

**½ dós grísk jógúrt**
**1 hvítlauksrif**
**vorlaukur**

*Rífið hvítlaukinn út í jógúrtina og stelið smá vorlauk úr smjörbráðinni. Hrærið vel saman og saltið og piprið eftir smekk.*

**SOÐ Í SÚPUR OG SÓSUR**

**beingarður**
**roð**
**fiskhaus**
**2 hvítlauksrif**
**½ laukur**
**2 gulrætur**
**2 stilkar sellerí**
**smjör**
**2/3 hvítvínsglas**

*Blandið fiskafgöngunum saman við grænmetið og léttsteikið í smjöri í nokkrar mínútur. Bætið hvítvínsglasi út í. Hrærið vel í um mínútu og bætið þá lítra af vatni saman við. Sjóðið niður um helming. Síið hratið frá, saltið og piprið og bætið jafnvel grænmetisteningi við. Soðið er gott að geyma í kæli og nota sem grunn í súpur eða sósur.*



Ernu finnst fiskur bestur þegar sem minnst hefur verið átt við hann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# *Grillaður* Í HEILU LAGI

Þegar kemur að grilluðum fiski er Erna Kaaber hrifnust af heilgrilluðum ferskvatnsfiski en heilgrillaður heldur fiskurinn bragðeiginleikum sínum einna best.

Hollt og gott!

Erna Kaaber, eigandi veitingastaðarins Icelandic fish and chips, er afar hrifin af ferskvatnsfiski og reynir að borða hann sem oftast yfir sumartímann. „Ég bý svo vel að Aðalbjörn Sigurðsson, fréttamaður á RÚV og vinur minn, er mikill veiðimaður og hann skýtur reglulega að mér góðum feng. Nú síðast fékk ég urriða sem ég ákvað að heilgrilla.“

Erna segir líka hægt að nota silung en hún sker í fiskinn hér og hvar og fyllir hann með salvíu, hvítlauk, vorlauk og sítrónu. „Fyrir þá sem vilja reykt bragð má bæta söxuðu beikoni í fyllinguna en það fer sérstaklega vel með salvíunni.“ Erna setur fiskinn beint á grillið en hún segir líka hægt að grilla hann í álpappír. „Það er þægilegt upp á þrif að gera en mér finnst hins vegar voða sjarmerandi að fá grillrendurnar í fiskinn.“ Erna segir heilgrillaðan fisk halda bragðeiginleikum sínum afar vel. „Mér finnst fiskur bestur þegar sem minnst hefur verið átt við hann. Með því að grilla hann heilan helst dásamlegt rakastig í kjötinu.“

Erna fullnýtir fiskinn og segir enga ástæðu til að henda beinagarðinum, roðinu og hausnum. Úr því býr hún til soð sem hún notar síðan í súpur eða sósur. „Það lærði ég af ömmu minni sem átti alltaf til soð og gat því töfrað fram sósur á svipstundu.“

Erna segir vel hægt að grilla hinar ýmsu fisktegundir en ef ekki eigi að heilgrilla þær sé best að velja feitan fisk eins og steinbít, hlýra, skötusel og löngu. Fiski á borð við þorsk og ýsu þarf hins vegar að pakka inn í álpappír til að hann molni ekki í sundur.



Erna er almennt mikil fiskkona og lætur nægja að borða kjöt um það bil tvisvar í mánuði. Hún er afar ánægð með það líf sem er að færast í nágrenni veitingastaðar hennar við höfnina. Í gömlu verbúðunum við höfnina opnar veitingastaðurinn Höfnin eftir viku og hinn 6. júní opnar fiskmarkaður á svipuðum slóðum. Sjálf er hún alltaf með nýjungar á boðstólum og meðal þeirra má nefna ristaðan humar auk þess sem von er á kræklingaréttum innan skamms.

\- ve







# Við erum ódýrari

VEIÐIPORTIÐ

Opnunartímar
mán.–fös. kl. 9–18
laugard. kl. 10.00–16.00
Opið á sunnudögum
í júní, júlí og ágúst.

## Veiðiportið • Grandagarði 3 • Sími 552 9940

## Vöðlutilboð

Öndunar vöðlusett. Snowbee vöðlur og Jaxon skór aðeins **28.950 kr.**

**Líklega lang ÓDÝRASTA öndunar vöðlusettið á Íslandi í dag**
**Ath. Vöðlutaska fylgir.**




## Fleece undirfatasett



Peysa og buxur.
Þér verður ekki kalt
í þessu setti.
**Aðeins**
**7.950 kr.**

## Notar þú gleraugu?

Frábær polaroid gleraugu sem smella yfir sjón gleraugun þín. Poki og bönd fylgja.
**Verð**
**5.900 kr.**



Mikið úrval af Polaroid gleraugum frá **2.990 kr.**

## Masterline kassettu fluguhjól

Frábær ál fluguhjól fyrir línu 7/8 á 3 legum með 3 aukaspólum og tösku.
**Verð aðeins 9.500 kr.**
**Einnig fáanleg bara með ál spólu lína 5/6 - 7/8 frá 6.900 kr.**



## Vöðluskór frá Jaxon



Ódýrir vöðluskór frá Jaxon.
Sterkir skór með góðum fílt sóla.

**Verð 11.950 kr.**

## Flugustangarpakki frá Robinson

9 feta stöng í 3 hlutum lína 6/7 ál diskabremsu fluguhjól með 3 legum og nákvæmri diskabremsu flotlína, undirlína, taumatengi og taumur + 10 flugur í poka. Allt sem þú þarft til að byrja í flugunni. **Verð 19.900 kr.**



## Maxima Taumaefni

Traust og öruggt taumaefni.
Láttu ekki okra á þér annarstaðar og keyptu Maxima í Veiðiportinu á **aðeins 495 kr. spólan.**




## Klofstígvél

Létt og þægileg
**Verð aðeins**
**6.950 kr.**



## TOPY spúnar



**Verð aðeins 395 kr**

## Jaxon Harmony

Mest seldu stangirnar á Íslandi. Frábærar stangir í alla veiði og verðið er enn betra!
**2.950 kr.** 6 fet. **3.900 kr.** 8 og 9 fet.



Jaxon Adventure 3 legu hjól með auka spólu. **Verð 2.950 kr.**

Jaxon Arrow 5 legu hjól með aukaspólu og góðri bremsu. **Verð 4.950 kr.**

Jaxon Galand GX 500 stórt 6 legu hjól aukaspóla og samanbrjótanleg sveif með einu handtaki. **Verð 5.990 kr.**

Jaxon Impress Mjög vandað 8 legu hjól með aukaspólu og 2 ára ábyrgð. **Verð 6.950 kr.**

Jaxon Navigator 700. 6 legu stórt strandveiðihjól, sem tekur 335 metra af 30 punda línu aukaspóla. **Verð 8.950 kr.**



## Jaxon slöngubátur 290 cm og 320 cm

Ce vottaðir og samþykktir af Siglingamálastofnun íslands.

- þolir allt að 20 hestafla mótor
- þyngd 45 kg
- harður botn og uppblásinn kjölur
- árar og pumpa
- Kemur í tösku og smellur í skottið á fjölskyldubílnum

**Verð 249.000 kr.**




**Í TILEFNI AF 20 ÁRA AFMÆLI JAXON FYLGIR RAFMAGNSMÓTOR AÐ VERÐMÆTI 44.950 KR. MEÐ ÖLLUM SELDUM BÁTUM Í MAÍ.**


Margir bíða með óþreyju eftir að hrefnan komi úr sjónum til að skella henni á grillið.

# Unaðslegt sælgæti ÚR DJÚPUNUM

**Frá maí til september má komast í tæri við hreinasta lostæti á sumargrillið því þá veiðast kjarnmiklar og bráðhollar hrefnur upp úr íslenskum sjó, en fersk og nýveidd hrefna á ekkert skylt við gamla lýsisupplifun landans.**

Hollt og gott!

Hrefnukjöt er í miklu uppáhaldi og ég grilla það oft yfir sumartímann, enda elska krakkarnir það til jafns við fullorðna fólkið,“ segir Karl Ómar Jónsson, matreiðslumeistari og eigandi Kjötvinnslunnar Esju, en hans menn voru einmitt þeir fyrstu til að veiða hrefnu á dögunum.

„Út eru gefin sex hrefnuveiðileyfi: þrjú til einstaklinga á eigin bátum og þrjú til Félags hrefnuveiðimanna á einum báti. Ég á í samstarfi við einstaklingana þrjá, og tveir af þeim veiddu fyrstu tvær hrefnurnar sem nú eru komnar í sölu hjá mér og nánast slegist um hvern bita, enda lostæti,“ segir Karl Ómar sem sjálfur bíður spenntur eftir fyrstu hrefnunni ár hvert, enda unaðslegt góðgæti úr undirdjúpunum.

„Ég er í stórum vinahópi í golfinu og stundum er boðið upp á hrefnukjöt á grillmótum og þá félögunum leyft að giska á hvað þeir séu að borða. Oftast giska þeir á innflutt nautakjöt en aldrei á það rétta, en sá sem einu sinni prófar grillað hrefnukjöt ánetjast því. Hrefnan á sér því æ fleiri fylgismenn og menn hreinlega klæjar í puttana að njóta hennar, enda ótrúlegt hráefni,“ segir Karl Ómar og útskýrir hvers vegna. „Þegar kjötið er nýtt og ferskt er það bragðlítið en lungnamjúkt og alveg sama hvað maður setur saman við það því það tekur svo vel í sig allar marineringar. Kjötið verður því nákvæmlega eins á bragðið og maður vill hafa það og enginn tónn á bak við sem skemmir marineringuna. Því má leika sér endalaust með hrefnukjöt því kryddjurtir, sósur og marineringar smjúga inn í vöðvann með dásamlegri og hárréttri útkomu.”

Karl Ómar selur ferskt hrefnukjöt sitt eingöngu til veitingahúsa og í kjötborði Bryggjuhússins við Gullinbrú. - þlg


Karl Ómar Jónsson matreiðslumeistari kann margar ljúffengar uppskriftir af hrefnukjöti á grillið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Sérblað um tjöld og útilegubúnað

Kemur út miðvikudaginn 26. maí

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:**

Benedikt
• benediktj@365.is
• sími 512 5411

Hlynur Þór
• hlynurs@365.is
• sími 5125439


AF

## HREFNA Á ÞENNAN MÁTA

### HREFNUSTEIK MEÐ PIPARSÓSU

*Fyrir 4*

**Aðalréttur fyrir fjóra**
**1 kg ferskt, ófrosið hrefnukjöt**
**grill- og steikarolía**
**sítrónupipar**

*Hrefnukjötið skorið í 1 sentimetra þykkar sneiðar. Þeim dýft í steikarolíu og síðan settar á þurra og snarpheita pönnu eða grill. Steiktar í um það bil hálfa mínútu á hvorri hlið. Kryddað með sítrónupipar.*

**HEIT PIPARSÓSA**
**(ættuð frá meistara Úlfari)**
**250 ml mjólk**
**250 ml rjómi**
**smjörbolla eða sósuþykkir í pakka**
**4 steiktir sveppir, settir út í sósuna**
**2 tsk. kjötkraftur**
**2 dl sérrí**
**1 tsk. sítrónupipar**
**1 tsk. svartur pipar**

*Hrefnukjöt er yndislegt á grill, en varast ber að elda það of mikið. Þessi aðferð er einföld, fljótleg og hefur reynst afar vel.*

### HREFNA TERIYAKI

*Fyrir 4*

**1 kg hrefnukjöt**
**1 dl Teriyaki-sósa**
**3 stk hvítlauksrif**
**1 tsk rifin engiferrót**
**salt**
**nýmalaður svartur pipar**

*Merjið hvítlauksrifin og blandið ásamt engifer í Teriyakisósuna og setjið í skál eða á fat. Skerið kjötið í eins sentimetra þykkar sneiðar og látið marinerast í tvo tíma. Veltið sneiðunum í marineringunni annað slagið. Steikið á funheitu grilli í sirka hálfa til eina mínútu á hvorri hlið. Kryddið með salti og svörtum pipar.*

*Berið fram með góðri grillsósu, bakaðri kartöflu og fersku salati. Einnig smellpassar gamla góða Bernaise-sósan. Fleiri uppskriftir á www.esja.is undir Góðir hlekkir.*

### MARINERAÐ HREFNUKJÖT Í FORRÉTT

*Fyrir 4 til 6*

**½ kg hrefnukjöt**
**2 dl ólívuolía**
**2 msk. sojasósa**
**1 msk. ferskt engifer**
**1 stk. rautt chili**
**6 lauf ferskur hvítlaukur**
**Maldon-salt (lítið)**
**Sítrónupipar**

*Bankið kjötið í þunnar sneiðar svo það verði ekki seigt. Skerið kjötið í fína strimla. Blandið saman olíu, sojasósu, salti og sítrónupipar til að gera kryddlöginn. Fínsaxið engifer, hvítlauk og chilipipar saman við. Leggið kjöt í kryddlöginn og látið bíða við stofuhita í rúma klukkustund. Berið fram með ristuðu brauði og fersku salati. Einnig má snöggsteikja þetta í örfáar sekúndur og borða sem aðalrétt.*

# LEYNIVOPNIÐ


Sigríður ræktar krydd sem hún klippir yfir grillbrauð og fleira. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## SÚRT OG SÆTT SAMAN

„Segja má að mitt leynivopn sé súrt í sætt og sætt í súrt með slatta af kærleika og fersku hráefni,“ segir Hafnfirðingurinn Sigríður Friðriksdóttir með heimspekilegu brosi þegar hún er innt eftir leynivopni sínu í eldhúsinu. Hún verður að útskýra þetta nánar. „Ég set oft smá sætu, til dæmis mango chutney, rababarasultu eða púðursykur í sterka eða bragðmikla rétti og svo smá salt í eftirrétti og heitt súkkulaði. Þá nota ég sítrusávexti töluvert í marineringar bæði á kjöt og fisk því þeir passa vel með þessu. Reglan er að hafa þetta bragðefni nógu lítið þannig að það finnist ekki en oft ýkir það einkenni réttanna og skapar keim sem fólk er hrifið af og finnst öðruvísi en það á að venjast.“

Sigríður er eigandi Græna kaffihússins í Hellisgerði í Hafnarfirði. Eldhúsið er ótrúlega lítið en þar getur Sigríður samt framleitt dýrindis meðlæti með kaffinu og súkkulaðinu, auk þess sem hún ræktar krydd til að klippa yfir grillað brauð sem hún býður upp á. Hún tekur snittubrauð eða baguette, sker það langsum og setur hvorn helming fyrir sig á grillið, nuddar þá heita með hvítlauk, setur smá ólívuolíu til að væta þá og raðar ferskum tómötum ofan á sem hún hefur marinerað aðeins í sítrónu. Dreypir svo ólívuolíu yfir og dreifir hvítlauk, basil og fleira kryddi ásamt mosarellaosti.

Græna kaffihúsið hefur opið um helgar frá því í desember og verður opið daglega frá 1. júní.

- gun

## *margt smátt*



**SVALANDI Á SUMARKVÖLDI** Á fallegum sumarkvöldum er gott að gæða sér á heimagerðu límonaði. Hér er uppskrift að einu þess háttar: 1 bolli sykur, 4 til 5 bollar kalt vatn, 4 til 6 sítrónur. Setjið sykurinn og 1 bolla af vatni í pott. Látið sjóða og hrærið í. Kreistið sítrónurnar þannig að safinn fylli einn bolla. Leyfið því næst blöndunni að kólna og stingið henni svo inn í ísskáp þegar hún er við stofuhita. Sigtið steinana frá en skiljið aldinkjötið eftir. Þeytið svo kældu blönduna, sítrónusafann og seinni 3 til 4 vatnsbollana saman og berið fram með klökum.



**GRILLAÐ SAMAN** Holugrill getur verið skemmtileg afþreying fyrir alla fjölskylduna. Í upphafi þarf að grafa holu og safna grjóti og spýtum til að nota við matreiðsluna. Grjótið er sett í botn holunnar svo lofti um kolin sem sett eru ofan á. Því næst er kveikt í kolunum. Matnum er pakkað inn í smjörpappír og utan um er svo vafinn álpappír. Þegar kolin hafa gránað er maturinn settur ofan í holuna og grjót, spýtur og torf sett yfir. Snúa þarf kjötinu á eldunartímanum.

**GRILLAÐUR FISKUR** Þegar fiskur með roði er grillaður er sniðugt að byrja á því að snúa roðhliðinni upp því hún heldur fiskinum saman þegar honum er snúið við.







## VIÐ MÆLUM MEÐ...



**HEIMATILBÚINNI BARBEQUE-SÓSU** Blandið saman í pott 2 bollum tómatsósu, ¼ bolla eplaediki, ¼ bolla Worcestershire-sósu, ¼ bolla dökkum púðursykri, 2 msk. HP-sósu, 1 msk. sterkri sósu, til dæmis Tabasco, 2 msk. sinnepi, 1 msk. reyktu salti, t.d. Maldon, 2 tsk. sætu paprikudufti, 1 tsk. laukdufti, 1 tsk. cayenne-pipar, ½ tsk. svörtum pipar og 1-2 söxuðum hvítlauksrifjum. Hitið við miðlungs til háan hita upp að suðu, lækkið niður í miðlungshita og sjóðið í 10-15 mín. eða þar til sósan er orðin þykk og dökk. Geymist í kæli. Best er að smyrja kjöt með sósu undir lok grilltímans.



**AÐ GRILLA ÚTI Í NÁTTÚRUNNI** Með góðu og handhægu grilli er hægt að njóta þess að snæða glóðarsteiktan mat úti í garði eða á skemmtilegu ferðalagi í fögru umhverfi, á pallinum við sumarbústaðinn, við helli eða niðri í fjöru.



**GÓÐU KRYDDI** Fátt er eins mikilvægt í matargerð og ekki verra ef framleiðslan er íslensk. Bezt á-kryddin koma þar sterkt inn en það nýjasta, Bezt á svínið, hentar vel á svínakjöt, kjúklingakjöt og grillaðan fisk og grænmeti.







RÓMEÓ OG JÚLÍA
VesturPort
Takmarkaður
sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Borgarleikhúsið

# Minningar um HM

Til að þreyja þorrann meðan beðið er eftir HM í Suður-Afríku, sem hefst eftir nítján daga, bað *Kjartan Guðmundsson* nokkra valinkunna andans menn og konur um að rifja upp eftirminnilegar stundir frá HM.



**HETJA** Maradona gerði tvö ógleymanleg mörk í leik gegn Englendingum í átta liða úrslitum á HM 1986. Hið fyrra með „hendi guðs“ og hið síðara eftir stórfenglegan, sextíu metra, tíu sekúndna einleik upp völlinn. Síðara markið hefur verið nefnt „mark aldarinnar“ og Argentínumenn stóðu uppi sem sigurvegarar í lok móts. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Eftirminnilegasta keppnin



„Ég man nú svo langt aftur að eftirminnilegasta keppnin er HM í Mexíkó 1970 sem Brasilíumenn sigruðu með stórkostlegt gullaldarlið, Pelé, Rivelino og fleiri snillinga innanborðs. Það var ansi mikill spenningur fyrir þennan úrslitaleik milli Brasilíu og Ítalíu, því þar áttust við besta sóknarliðið og besta varnarliðið,“ segir Einar Kárason rithöfundur.

Ekki var byrjað að sýna frá HM í knattspyrnu í ríkissjónvarpinu fyrr en 1982. Einar minnist þess þó að hafa séð tveggja klukkustunda langa kvikmynd um keppnina 1970 í Gamla bíói, þá fjórtán ára gamall. „Ég hafði aldrei séð fótbolta í svona alþjóðlegu samhengi áður, heldur las ég um erlenda leiki í Mogganum og sá svarthvítar myndir sem höfðu verið símsendar hingað. Þannig að þetta var auðvitað rosaleg upplifun á sínum tíma, að sjá þetta í lit og á breiðtjaldi. Það lá við að ég fengi kúltúrsjokk, eins og sagt er um þá sem koma á listasöfnin í Flórens. Það var grafarþögn í salnum og mikil spenna. Þetta tryggði það að ég hef fylgst með öllum HM-keppnum síðan,“ segir Einar.

## Besta liðið



**KOLLEGAR** Frakkar slógu Brasilíumenn út í vítaspyrnukeppni í átta liða úrslitum á HM í Mexíkó 1986 í einum eftirminnilegasta fótboltaleik allra tíma. Hér sjást miðvallarmeistararnir Alemao og Platini, en sá franski átti 31 árs afmæli þennan dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Að mati tónlistarmannsins Ólafs Josephssonar, sem einnig gengur undir nafninu Stafrænn Hákon, er lið Brasilíumanna á HM í Mexíkó árið 1986 það besta í sögu HM.

„Ég gleymi seint þessari heimsmeistarakeppni sem átti sér stað á sama tíma og ég tók í fyrsta skipti þátt í Tommamótinu í Eyjum,“ segir Ólafur. „Við ÍR-ingarnir gistum í Barnaskólanum í Vestmannaeyjum og maður var alltaf að stelast til að kíkja á leikina niðri í anddyri. Lið Brasilíu var hreinlega skipað ofurmönnum á borð við Sókrates, Eder, Zico, Careca og fleiri snillinga. Eftirminnilegast er þegar Sókrates tók víti án atrennu, magnað verkfæri sem hvern ungan fótboltasnáða dreymdi um að geta framkvæmt eins listilega. Þeir voru svo slegnir út af Frökkum, sem voru mikil vonbrigði,“ segir Ólafur.

## Óvæntustu úrslitin



**KOMU Á ÓVART** Búlgarir, með Hristo Stoichkov í broddi fylkingar, komu á óvart með því að komast í undanúrslit á HM í Bandaríkjunum árið 1994. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



„Það er af mörgum óvæntum úrslitum að taka í sögu HM,“ segir Stefán Pálsson, sagnfræðingur og einlægur áhugamaður um sögu Heimsmeistaramótsins í knattspyrnu. Hann segir freistandi að velja 2-1 sigur Alsír á Vestur-Þjóðverjum á HM 1982. „Þýska liðið var talið eitt það sigurstranglegasta og komst í úrslitaleikinn, en Alsír tók í fyrsta sinn þátt í HM auk þess sem afríski boltinn var mun lægra skrifaður þá en síðar varð. Maklegast hefði verið ef tapið hefði slegið Þjóðverja úr keppni, en þeir sættu lúalagi og komust áfram eftir skammarlega viðureign gegn Austurríki og Alsír sat eftir með sárt ennið,“ segir Stefán. Hann telur þó sigur Búlgara á Þjóðverjum í fjórðungsúrslitum HM 1994 líklega enn óvæntari. „Flestir bjuggust við að þýska liðið kæmist í sinn fjórða úrslitaleik í röð, en tvö búlgörsk mörk á þremur mínútum seint í leiknum gerðu þær vonir að engu. Verst að Búlgarar fögnuðu sigrinum sem heimsmeistarar væru, duttu í það og voru úti á þekju í lokaleikjunum tveimur.“

## Eftirminnilegasta atvikið



„Stóra atvikið í sögu HM er auðvitað helvítis markið sem Maradona skoraði með hendinni á móti Englendingum á HM í Mexíkó 1986,“ segir Ragnheiður Ríkharðsdóttir alþingismaður.

Hún segist muna vel eftir „hendi guðs“ eins og kókaínbróðirinn sjálfur kallaði markið fræga, en hún horfði á leikinn heima í stofu ásamt eiginmanni sínum og syni. „Þetta var ömurlegt og stemningin yfir leiknum var ekkert sérstaklega góð því maðurinn minn hélt með Argentínu en ekki ég. Við höfum rætt þetta atvik reglulega síðan, meðal annars þegar Frakkar komust á HM í Suður-Afríku með handarmarki Thierry Henry gegn Írum, en Henry var alltaf uppáhaldið mitt hjá Arsenal,“ segir Ragnheiður og bætir við að hún hafi ekki þolað Maradona síðan.

## Eftirminnilegasta markið



**VONBRIGÐI** Markvörðurinn David Seaman brast í grát eftir að mistök hans kostuðu Englendinga sæti í undanúrslitum HM 2002. Beckham og Eriksson reyndu að hugga strákinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



„Flottasta markið var klárlega þegar Ronaldinho skoraði sigurmarkið gegn Englendingum í átta liða úrslitum á HM í Japan og Suður-Kóreu árið 2002 eftir ótrúlegt klúður hjá David Seaman, markmanni Englendinga,“ segir Halldóra Anna Hagalín, ritstjóri fótboltatímaritsins Goal.

Hún segist jafnan hvetja undirmálslið til dáða og hefði gaman af óvæntum sigurvegurum í Suður-Afríku, jafnvel einhverju af Afríkuliðunum.

## Eftirtektarverðasti búningurinn



**LITRÍKUR** Jorge Campos var markverður markvörður sem hannaði sína eigin búninga á HM svo eftir var tekið. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



„Jorge Campos, hinn litríki markvörður Mexíkómanna sem lék á HM í Bandaríkjunum 1994 og HM í Frakklandi 1998, ber vafalaust ábyrgð á eftirminnilegasta búningnum í HM, enda treysti hann á að sóknarmennirnir fengju ofbirtu í augun af búningunum hans,“ segir Örn Úlfar Sævarsson, starfsmaður Fítón og Gettu betur-dómari.


Fangaðu heiminn með Canon EOS
Frábær saga snýst um uppgötvun.
Fyrir byrjendur í ljósmyndun og áhugaljósmyndara eru Canon EOS myndavélar frábær valkostur.
Eins og allar Canon EOS DSLR myndavélar þá eru EOS 1000D og EOS 450D með CMOS sensor og búa yfir tækni sem er fengin úr atvinnumannavélum Canon. Flottar myndavélar á góðu verði.
EOS 500D og EOS 550D eru fyrir þá sem vilja fanga söguna með allt að 18 megapixla kyrrmyndum og Full HD vídeó.
EOS 50D og EOS 7D eru framúrskarandi myndavélar fyrir íþrótta- og náttúrulífsljósmyndara en þær taka allt að 18 megapixla kyrrmyndir á allt að 8 römmum á sekúndu. Einnig möguleiki á Full HD vídeó.
Farðu lengra með Canon EOS. Yfirgripsmesta stafræna SLR kerfið í heiminum; útskiptanlegar linsur og aukahlutir sem tryggja sveigjanleika. Þrautreynt af atvinnu og áhugaljósmyndurum. Uppáhald ljósmyndara um allan heim.
EOS
Taktu meira en myndir.
**Taktu sögur.**
Nánari upplýsingar á www.canon.nyherji.is
Vertu aðdáandi Canon á Íslandi á Facebook
Canon
Ljósm. RAX
**Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt**
ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar / **Reykjavík** Sense Center, Kringlunni - Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - ELKO Lindum & Skeifunni - Beco, Langholtsvegi 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholti 50b / **Akureyri** Pedromyndir - A4 / **Húsavík** Bókaverslun Þórarins / **Ísafjörður** Bókahornið - Penninn / **Sauðárkrókur** Tengill - Kaupfélag Skagfirðinga / **Blönduós** Kjalfell / **Hvammstangi** Ráðbarður / **Grundarfjörður** Hrannarbúðin / **Stykkishólmur** Skipavík / **Borgarnes** Omnis / **Akranes** Omnis / **Reykjanesbær** Omnis / **Selfoss** TRS / **Höfn í Hornafirði** Martölvan / **Neskaupstaður** Tónspil / **Egilsstaðir** Myndsmiðjan / **Vestmannaeyjar** Foto - Tölvun / **Netverslun Nýherja**, www.netverslun.is

# KRÓNAN fyrst og fremst ódýr




KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

*Allar verslanir Krónunnar eru lokaðar á Hvítsunnudag*

Krónan Akranesi
alla daga 10-19

Krónan Árbæ
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Breiðholti
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun.12-21

Krónan Granda
alla daga 10-19

Krónan Hvaleyrarbraut
alla daga 11-21

# NÝTT KORTATÍMABIL




*Allar verslanir Krónunnar eru opnar á annan í Hvítsunnu*

Krónan Höfða
virka daga 11-19
lau. 10-19 sun. 11-19

Krónan Lindum
alla daga 10-20

Krónan Mosfellsbæ
alla daga 10-20

Krónan Reyðarfirði
mán.-fim. 11-18
fös. 11-19
lau. 11-17 sun.12-16

Krónan Reykjavíkurvegi
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Selfossi
virka daga 10-20
helgar 10-19

Krónan Vestmannaeyjum
virka daga 11-19
lau. 11-18 sun. 11-16

# Snætt með Noma-stjóranum

**MYNDBROT ÚR DEGI** **Fimmtudaginn 20. maí** | Myndir teknar á Canon G10 Powershot

Dagurinn í gær var að mörgu leyti óvenjulegur fyrir **Steinar Aðalbjörnsson** hjá Matís en fyrirtækið skipulagði Norræna ráðstefnu um mat í vikunni. Meðal gesta ráðstefnunnar var Peter Kreiner frá hinu fræga veitingahúsi Noma í Kaupmannahöfn og fjallað var meðal annars um hvernig ætti að koma norrænum gildum í matargerðarlist á framfæri. Fréttablaðið fylgdist með fullbókuðum degi Steinars.



**1** Dagurinn byrjaði tiltölulega snemma en ég vaknaði klukkan sjö og kom börnunum mínum í skólann. Svo tók við langur dagur þar sem ég var að snúast í kringum ráðstefnu Matís.



**2** Margt góðra manna mætti þarna og meðal góðra gesta var Peter Kreiner, framkvæmdastjóri Noma veitingahússins (www.noma.dk) í Kaupmannahöfn, en veitingahúsið var fyrir stuttu kosið það besta í heimi. Á myndinni eru, auk Peters, Emilía Martinsdóttir og Gunnþórunn Einarsdóttir, starfsmenn Matís.



**3** Um kvöldið var hópnum svo boðið til veislu í höfuðstöðvum Matís.



**4** Í höfuðstöðvunum var boðið upp á íslenskan mat frá A-Ö.


# SÖLUSÝNING

Innréttingar og heimilistæki

vilborga@centrum.is







**Glæsileg hönnun og fágað yfirbragð einkenna heimilistækin og eldhúsinnréttingarnar hjá Eirvík**

**Opið laugardag frá kl. 11:00 -16:00**

Verið velkomin í Eirvík og fáið ráðgjöf og kynningu á vörum og þjónustu.

LIEBHERR Häcker kitchen.germanMade. elica Collection bulthaup Miele

**EIRVÍK** *-hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is









**5** Þórir Bergsson, starfsmaður hjá Matís, skipulagði veisluhöldin og var matseðill hans alveg glimrandi.



**6** Það var ekki mikill tími til annars en vinnu í gær en ég náði þó að „skvísa inn“ klukkustundar hlaupaæfingu kl. 17 í World Class í Laugum og svo slakaði ég á í nokkrar mínútur í yndislegu Baðstofunni. Vinnan beið svo kl. 18.45 og var unnið langt fram eftir kvöldi.









**VICTOR HUGO (1802-1885) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Ég elska alla menn sem hugsa, jafnvel þá sem hugsa öðruvísi en ég.“*



***Victor Hugo var franskur rithöfundur. Verk hans snertu á helstu málefnum og stefnum í stjórnmálum og list á æviferli hans. Þau þekktustu eru Vesalingarnir og Hringjarinn í Notre-Dame.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 22. MAÍ 1954

## *Áburðarverksmiðjan vígð*



Áburðarverksmiðjan í Gufunesi var vígð 22. maí 1954 og það ár hófst framleiðsla áburðar hér á landi. Í fyrstu var bara um eina tegund að ræða, það var köfnunarefnisáburðurinn Kjarni og var köfnunarefnið unnið úr andrúmsloftinu. Framleiðslugetan var 24 þúsund tonn á ári.

Verksmiðjan fékk rafmagn úr Írafossvirkjun í Soginu því á þeim tíma var ekki markaður fyrir alla þá raforku sem framleidd var nema að til kæmi stóriðja en bygging Írafossvirkjunar og Áburðarverksmiðjunnar var fjármögnuð með Marshall-aðstoðinni. Áburðarsala ríkisins hafði einkarétt á innflutningi og sölu áburðar. Hún flutti inn steinefnaáburð, þrífosfat og kalí til að blanda með hinum íslenska Kjarna. Rekstur Áburðarverksmiðjunnar og Áburðarsölunnar var fljótlega sameinaður og hafði verksmiðjan einkaleyfi á sölu á áburði á Íslandi til ársins 1995. Þá hafði framleiðslugetan aukist til muna og tegundum fjölgað.

**MERKISATBURÐIR**

**1133** Sæmundur fróði Sigfússon andast.
**1702** Erindisbréf er gefið út vegna gerðar manntals á Íslandi.
**1921** Fyrstu hljómsveitartónleikar eru haldnir á Íslandi.
**1952** Fyrstu trén í Kjarnaskógi við Akureyri eru gróðursett.
**1971** Fyrstu orlofshús opinberra starfsmanna eru tekin í notkun í Munaðarnesi í Borgarfirði.
**1990** Norður- og Suður-Jemen á Arabíuskaganum sameinast.
**2008** Eurobandið tekur þátt í forkeppni Eurovision.




# Afmæli

Ættingjum, vinum og öðrum gestum sem tóku þátt í því að halda nítugasta afmælisdag minn hinn 8. maí sl., færi ég hugheilar þakkir fyrir að gera daginn minnisstæðan.

**Baldur Ingólfsson**





†

*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður,ömmu og langömmu*

**Theodóru Guðnadóttur,**
frá Höllustöðum, Reykhólahreppi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki dvalarheimilisins í Barmahlíð á Reykhólum fyrir góða umönnun.

**Kristrún Samúelsdóttir** **Karl I Karlsson**
**Jónas Samúelsson** **Bergljót Bjarnadóttir**
**Þorgeir Samúelsson**
**Ingvar Samúelsson**
**Björn Samúelsson** **Ágústa Bragadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóns Gunnars Sigurðssonar**

Sérstaklega viljum við þakka starfsfólki á Hrafnistu í Reykjavík fyrir frábæra umönnun.

**Guðrún Jónsdóttir** **Stefán Pálsson**
**Ólöf Jónsdóttir** **Viðar Sigurjónsson**
**Auður Jónsdóttir** **Kristinn H. Þorsteinsson**
**Ólafur Th. Jónsson** **Hildur Hansen**
**Geir Hafsteinn Jónsson** **Mette Helsted Frandsen**
**afabörn og langafabörn.**





†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,*

**Helga Vilmundardóttir**
Álfhólsvegi 25,

lést miðvikudaginn 19. maí á Líknardeildinni í Kópavogi. Útför auglýst síðar.

**Gunnhildur J. Gunnarsdóttir,**
**Hlífar V. Helgason, Lísa María Hjartardóttir, Sindri Snær Snorrason, Gunnhildur V. Friðriksdóttir, Vilmundur Þorsteinsson, Þorsteinn J. Vilmundarson, Oddur F. Vilmundarson.**




**SKEGG Í GEGNUM ÁRIN** Þorbjörg segir efnisöflun fyrir sýninguna hafa verið afar skemmtilega og áhugaverða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SÝNING KLIPPT OG SKORIÐ Í ÞJÓÐMINJASAFNINU: VAR OPNUÐ Í SÍÐUSTU VIKU

# Tíðarandinn speglast í skeggi

„Á Þjóðminjasafninu eru fastar, stórar sýningar en einnig nokkur minni sýningarrými og í þeim rýmum er lagt mikið kapp á að fortíðin mæti nútíðinni. Til að mynda tökum við nýlega niður sýningu um búsáhaldabyltinguna og við setjum alltaf slíkar sýningar upp öðru hvoru,“ segir Þorbjörg Gunnarsdóttir, sýningarstjóri í Þjóðminjasafni Íslands. Í síðustu viku var sýningin Klippt og skorið – um skegg og rakstur opnuð í Horninu á 2. hæð safnsins. Á sýningunni gefur að líta ýmislegt tengt skeggi karlmanna og hvernig þetta karlmennskutákn hefur tekið mið af tísku og tíðaranda í gegnum árin.

Freyja H. Ómarsdóttir er höfundur sýningarinnar og segir Þorbjörg vinnuna við efnisöflun, sem þær unnu í sameiningu, hafa verið einkar skemmtilega og áhugaverða. „Mikið af mununum á sýningunni eru í eigu Þjóðminjasafnsins, til dæmis margar skemmtilegar ljósmyndir úr Ljósmyndasafni Íslands, en aðra muni fengum við lánaða úr einkaeigu. Meðal þess er stóllinn úr fyrstu íslensku rakarastofunni sem Árni Nikulásson stofnaði árið 1901 með stuðningi Tryggva Gunnarssonar bankastjóri og fleiri aðila. Auk þess heimsóttum við marga rakara sem bæði lánuðu okkur myndir og muni og sögðu okkur skemmtilegar sögur úr fortíðinni, af aðferðum sem voru notaðar í gamla daga og þar fram eftir götunum,“ segir Þorbjörg.

Hún segir athyglisvert að rifja upp tíðarandann eins og hann birtist í gegnum skeggtísku hvers tíma. „Gamlar aðferðir og stílar komast reglulega aftur í tísku. Til dæmis er rakhnífur notaður við rakstur hjá Kormáki og Skildi, haldnar eru yfirvaraskeggskeppnir og eins er mun algengara að ungir menn séu með alskegg í dag en verið hefur í áraraðir. Sjálfri þykir mér vel snyrt skegg flott. Það er ákveðinn karlmennskubragur sem fylgir því,“ segir Þorbjörg.

Sýningin Klippt og skorið kemur til með að standa yfir fram til áramóta og er opin frá klukkan 10 til 17 alla daga.

kjartan@frettabladid.is


GRAND
erfidrykkjur

Hlýlegt og gott viðmót á Grand hótel.

Fjölbreyttar veitingar lagaðar á staðnum.

Næg bílastæði og gott aðgengi.



Grand Hótel Reykjavík
Sigtún 38, 105 Rvk.
Sími: 514 8000
www.grand.is
erfidrykkjur@grand.is

Verið velkomin á Grand hótel

Grand HÓTEL REYKJAVÍK


AFMÆLI



**HAFDÍS HULD ÞRASTARDÓTTIR** söngkona er 31 árs.



**NAOMI CAMPBELL** fyrirsæta er fertug.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.



*Elsku hjartans drengurinn okkar, bróðir, barnabarn og frændi,*

## Aron Kristinn Jónasson

lést í Aachen í Þýskalandi þann 8. maí. Útför hans fer fram í Digraneskirkju 25. maí kl. 13.00.

**Kristín Anna Hermannsdóttir**
**Jónas Kristinn Gunnarsson**
**Eva Katrín Jónasdóttir**
**Guðfinna Gunnþórsdóttir**
**Sólveig Jónasdóttir**
**Gunnar Kristinn Þórðarson**
**aðrir ættingjar og vinir.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Sveinbjörg Hinriksdóttir

frá Norðfirði,

lést fimmtudaginn 29. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum hlýhug og auðsýnda samúð.

**Jóhanna Magnúsdóttir**
**Viðar Rósmundsson**
**Pálmar Magnússon**
**Jóna Lísa Guðbjartsdóttir**
**Sigrún Margrét Magnúsdóttir**
**Einar Hafliðason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæru móður og ömmu*

## Kristínar Guðmundsdóttur

frá Súluholti, Aflagranda 40, Reykjavík

og heiðruðu minningu hennar.

**Þórkatla Mjöll Halldórsdóttir**
**Vildís Halldórsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Ingunn Árnadóttir

kennari, til heimilis að Aflagranda 40,

lést 11. maí. Jarðarförin fer fram þriðjudaginn 25. maí kl. 13.00 frá Neskirkju.

**Gunnvör Sverrisdóttir**
**Grétar Sigurgeirsson**
**Sigurbjörg Sverrisdóttir**
**Árni Baldursson**
**Arndís Inga Sverrisdóttir**
**Jóhannes Þórðarson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs sambýlismanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

## Ármanns Þórs Ásmundssonar

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjartadeildar Landspítalans við Hringbraut, deild g-14, fyrir umhyggju og hlýju á erfiðum tímum.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigrún Karlsdóttir.**

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

## Ólafs Helga Frímannssonar

bankamanns, Hagamel 37, Reykjavík.

Þökkum frábæra hjúkrun og umönnun á líknardeild Landspítala Landakoti.

**Guðlaug Kristín Runólfsdóttir**
**Frímann Ólafsson**
**Margrét Þórarinsdóttir**
**Kristín Ólafsdóttir**
**Karl Óskar Hjaltason**
**Runólfur Ólafsson**
**Anna Dagný Smith**
**Ólafur Haukur Ólafsson**
**Guðbjörg Erlendsdóttir**
**Kjartan Ólafsson**
**Ragnheiður Guðjónsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---



*Þökkum hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

## Sólveigar Ólafsdóttur

frá Norður-Fossi í Mýrdal, síðast til heimilis á Dvalarheimilinu Sólvöllum, Eyrarbakka.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Dvalarheimilinu Sólvöllum, Eyrarbakka fyrir gott atlæti og einstaklega góða nærveru.

**Ólafur Sigursveinsson**
**Ólöf Karlsdóttir**
**Jóhanna Sigursveinsdóttir**
**Ólafur Þorsteinn Jónsson**
**Sveinn Sigursveinsson**
**Sigurður Sigursveinsson**
**Kristín Sigurmarsdóttir**
**Runólfur Sigursveinsson**
**Ragnheiður Thorlacius**
**og fjölskyldur.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Rakel Jónsdóttir

frá Ásbyrgi, Djúpavogi, síðast til heimilis á Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést mánudaginn 17. maí. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 28. maí kl. 14. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Höfða.

**Björn Gústafsson**
**Hilmar Björnsson**
**Hanna Rúna Jóhannsdóttir**
**Lea H. Björnsdóttir**
**Aðalsteinn Sigurgeirsson**
**Jón Valdimar Björnsson**
**Selma Guðmundsdóttir**
**Sigrún Björnsdóttir**
**Júlíus Ólafsson**
**Hreinn Björnsson**
**Ingibjörg J. Ingólfsdóttir**
**Hlíf Björnsdóttir**
**Magnús F. Ingólfsson**
**og fjölskyldur.**

---



*Ástkær faðir okkar, sonur, bróðir, barnabarn og frændi,*

## Þorsteinn Örn Sigurfinnsson,

húsasmiður og rafvirki, Kristnibraut 79,

lést á Landspítalanum föstudaginn 14. maí. Útför hans fer fram frá Guðríðarkirkju Grafarholti miðvikudaginn 26. maí kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans er bent á námssjóð Hlyns og Sólveigar rkn.: 0331-13-300790, kt.: 200365-2919.

**Hlynur Þorsteinsson**
**Sólveig Þorsteinsdóttir**
**Sigurfinnur Þorsteinsson**
**Sigríður Pétursdóttir**
**Pétur Már Sigurfinnsson**
**Marta Sigurfinnsdóttir**
**Katrín Jóhanna Gísladóttir og frændsystkin.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

## Erlu Elísdóttur

Vestursíðu 38, Akureyri.

Sérstakar þakkir til ættingja, vina og hjúkrunarfólks sem sýndu henni kærleik og hlýju.

**Tómas Leifsson**
**Sigríður Gunnarsdóttir**
**Þóra Elísabet Leifsdóttir**
**Sigurður Vigfússon**
**Ottó Leifsson**
**Guðrún Bjarney Leifsdóttir**
**Sigurjón Magnússon**
**Nanna Herborg Leifsdóttir**
**Friðrik Friðriksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð og dýrmætan stuðning, vináttu og hlýhug við veikindi, andlát og útför okkar ástkærs*

## Sigþórs Ægissonar,

Naustabúð 10, Hellissandi.

**Karina Caetano Fugita Ægisson**
**Ægir H. Þórðarson**
**Guðbjörg M. Sigurbjörnsdóttir**
**Agnes Ægisdóttir**
**Brynjar Jökull**
**Viktor Breki**
**Linda Ýr Ægisdóttir**
**Páll Guðlaugsson**
**Þórður Vilhjálmsson**

---



*Faðir minn og bróðir,*

## Bjarni Helgason

Hrafnistu, Hafnarfirði áður Bjarnabæ, Suðurgötu 38, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði, miðvikudaginn 19. maí. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, miðvikudaginn 26. maí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vildu minnast hans er bent á Slysavarnafélag Íslands.

**Sigurjón Ingiberg Bjarnason**
**Helgi Helgason**
**og aðstandendur.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

## Þórarinn Sigurðsson

Heiðvangi 28, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum mánudaginn 17. maí. Útför fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 26. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinslækningadeild 11e (s. 543 1159).

**María Sif Sveinsdóttir**
**Gunnar Þór Þórarinsson**
**Eva Gunnarsdóttir**
**Sveinn Bjarki Þórarinsson**
**Kolbrún Kristínardóttir**
**Egill Örn Þórarinsson**
**og barnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR

VIÐ FLYTJUM

RÝMINGARSALA EDDU

Við setjum allt upp á borð því allt á að seljast!

Vegna flutninga tæmum við hillur, skápa, geymslur og seljum allt á verði sem ekki hefur sést áður.



Opið í dag 10-16

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

Komdu og gerðu bestu kaupin!

Bækur, blöð, kiljur, geisladiskar, skáldsögur. Við setjum allt upp á borð - gamalt og nýtt - því allt á að seljast.

Opið í Síðumúla 28 í dag milli kl 10-16

Þú getur einnig fundið útsöluvörur á www.edda.is

Lagerhreinsunin stendur yfir til 1. júní.

edda




# Útsvar, velferð og kjaftæði

BAKÞANKAR
Atla Fannars Bjarkasonar



Mér finnst ótrúlega leiðinlegt að vera ekki með skráð lögheimili í Reykjavík. Ekki vegna þess að mig langar til að borga hærri tryggingagjöld af bílnum mínum heldur langar mig til að greiða atkvæði í borgarstjórnarkosningunum í enda maí.

**ÉG** er með ofnæmi fyrir pólitíkusum, sem er leiðinlegt vegna þess að þeir stjórna lífi mínu á ákveðinn hátt. Þetta er eins og að vera með ofnæmi fyrir bílnum sem ég keyri á hverjum degi. Nei, þetta er reyndar ekkert eins og það, en mér verður illt þegar ég heyri pólitíkusa tala og ég hef stundum fengið á tilfinninguna að þeir telji sig vera betri en við hin. Sem er fjarri lagi, því í pólitík, eins og alls staðar annars staðar, er rosalega mikið af ógeðslegu fólki.

**AÐ** fylgjast með framgöngu Besta flokksins hefur verið hrein unun. Jóni Gnarr og félögum hefur tekist að umbylta heimsmynd fólks sem bjóst við að geta karpað, malað, rifist og skammast út í hvað annað án þess að rauðhærður sprelligosi myndi þvælast fyrir. Og hvernig hefur þetta fólk tekið því? Ótrúlega furðulega. Kosningabaráttan hefur hreinlega snúist um Jón Gnarr og ringlaðir flokkspólitíkusar geta ekki lofað neinu án þess að segja eitthvað á borð við: „Tja, ég er ekki eins fyndinn og Jón Gnarr, en við viljum útsvar, börn, leikskóla, velferð, bla bla bla…“

**FURÐULEGIR** hlutir gerðust eftir að Besti flokkurinn fór að skora hátt í skoðanakönnunum. Flokksbundnir bloggarar vinstri- og miðjuflokkanna réðust á Jón, grófu undan honum og bendluðu hann við hægri öflin. Einn taldi meira að segja að Vaktarseríurnar væru ekkert annað en hægri áróður í dulargervi (!). Ég get ekki og hef ekki hugmynd um hvort ég myndi kjósa Besta flokkinn og hef aldrei verið í flokki (nema þegar Samfylkingin skráði mig án minnar vitundar) en þessi viðbrögð eru ógeðslega fyndin. Og sorgleg. Samt meira fyndin.

**FURÐULEGAST** var að Sjálfstæðisflokkurinn kaus að stinga höfðinu í sandinn. Flokkurinn sem virðist hafa menn í vinnu við að grafa undan andstæðingum sínum hafði skyndilega ekkert slæmt að segja um mann sem gæti hrifsað af þeim borgina í lok maí. Hvað er að gerast?

**ENGINN** hefur bent á að Jón sagði í upphafi að tilgangur flokksins væri að koma honum og vinum hans í þægileg störf og að spillingin yrði uppi á borðum. Annað takmarkið er komið langleiðina, en hinum flokkunum virðist vera sama um þetta spillingarmjálm í grínistanum. Hver svo sem ástæðan fyrir því er.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







Krakkajóga

Ný 4. vikna krakkajóganámskeið hefst 26. maí hjá Jóga Stúdíó Stórhöfða 17.

2–5 ára » mánudagar klukkan 16:30–17:00
6–10 ára » miðvikudagar klukkan 16:30–17:00
Skráning í síma 772 1025 og 695 8464

JÓGA Stúdíó
Stórhöfði 17
(gengið inn um Veggsport)

Verð aðeins 5.000 kr.
Nánari upplýsingar á jogastudio.org



STÓRSKEMMTILEG TEIKNIMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA MEÐ ÍSLENSKU TALI
SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3
Laus og liðugur
KOMIN Í BÍÓ!
SMS LEIKUR
BÍÓMIÐI
VILTU VINNA MIÐA?
10. HVER VINNUR!
SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL HUGO Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA!
FULLT AF AUKAVINNINGUM
TÖLVULEIKIR • DVD MYNDIR • PEPSI MAX
OG MARGT FLEIRA!
Vinningar afhentir í ELKO Lindum. 149 kr/skeytið.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

**!**

## Gengið um Nesstofu kl. 12

*Kl. 12 í dag gengur Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir sagnfræðingur með gestum um Nesstofu og fjallar um sögu hússins og segir frá búsetu landlækna og lyfsala í Nesi. Einnig verður sagt frá hugmyndum um uppbygginu safnasvæðis Seltirninga í Nesi og staldrað verður við á sýningunni Saga og framtíð sem nú stendur yfir í Nesstofu. Þar er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum fjölmargra fornleifarannsókna sem hafa farið fram á vestursvæðum Seltjarnarness og varpað ljósi á búsetu í Nesi frá landnámi og fram á 20. öld.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Tólf tónleikar víða um borgina

Listahátíð í Reykjavík leiðir í dag og á morgun saman myndlistarmenn og tónlistarmenn á Vinnustofutónleikum þar sem myndlistarmenn opna vinnustofur sínar fyrir tónleikum. Alls er um tólf tónleika að ræða sem hefjast á klukkutíma fresti um alla borg.

Fjölbreytt flóra tónlistarmanna leikur á tónleikunum og eins eru vinnustofur myndlistarmannanna sem hýsa tónleikana ólíkar. Óhætt er að segja að þarna sé á ferðinni einstök tónleikaröð jafnt fyrir tónlistar- og myndlistaráhugafólk þar sem til verður samtal milli ólíkra listgreina, listamanna og áhorfenda. Meðal myndlistarmanna sem bjóða gestum inn á vinnustofur sínar eru Gjörningaklúbburinn, Haraldur Jónsson, Kristín Gunnlaugsdóttir, Davíð Örn Halldórsson og Magnús Pálsson og meðal tónlistarfólks eru Óskar Guðjónsson, Laufey Sigurðardóttir, Elísabet Waage, Anna Guðný Guðmundsdóttir, Freyja Gunnlaugsdóttir, Hanna Dóra Sturludóttir, Kristinn Árnason, Sigríður Thorlacius, Þóra Einarsdóttir, Nýlókórinn og margir fleiri.



**ANNA OG KRISTÍN** Anna Guðný Guðmundsdóttir og Kristín Gunnlaugsdóttir taka þátt í verkefninu.

## > Ekki missa af …

Átjtatíu stúlkur úr Stúlknakór Reykjavíkur og Stúlknakór Hamborgar syngja í hátíðarmessu í Hallgrímskirkju á hvítasunnudag kl. 11.00. Eftir messuna flytur gestakórinn trúarleg lög í kirkjunni. Stúlkurnar frá Hamborg hafa oft unnið til verðlauna fyrir söng sinn og eru hér á landi í einnar viku tónleikaferð. Stúlknakór Reykjavíkur hefur haft nóg fyrir stafni að undanförnu og dagana 4. til 6. júní halda 46 stelpur í tónleikaferð um Norðurland.


Norræna húsið
Nordens Hus – Pohjolan Talo – Nordic House



**Mánudaginn 24. maí kl. 20:00**
**RITUAL: Dans frá Danmörku**
**RITUAL** er hrátt, gamansamt og hugvíkkandi ferðalag innblásið af Inúítamenningu, breik-dansátökum, náttúru norðursins og hlýnun jarðar. Dans, tónlist og ljós bráðna saman í einstaka sýningu um frumkrafta manns og náttúru. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.



**Þriðjudagur 25. maí kl. 19:00**
**Sigrid Undset: Kabarett**
Norska listakonan Kristi Kinsarvik setur upp kabarett sem byggður er á ævi norska Nóbelskáldsins Sigrid Undset. Fjallað er um líf Undset frá fæðingu og þar til hún gefur út sína fyrstu bók og byggir Kinsarvik verkið m.a. á textum Undset. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.



**Miðvikudag 26. maí kl. 20:00**
**Karl Ove Knausgård, kynnir nýjustu bækur sínar**
Knausgård hefur tvisvar hlotið tilnefningu til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, árið 2005 fyrir "En tid for alt" og 2010 fyrir "Min kamp". Rithöfundurinn Bjarni Bjarnason og bókmenn-tafræðingurinn Soffía Auður Birgisdóttir þátt í dagskránni. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.



**Alla daga frá 12-17 nema mánudaga**
**Núna: ljósmyndasýning**
Sýningin *Núna/The Present is Now* er samsýning sex íslenskra og finnskra samtímaljósmyndara. Sýningin er í sýningarsal Norræna hússins, og er hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík 2010.



**Opið verður í Norræna húsinu og Tilraunalandinu alla hvítasunnuhelgina**

NORRÆNA HÚSIÐ


# Konur stjórna 13 bræðrum

**Dansverkið Bræður verður sýnt á Listahátíð í Reykjavík dagana 27. og 28. maí. Gunnlaugur Egilsson fer með hlutverk eins bræðranna og hlakkar mikið til sýninganna.**

Æfingar fyrir Bræður hófust fyrir tveimur mánuðum en undanfarinn mánuð hafa þær orðið þéttari.

Höfundar verksins, sem verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu á fimmtudaginn, eru fimm konur en karlmenn eru í helstu hlutverkum. Helstu höfundar eru þær Ástrós Gunnarsdóttir, Lára Stefánsdóttir og Hrafnhildur Hagalín. Þær sömdu einmitt dansverkið Systur, sem var sýnt við góðan orðstír í Iðnó og Leikfélagi Akureyrar.

„Þetta er skemmtileg upplifun. Það eru bara konur í listrænni stjórnun, sem er nýtt fyrir mig. Ég hef aldrei upplifað það áður í þessum karllæga heimi," segir Gunnlaugur, sem er dansari við Konunglega ballettinn í Stokkhólmi. „Þetta verk er skemmtileg nálgun á því hvernig konur upplifa karlmenn."

Alls taka þrettán karlmenn þátt í sýningunni, þar á meðal Jorma Uotinen frá Finnlandi og Vinicius frá Brasilíu. „Þeir komu fyrir nokkrum dögum og það hefur verið svolítil vinna að koma þeim inn í þetta en þetta er allt að gerast," segir Gunnlaugur. Nokkrir drengir úr Listdansskóla Íslands eru einnig á meðal þátttakenda.

„Mér finnst viss hluti af þessu dansverki vera svolítill óður til klámkynslóðarinnar. Þetta er kannski sýn þessara drengja á hvernig karlar eiga að vera," segir Gunnlaugur. Tvær konur taka einnig þátt í sýningunni, eða höfundarnir Ástrós og Lára. Filippía Elísdóttir hannar útlit og búninga í verkinu og Ragnhildur Gísladóttir semur tónlist og hljóðmynd.

Gunnlaugur fer aftur til Svíþjóðar í ágúst eftir að hafa verið í leyfi frá Konunglega ballettinum. „Það er búið að vera fínt að vera á Íslandi í smá stund og taka þátt í þessu verkefni," segir hann.

freyr@frettabladid.is



**BRÆÐUR** Dansverkið Bræður verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu fimmtudaginn 27. maí. Gunnlaugur fer með eitt af helstu hlutverkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI








**STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR** Bók Steinunnar, Góði elskhuginn, verður gefin út í Þýskalandi á vegum Rowohlt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Elskhuginn til Þýskalands

**Samningar hafa náðst við þýska útgáfurisann Rowohlt um útgáfu á Góða elskhuganum eftir rithöfundinn Steinunni Sigurðardóttur. Rowohlt er ein glæsilegasta útgáfa Þýskalands og gefur út höfunda á borð við Paul Auster, Philip Roth, José Saramago og Toni Morrison. Rowohlt gaf síðast út skáldsöguna Sólskinshest eftir Steinunni, sem hefur hlotið góðar undirtektir. Steinunn hefur fylgt bókinni eftir með upplestrum um þvert og endilangt Þýskaland. Góði elskhuginn kom út hjá Bjarti síðasta haust og er nú fáanleg í kilju.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 22. maí 2010

**➜ Tónleikar**

**17.00 Gunnar Þórðarson** fer yfir feril sinn í tali og tónum á tónleikum á söguloft **Landnámssetursins** við Brákarbraut í Borgarnesi. Nánari upplýsingar á www.landnamssetur.is.

**21.00 Eivör Pálsdóttir** og hljómsveit verða með útgáfutónleika á **Græna hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri.



**22.00** Hljómsveitin **Gæðablóð** heldur tónleika á **Café Rosenberg** við Klapparstíg. Sérstakur gestur verður **Þórður Árnason** gítarleikari.

**23.00** Hljómsveitirnar **Weapons, Cosmic Call, Útidúr og Yoda Remote** koma fram á tónleikum á **Sódóma Reykjavík** við Tryggvagötu. Húsið verður opnað kl. 22. Enginn aðgangseyrir.

**➜ Opnanir**

**16.00 Árni Valur Axfjörð** opnar sýningu í **Dauða galleríinu** vð Laugavegi 29. Opið alla daga nema sunnudaga kl. 13-18.

**19.00 Kolbeinn Hugi** opnar sýningu í **Suðsuðvestur** við Hafnargötu í Reykjanesbæ. Opið um helgar kl. 14-17.

**➜ Sýningar**

Sýning á verkum **Helene Renard** og **Hlífar Ásgrímsdóttur** hefur verið opnuð í BOXinu, sýningarsal Myndlistarfélags Norðurlands við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opið um hvítasunnuhelgina frá kl.14-17.

**Bjarni Bernharður** hefur opnað sýningu á málverkum sínum á **Mokka** kaffi við Skólavörðustíg. Sýningu lýkur á fimmtudag. Opið alla dag 9-18.30. Lokað á hvítasunnudag.

**➜ Uppistand**

**20.00 Jón Gnarr** verður með uppistand á Söguloft **Landnámssetursins** við Brákarbraut í Borganesi. Nánari upplýsingar á www.landnamssetur.is.



**➜ Listahátíð**

Á Listahátíð í Reykjavík munu tónlistarmenn halda tónleika á vinnustofum myndlistarmanna 22 og 23. maí. Nánari upplýsingar á **www.listahatid.is.**

**➜ Dansleikir**

**Dj Biggi Maus** og **Matti** verða á Pósthúsbarnum við Skipagötu á Akureyri.

**Rokksveit Jonna Ólafs** ásamt **Labba** úr Mánum skemmta á Vélsmiðjunni við Strandgötu á Akureyri.

**Óli Ofur** spilar Diskótónlist á NASA við Austurvöll.

**Greifarnir** verða á Sjallanum við Geislagötu á Akureyri.

Hljómsveitin **Hvar er Mjallhvít** ásamt **André Bachmann** flytur tónlist **Rúnars Júlíussonar** á dansleik á Kringlukránni.

**Mono og Matti & Draugabanarnir** halda dansleik á Skemmtistaðnum **SPOT** við Bæjarlind í Kópavogi.

**➜ Leikrit**

**20.00** Leikhópurinn **CommonNonsense** sýnir verkið "Af ástum manns og hrærivélar" í **Kassanum,** sýningarrými Þjóðleikhússins við Lindagötu. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

**20.00 Þórunn Clausen** flytur einleikinn "Ferðasaga Guðríðar" eftir **Brynju Benediktsdóttur** í Víkingaheimum við Víkingabraut í Reykjanesbæ. Nánari upplýsingar á www.midi.is.



**➜ Dans**

**20.00 Menningarfélagið** sýnir dansverkið Aftursnúið í Rýminu, sýningarrými **Leikfélags Akureyrar.** Nánari upplýsingar á www.leikfelag.is.

**➜ Tónlistarhátíð**

Tónlistarhátíðin **"Norden Blues Festival 2010"** í Rangárvallasýslu stendur til 24. maí. Nánari upplýsingar á www.midi.is og www.blues.is.

**➜ Jazzhátíð**



Dagar Lita og tóna, **Jazzhátíð í Vestmannaeyjum,** fer fram 22.-23. maí. Gestgjafi hátíðarinnar í ár er **Samúel Jón Samúelsson.** Nánari upplýsingar á www.eyjafrettir.is.

**➜ Leiðsögn**

**12.00 Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir** verður með leiðsögn um sýninguna „Saga og framtíð, fornleifarannsóknir á vestursvæðunum" sem nú stendur yfir í **Nesstofu** við Austurströnd á Seltjarnarnesi. Nánari upplýsingar á www.seltjarnarnes.is.

**15.00** Ljósmyndarinn **Einar Falur Ingólfsson** verður með leiðsögn um sýningu Gary Schneiders sem nú stendur yfir í **Listasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötur.



### Sunnudagur 23. maí 2010

**➜ Tónleikar**

**11.00 Ágúst Ólafsson,** barítónsöngvari, og **Gerrit Schuil,** píanóleikari flytja tónlist eftir Schubert á morguntónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík við Fríkirkjuveg.

**21.00 Eivör Pálsdóttir** og hljómsveit verða með útgáfutónleika á **Græna hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri.



**21.00** Þýsk/íslenski kammerhópurinn **Adapter** flytur verk eftir meðal annars Antti Auvinen, Sami Klemola, Franco Donatoni og Matthias Pintscher. Tónleikarnir fara fram á **Listasafni Íslands** við Fríkirkjuveg.

**➜ Listahátíð**

Á Listahátíð í Reykjavík munu tónlistarmenn halda tónleika á vinnustofum myndlistarmanna 22 og 23. maí. Nánari upplýsingar á **www.listahatid.is.**

**➜ Dansleikir**

**Techno.is** stendur fyrir kvöldi í anda Sensarion White á Broadway við Ármúla þar sem fólk er hvatt til að mæta hvítklætt. Nánari upplýsingar á www.techno.is.

**➜ Dans**

**20.00 Menningarfélagið** sýnir dansverkið Aftursnúið í Rýminu, sýningarrými **Leikfélags Akureyrar.** Nánari upplýsingar á www.leikfelag.is.

**➜ Tónlistarhátíð**

Tónlistarhátíðin **"Norden Blues Festival 2010"** í Rangárvallasýslu stendur til 24. maí. Nánari upplýsingar á www.midi.is og www.blues.is.

**➜ Leiðsögn**

**14.00 Guðmundur Örn Ingólfsson** verður með leiðsögn um ljósmyndasýningu bandarísku listakonunnar Cindy Sherman sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg.

### Mánudagur 24. maí 2010

**➜ Tónleikar**

**14.00 14.00 og 16.00 Hamrahlíðarkórarnir** halda tvenna vortónleika í hátíðarsal Menntaskólans við Hamrahlíð.

**21.00 Megas** heldur tónleika í **Háskólabíói** við Hagatorg ásamt einvalaliði tónlistarmanna, hljómsveit og strengjakvintett og kór. Nánari upplýsingar á www.midi.is.



**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@ frettabladid.is**


# Hefurðu fengið orlofsuppbótina greidda?

Þeir félagsmenn VR sem eru í starfi í fyrstu viku maí, eða hafa starfað samfellt hjá sama vinnuveitanda í 12 vikur á orlofsárinu, eiga rétt á orlofsuppbót að upphæð **19.500 kr.** miðað við fullt starf. Annars er hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma síðastliðið orlofsár.

Þeir sem eru í hlutastarfi eiga að fá greidda orlofsuppbót í samræmi við starfshlutfall sitt.
Orlofsuppbótina á að greiða síðasta lagi þann 1. júní.

**Nánar á www.vr.is**



**Gleðilegt sumar!**
VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR

# Rannsóknaþing
## Byggt á styrkum stoðum
2010
Grand Hótel Reykjavík
Fimmtudaginn 27. maí kl. 8:30 - 11:00

DAGSKRÁ

8:00 Morgunverður fyrir gesti Rannsóknaþings

8:30 **Setning**
Katrín Jakobsdóttir, *mennta- og menningarmálaráðherra*

8:40 **Byggt á styrkum stoðum – stefna Vísinda- og tækniráðs 2010 - 2012**
Guðrún Nordal, *formaður vísindanefndar* og
Þorsteinn Ingi Sigfússon, *formaður tækninefndar*

9:00 **Research Changes Lives – a Perspective from the UK**
Dr. Wendy Ewart, *Director of Strategy, UK Medical Research Council*

9:30 **Samstarf til árangurs í jarðvísindum**
Freysteinn Sigmundsson, *Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands*

9:45 **Sóknarfæri í samstarfi**
Svana Helen Björnsdóttir, *forstjóri Stika*

10:00 **Rannsóknir, samfélagsgagnrýni og andóf í háskólasamfélaginu**
Jón Ólafsson, *deildarforseti Félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst*

10:15 **Um árangur af alþjóðlegu vísindasamstarfi**
Björn Þór Jónsson, *deildarforseti Tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík*

10:30 **Tónlistaratriði**

10:40 **Afhending Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs**
Jóhanna Sigurðardóttir, *forsætisráðherra afhendir verðlaunin*

11:00 **Rannsóknaþingi slitið**

**Fundarstjóri**
Hallgrímur Jónasson, *forstöðumaður Rannís*

● Skráning með tölvupósti til rannis@rannis.is eða í síma 515 5800

rannís

Forsætisráðuneytið
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

## > SALMA SELUR SPJARIRNAR

Leikkonan mexíkóska, Salma Hayek, hélt uppboð á stórfenglegum Gucci-kjól síðastliðinn miðvikudag á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Kjóllinn var seldur ásamt teikningu af Sölmu í kjólnum eftir Fridu Giannini á sautján þúsund evrur. Allur ágóði sölunnar fór til fórnarlamba jarðskjálftans á Haítí. Salma skartaði þessum sama kjól fyrir tveimur vikum síðan á frumsýningu Hróa hattar.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í …



… Nýja litinn frá Mac sem heitir Prepped for Glamour og er í seiðandi öskubrúnum tón.

… þessi dásamlega leðurtaska frá MiuMiu er sumarleg, rúmgóð og passar við allt.






… gráa lakkið frá Chanel sem er að gera allt vitlaust. Óvenjulega dularfullt.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

# *Konurnar hans Polanskis*

Leikstjórinn Roman Polanski hefur ætíð verið í miklu uppáhaldi hjá mér. Myndirnar hans, þið skiljið. Það er ekki óhætt að segja að maður fíli Polanski, því það gæti gefið til kynna að maður væri mögulega að styðja perra. Eins og flestir sem fylgst hafa með fréttum vita, er Polanski enn á ný í djúpum skít eftir að breska leikkonan Charlotte Lewis kom fram með ásakanir um að hann hefði misnotað hana kynferðislega árið 1982. Þetta kemur auðvitað í kjölfarið á handtöku Polanskis fyrir meint kynferðisafbrot gegn fjórtán ára leikkonu á áttunda áratugnum, ákæru sem Polanski hefur flúið í þrjá áratugi. Sjálf vorkenndi ég alltaf Polanski hálfpartinn þar sem hann missti sína gullfallegu og óléttu konu, Sharon Tate, í ógeðfelldu fjöldamorði sem Charles Manson stóð fyrir árið 1969 þrátt fyrir að slíkt áfall afsaki ekki meintan kynferðisafbrotaferil.



SHARON TATE

Aðdáendur fallegrar tísku og almennra töffheita ættu endilega að kynna sér myndir Polanskis. Flestar mynda hans eru mikil snilldarverk og það er mjög áhugavert að fylgjast með kvenpersónunum sem birtast á skjánum. Þessar konur eru fagrar, svalar og fallega klæddar og eins ólíkar og þær eru margar. Catherine Deneuve í Repulsion er auðvitað yfirnáttúrulega fögur og fangar „sixtís“ andann í hnotskurn með litlum skokkum, ferköntuðum flatbotna skóm og fallega túperuðum ljósum lokkum. Mia Farrow kom svo knallstuttu hári í tísku í hrollvekjunni Rosemary‘s baby en þessi flotti drengjakollur leyfði smágerðu andliti hennar að njóta sín til fulls. Emmanuelle Seigner, núverandi eiginkona Polanskis, er kynþokkinn uppmálaður í Bitter Moon þar sem hún skekur kúrvurnar í níðþröngum „næntís“ kjólum. Nú og fyrrverandi eiginkona Polanskis, Sharon Tate, var líka mikil tískufyrirmynd með sína þungu og dökku augnmálningu og sítt ljóst hárið. Fyrir þá sem geta litið fram hjá skandölunum í lífi þessa frábæra leikstjóra er gaman að fá innblástur frá konunum í lífi hans og list.






DRAMATÍSKT Fallegt rómantískt korselett með silkiblómum.



GAMALDAGS Silkipils, slá og silkiblóm eru fögur samsetning.

## KVENLEGT HJÁ NÍNU RICCI:

# BLÓM OG DRAMATÍK

Það er Bandaríkjamaðurinn Peter Copping sem er ábyrgur fyrir haust- og vetrarlínu Ninu Ricci í þetta sinn en Copping var hægri hönd Marc Jacobs í áratug. Línan sem Copping hannaði fyrir Ricci er .í anda tískuhússins og leggur áherslu á kvenlega rómantík. Pilsin voru flest í hnésídd og blússur og kjólar skörtuðu blómum úr silki og siffoni. Eitthvað við klæðin minnti jafnvel á byrjun 20. aldar og tímabilið sem kallað var „Belle Époque“. Sérstaka athygli vöktu undurfagrir stuttir kjólar með blómamynstri í fallegum daufum litum.

- amb



BLÓMARÓS Gullfallegur kjóll úr smiðju Peters Copping fyrir næsta haust.





LEÐUR Flott samsetning af blómapilsi og leðurjakka.



SÆTT Rauð peysa við blómapils.



**SEXÍ** Stuttar buxur við skyrtu og vesti.

Mexíkósk mynstur, kúrekahattar og töffaraheit

# *Villta vestrið*

Teikn eru á lofti um að kúrekatískan snúi aftur á næstunni. Hún hefur átt vinsældum að fagna á hinum og þessum tímabilum, meðal annars á sjöunda áratugnum þegar Faye Dunaway lék í Bonnie and Clyde og Brigitte Bardot skein skært í vestranum Shalako. Franska tískuhúsið Paul & Joe endurvakti kúrekatískuna á sýningu sinni fyrir vor og sumar 2010 en þar mátti sjá kúrekahatta, kúrekastígvél, rómantískar skyrtur, hálsbindi og síð pils. Stórskemmtilegt og svalt lúkk til að leika sér með. - amb



**SÆTT** Bleikur og stelpulegur sumarkjóll við kúrekastígvél.



**SÍTT** Flott sítt pils og skyrta í stíl.



**RÚSKINN** Fallegir aukahlutir í mexíkóskum stíl.



**SEXÝ** Rautt korselett, hnésítt pils og kringlótt sólgleraugu.

BÓK & SÝNING

ÓÐUR TIL SÖGUNNAR OG ÍSLANDS




EINAR FALUR INGÓLFSSON
SÖGUSTAÐIR
Í FÓTSPOR W.G. COLLINGWOODS









SÖGUSTAÐIR er tilgerðarlaus og undurfalleg lýsing á Íslandi eins og það lítur út á 21. öld borið saman við Ísland 19. aldar.
Í þrjú sumur ferðaðist ljósmyndarinn Einar Falur Ingólfsson um landið í fótspor enska fagurfræðingsins W.G. Collingwoods sem sumarið 1897 málaði 300 vatnslitamyndir af sögustöðum Íslendingasagna.
Útkoman er óður til sögunnar og Íslands dagsins í dag.

150 ljósmyndir, vatnslitamyndir og teikningar

CRYMOGEA
– fegurðin býr í bókum

Listahátíð í Reykjavík 2010 12. MAÍ – 5. JÚNÍ
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

Þeir sem kaupa bókina í verslunum Eymundsson fá frítt á sýninguna Sögustaðir í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands. Sýningin er hluti af Listahátíð 2010.

Gildir sem aðgöngumiði fyrir einn á sýninguna SÖGUSTAÐIR í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands. 13. maí til 31. desember 2010
AÐGÖNGUMIÐI



EINAR FALUR INGÓLFSSON
SÖGUSTAÐIR
Í FÓTSPOR W.G. COLLINGWOODS

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS National Museum of Iceland
CRYMOGEA
Listahátíð í Reykjavík 2010

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

> GAGA BRJÁLAÐIST

Söngkonan Lady Gaga hefur rekið öryggisverði sína eftir að aðdáandi komst óáreittur upp á svið á tónleikum hennar í Japan. Gaga var ekki hætt því hún rak einnig aðstoðarmann sinn í búningamálum fyrir að gleyma að læsa búningsherberginu hennar.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Lokaþáttur Lost annað kvöld

Tvöfaldur, tveggja tíma langur lokaþáttur af Lost verður sýndur í Bandaríkjunum annað kvöld. Þá fá spenntir sjónvarpsáhorfendur loksins úr því skorið hvernig ævintýrið á eyjunni dularfullu endar.

Bretar sjá þáttinn á mánudaginn, á sama tíma og vesturstrandarbúar Bandaríkjanna. Þátturinn verður einnig sýndur á sama tíma á Ítalíu, Spáni, Portúgal, Ísrael, Tyrklandi og Kanada. Hér heima verður lokaþátturinn tvöfaldi sýndur 30. ágúst í Sjónvarpinu, enda hóf þessi sjötta sería göngu sína hérlendis þremur mánuðum síðar en í Bandaríkjunum. Íslenskir Lost-aðdáendur verða því að bíða enn um sinn eftir endalokunum.

Alls hefur 121 Lost-þáttur verið sýndur í Bandaríkjunum og víðar síðan hann hóf göngu sína 2005. Þátturinn fjallar um hóp fólks sem kemst lífs af úr flugslysi eftir að hafa brotlent á eyðieyju. Margir undarlegir atburðir gerast í framhaldi af því.

Þegar Lost var hvað vinsælast horfðu yfir tuttugu milljónir manna á þáttinn í Bandaríkjunum í viku hverri. Sú tala hefur lækkað í tólf milljónir eftir því sem þáttaröðin hefur dregist á langinn. Handritshöfundarnir Damon Lindelof og Charlton Cuse tilkynntu fyrir þremur árum að Lost myndi ljúka göngu sinni í ár og þannig höfðu þeir fastmótaðan tímaramma til að svara eins mörgum spurningum og mögulegt er.



**LOST** Tvöfaldur lokaþáttur af Lost verður sýndur í Bandaríkjunum á sunnudagskvöld.






**KOMINN Á MARKAÐINN** Tiger Woods sást leika golf með ljóshærða konu sér við hlið. Þótti mönnum hún líkjast Elinu nokkuð í útliti.

# Kominn á veiðar

**Golfkylfingurinn Tiger Woods er að sögn vefsíðunnar RadarOnline kominn aftur á markaðinn. Hann sást nýverið í fylgd með ókunnugri, ljóshærðri konu.**

Tiger Woods og eiginkona hans, hin sænska Elin Nordegren, hafa ákveðið að skilja að skiptum eftir að upp komst um fjöldamargar hjákonur kylfingsins. Tímarit fluttu fyrst fréttir af framhjáhaldi Woods í nóvember síðastliðinn en hjónin hafa búið hvort í sínu húsinu upp frá því og býr Nordegren í leiguhúsnæði skammt frá fyrrverandi heimili þeirra hjóna.

Nýverið sást til Woods þar sem hann spígsporaði um golfvöll í grennd við heimili sitt í félagsskap ungrar, ljóshærðar konu. „Tiger var að leika golf á vellinum við heimili sitt. Með honum var mjög falleg, ljóshærð kona og svipaði henni mjög til Elínar í útliti. Hún sat í golfbílnum á meðan hann tók nokkrar holur en þau virtust skemmta sér mjög vel saman," sagði sjónarvottur. „Þau sátu og spjölluðu lengi saman og virtust njóta félagsskapar hvort annars. Af þessu að dæma virðist hann ekki vera hamingjusamlega giftur Elinu lengur, það er fyrir víst," sagði sjónvarvotturinn.

Vefsíðan RadarOnline greindi einnig frá því að Woods sækti skemmtistaði í auknum mæli og hefur nokkrum sinnum sést til hans á öldurhúsum í Orlando. „Hann er sérstaklega hrifinn af stað sem heitir Embers. Svo virðist sem hann hafi óbeit á því að vera einn heima hjá sér," hafði tímaritið eftir einum kráareiganda.



**ELIN NORDEGREN** Hún hefur ákveðið að slíta samvistum við Tiger Woods. Tiger á að vera kominn á kvennafar á ný samkvæmt bandarísku pressunni.





NICOLAS CAGE Borðar ekki dýr sem stunda subbulegt kynlíf.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Madonna skammar Malaví

Söngkonan Madonna hefur gagnrýnt stjórnvöld í Malaví fyrir að dæma samkynhneigt par í fjórtán ára fangelsi. „Ég er í miklu uppnámi og mjög sorgmædd yfir þessari ákvörðun dómstólsins í Malaví,“ sagði Madonna.

Tveir menn fengu þennan þunga dóm vegna kynhneigðar sinnar og þurfa þeir einnig að inna af hendi erfiðisvinnu meðan á afplánuninni stendur. Þeir voru handteknir eftir trúlofunarveislu sem þeir héldu. Alþjóðleg mannréttindasamtök hafa fordæmt þennan dóm og Madonna lætur ekki sitt eftir liggja, enda hefur hún ættleitt tvö börn frá Malaví, þá David Banda og Chifundo „Mercy“ James. „Ég trúi á jöfn mannréttindi fyrir alla og skiptir þá engu máli um kyn þeirra, kynþátt, lit, trú eða kynhneigð,“ sagði hún „Malaví hefur tekið stórt skref aftur á bak. Heimurinn er uppfullur af harmi og sársauka. Þess vegna verðum við að vernda grundvallarmannréttindi okkar sem snúast um að fá að elska og vera elskuð.“

Tvö ár eru liðin síðan Madonna sýndi heimildarmynd á Cannes-hátíðinni í Frakklandi sem fjallaði um alnæmisveiruna í Malaví. „Ég fór til Malaví í von um að bjarga lífi barna,“ sagði söngkonan við það tækifæri. „Mér til mikillar undrunar breyttu þau mér og ég þroskaðist mikið í þessari heimsókn.“



MADONNA Madonna hefur gagnrýnt stjórnvöld í Malaví fyrir að dæma samkynhneigt par í fjórtán ára fangelsi.

## Matur og munúð dýra

**Hinn ástsæli leikari Nicolas Cage segist ekki neyta svína- eða nautakjöts en ástæða þess þykir mörgum heldur undarleg. Cage segist ekki borða svína- og nautakjöt því honum þyki þessi dýr stunda subbulegt kynlíf. „Ég er heillaður af hvers kyns fiskum, fuglum, hvölum og skriðdýrum,“ sagði Cage. „Ég vel hvaða mat ég borða eftir því hvernig kynlíf dýrin stunda. Mér finnst fiskar gera það mjög tignarlega, einnig fuglar. En ekki svín og þess vegna borða ég ekki svínakjöt,“ sagði leikarinn sem sló rækilega í gegn í kvikmyndinni Kick Ass.**

## Nýtt blað frá Hinu húsinu

**Hitt húsið hefur ráðist í útgáfu á nýju blaði fyrir ungt fólk. Blaðið ber nafnið Jafningjafræðslan og því verður dreift til 3.500 ungmenna á höfuðborgarsvæðinu á næstunni. Þá er einnig hægt að skoða blaðið á rafrænu formi inn á heimasíðu Jafningjafræðslunnar. Fyrsta tölublaðið er fullt af fróðleik þar sem handboltakappinn Björgvin Páll Gústavsson og söngkonan Jóhanna Guðrún Jónsdóttir eru á meðal viðmælenda. Í blaðinu eru einnig tekin fyrir alvarlegri málefni líkt og lögleiðing kannabis, lækkun áfengisaldurs, vímuefnanotkun, kynlíf og sjálfsmynd.**




JAFNINGJAFRÆÐSLAN Nýja blaðið frá Hinu húsinu nefnist Jafningjafræðslan.


SANYL
ÞAKRENNUR



• RYÐGA EKKI
• PASSA Í GÖMLU RENNUJÁRNIN
• STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
• AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
• ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

Örugg borg byggir á vinnu og velferð

VERJUM SKÓLASTARFIÐ OG TRYGGJUM ÖLLUM BÖRNUM ÓDÝRAR FRÍSTUNDIR

Biðraðirnar eftir matargjöfum hjá hjálparstofnunum eru merki um doðann í Ráðhúsinu. Atvinnuleysið eykst og hættan á stéttaskiptingu sömuleiðis. Við verðum að vekja þá krafta sem búa í borginni og takast á við verkefnin. Þess vegna skiptir þitt atkvæði miklu máli!

Samfylkingin heitir því að

• Verja metnaðarfullt skólastarf fyrir niðurskurði
• Tryggja jöfn tækifæri allra barna til frístundastarfs
• Beita öllum tiltækum ráðum til að skapa fleiri störf

Markmiðið er að auka öryggi á öllum sviðum borgarlífsins og koma í veg fyrir að grípa þurfi til gjaldskrár- eða skattahækkana. Við treystum á þitt atkvæði í þessari mikilvægu baráttu.

Vekjum Reykjavík!



Sú stefna að leik- og grunnskólar rækti styrkleika hvers barns hittir beint í mark. Börnin eru mikilvægust og það er sjálfsagður réttur að hvert þeirra fái að njóta sín til fulls.
Lára Björg Björnsdóttir, sagnfræðingur og pistlahöfundur




KOMUM VINNUFÚSUM HÖNDUM TIL VERKA!
Kynntu þér aðgerðaáætlunina okkar á xsreykjavik.is

xS
Vekjum Reykjavík!

FÓSTUREYÐING:
konur eiga betra skilið en þetta!
www.lifsvernd.com

# Tónleikar með Metallica og Slayer í bíó í sumar

**Hljómsveitirnar Metallica, Megadeth, Slayer og Anthrax koma fram á tónleikum í Búlgaríu í sumar. Tónleikarnir verða sýndir í beinni útsendingu víða um heim – meðal annars á Íslandi. Hljómar ótrúlega vel, segir þungarokksspekingurinn Haukur Viðar.**



**METALLICA AFTUR Á ÍSLANDI** Samt ekki alveg. Hljómsveitin kom fram í Egilshöll árið 2004. Yfir 18.000 mættu á tónleika sem eru þeir stærstu í Íslandssögunni. Aðdáendur geta séð hljómsveitina í bíó í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Þetta hljómar kjánalega til að byrja með, en er það ekki vegna þess að þetta er óvenjulegt?" segir Haukur Viðar Alfreðsson, þungarokkssérfræðingur Fréttablaðsins.

Tónleikar hljómsveitanna Metallica, Megadeth, Slayer og Anthrax verða í beinni útsendingu í Sambíóunum 22. júní í sumar. Tónleikarnir fara fram í Sofiu, höfuðborg Búlgaríu og ferðast um gervihnött í bíóhús um allan heim. Haukur Viðar þekkir til hljómsveitanna betur en margir og ætlar ekki að láta sig vanta í sumar.

„Það er engin spurning. Svo þegar maður er orðinn gamall fara minningarnar að blekkja mann og maður heldur að maður hafi séð fullt af böndum á tónleikum," segir Haukur léttur í lundu. Hann efast þó um að þetta verði sama upplifun og að vera á staðnum, enda á tæknin eftir að slípa þungarokkið til. „Nú eru komnar digital-sýningar og svona þannig að hljómurinn verður fyrsta flokks. Þetta er örugglega eins að horfa á DVD í ógeðslega góðu heimabíói," segir Haukur. „En þetta hljómar ótrúlega vel. Spurning hvort þetta gæti verið eitthvað fyrir bönd sem finnst ógeðslega leiðinlegt að túra. Að halda bara eina tónleika í heimaborg sinni og þá klára þeir heimstúrinn á einu kvöldi. Þetta er mjög þægilegt fyrir lata tónlistarmenn."

Hljómsveitirnar eru allar komnar til ára sinna, en samanlagður starfsaldur þeirra spannar yfir 110 ár. En í hvernig formi eru hljómsveitirnar þessa dagana?

„Ég er búinn að fylgjast með Metallica á túrnum," segir Haukur. „Þeir virðast vera í ágætisformi. Ég er ánægður með lögin sem þeir taka. Þeir eru duglegir við að taka alls konar lög og binda sig ekki við einhverja ímyndaða „greatest hits-plötu"." Haukur segir erfitt að festa fingur á form Megadeth, enda skiptir forsprakkinn Dave Mustaine reglulega um hljóðfæraleikara. Þá segir hann Slayer heimsþekkta fyrir að vera pottþétt, en Anthrax þykir honum ekki hafa elst eins vel og hinar hljómsveitirnar þrjár og sparar ekki stóru orðin: „Mér finnst Anthrax ógeðslega hallærislegt band." atlifannar@frettabladid.is



**POTTÞÉTTIR** Kallarnir í Slayer eru þekktir fyrir að vera enn þá gríðarlega þéttir á sviði þrátt fyrir háan aldur.



**ÖR SKIPTI** Megadeth það má gera ráð fyrir að þetta sé ekki sú Megadeth sem við sjáum í bíó í sumar.


# Til Sölu

**Eftirtaldar bifreiðar, vélar og búnaður eru til sölu:**

- Nauson/Kramer 480 hjólaskófla árgerð 2007
- Vörubifreið, Volvo F12, árgerð 1988
- Fiat-Hitachi grafa árg. 1992
- Vörubifreið, Volvo FM 12 árgerð 1998 með Hiab 220 og fjarstýringu.
- JCB beltagrafa árgerð 2006
- Fleigur á 30 tonna beltavél
- Snjóskófla á traktorsgröfu
- Laser og móttakari á beltavél
- Laser
- Rafstöð dísel
- 40 feta gámur
- Jarðvegsþjappa dísel
- Tvær jarðvegsþjöppur bensín
- Valtari Ramax
- Valtari Amar Yanmar
- Mannkarfa nýlega á krana
- Krabbi á krana

**Tækin eru til sölu og sýnis hjá Áhaldaleigu Austurlands Nesbraut 2, Reyðarfirði og verða seld gegn staðgreiðslu.**

**Allar upplýsingar um tækin veitir Guðmundur Friðrik Pálsson í síma 894-7081, á milli kl. 1600-2000 virka daga.**





## Handverksfólk athugið!

Ákveðið hefur verið að halda handverkssýninguna "Arctic Arts & Crafts 2010" í Laugardalshöll dagana 28. október til 3. nóvember n.k. Sýningin er jafnframt sölusýning.

Sýningin er fyrirhuguð sem gæða handverkssýning þar sem vestnorrænu þjóðirnar eru aðalsýnendur en auk þess að kynna handverk norðurslóða.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í sýningunni þurfa að fylla út umsóknareyðublað á vefsíðunni www.vestnordencrafts.com og þurfa að fylgja minnst þrjár ljósmyndir af þeim hlutum sem fyrirhugað er að sýna.

Umsóknarfrestir eru til 25.júní 2010.

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Reyni Adólfssyni með tölvupósti reynir@vestnordencrafts.com eða í síma 896 9400.

*Undirbúningsnefnd*





ILVA
einfaldlega betri kostur

Súpa dagsins
kr. 690,-

© ILVA Ísland 2010

lau. 10-18 sun. 12-18 mán. - fös. 11-18:30
ILVA kaffi: lau. 10-17 sun. 12-17 mán.-fös. 11-18
s: 522 4500 www.ILVA.is



Iðnskólinn er ókei
innritun stendur yfir
Vorsýning Iðnskólans í Hafnarfirði
22. maí til 30. maí
opið 13.00 - 17.00 daglega
lokað um Hvítasunnuna
Flatahraun 12 - 220 Hafnarfjörður - s. 585 3600 - www.idnskolinn.is


GLUGGAHREINSISETT
30%
Tilboð 2.448 kr.
Þú sparar 1.049 kr.
SKAFA / SAXARI STÁL
Nýjasta nýtt í eldhúsinu á hálfvirði.
50%
Tilboð 1.000 kr.
TÖNG/KLÍPA 83CM
Sniðug nýjung, léttir þér lífið.
Handleggjaframlenging.
50%
Tilboð 500 kr.
Öll línan á 20% afslætti
LOOK COOKWARE EST 1949
50%
á völdum vörum
GASGRILL CAMPINGAZ RBS GRAND
Frí heimkeyrsla og samsetning.
Yfirbreiðsla, grillhandskar og grillsett að verðmæti 6.732 fylgir frítt með.
20%
Verð áður 87.900
Tilboð 69.900 kr.
Þú sparar 18.000 kr.
KLÓSETTSETU LÍMMIÐAR
30%
Tilboð 350 kr.
EXQUISIT KÆLI- OG FRYSTISKÁPUR
24%
Tilboð 64.900 kr.
Þú sparar 20.000 kr.
VASALJÓS ÁL
Skemmtilegt í ferðalagið á hálfvirði
50%
Tilboð 750 kr.
TRISTAR HITABLÁSARI 2000W
Fyrir fólk á ferðinni, seldist upp síðasta sumar.
40%
Tilboð 2.990 kr.
Þú sparar 2.000 kr.
HITABRÚSI 0,5L BULLIT
Heldur vel heitu.
40%
Tilboð 1.490 kr.
SENSEO BOLLI
33%
Tilboð 300 kr.
TRISTAR RAKATÆKI ULTRASONIC
Eyðir svifryksmengun innandyra.
31%
Tilboð 8.990 kr.
Þú sparar 4.000 kr.
Kringlu - KAST
Síðustu forvöð!
IROBOT RYKSUGUVÉLMENNI
iRobot Roomba
Verð fyrir | Verð eftir | Sparnaður
ROOMBA 520 73.900 66.510 7.390
ROOMBA 555 85.900 77.310 8.590
ROOMBA 563* 93.900 84.510 9.390
ROOMBA 581** 99.900 89.910 9.990
SCOOBA 385 86.800 78.120 8.680
TRISTAR PÖNNUKÖKU-PANNA
Fyrir allar hellur, líka span.
40%
Tilboð 2.990 kr.
Þú sparar 2.000 kr.
SEVERIN POPPKORNSVÉL
Loftvél, engin olía.
33%
Tilboð 3.990 kr.
Þú sparar 2.000 kr.
TRISTAR BAÐVOG SONJA
Örþunn, 100gr nákvæmni.
50%
Tilboð 3.990 kr.
Þú sparar 4.000 kr.
PLASTOSTASKERI
50%
Tilboð 499 kr.
DORO ADAPTO ÞRÁÐLAUS
20%
Tilboð 4.792 kr.
Þú sparar 1.198 kr.
FERÐATÆKI ÚTVARP/CD/MP3 TENGI
20%
Tilboð 11.196 kr.
Þú sparar 2.799 kr.
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggt.og.buid

# Lindsay Lohan djammar í leyfisleysi í Cannes

**Djamm í Cannes, handtökuskipun og nýr elskhugi. Nei, við erum ekki að skrifa um brjálaða viku bankamannsins Sigurðar Einarssonar heldur leikkonunnar Lindsay Lohan. Lindsay átti að mæta fyrir dómara í byrjun vikunnar, en er enn þá stödd í Frakklandi. Af hverju? Lestu áfram.**

## ÞRIÐJUDAGUR 18. MAÍ

**Askan stoppar Lindsay – eða hvað?**

Lindsay Lohan var stödd á kvikmyndahátíðinni í Cannes þegar fréttir bárust af því að hún hefði tvo daga til að koma sér heim til Bandaríkjanna. Hún þurfti nefnilega að ljúka einhvers konar áfengisbindindisnámskeiði ella yrði hún send í steininn. Lohan sagðist ekki komast heim og kenndi eldgosinu í Eyjafjallajökli um, þrátt fyrir að stöðugar flugferðir hafi verið á milli Parísar og New York. Hún hefði aðeins þurft að taka lest frá Cannes til Parísar sem tekur um tvo og hálfan tíma.

**Lesbísk ástmær**



Seinna sama dag bárust fréttir af ástarsambandi Lindsay Lohan og ljósmyndara sem kallar sig Indrani, en það er nafn á stellingu í kama sutra-kynlífi – ótrúlegt en satt. Lindsay var í Cannes og gat hvorki játað né neita. Indrani sagði sjálf frá sambandinu í dagblaðinu New York Post.

## MIÐVIKUDAGUR 19. MAÍ

**Partí í Cannes**

Einn dagur til stefnu og saksóknari virðist staðráðinn í að senda Lohan í fangelsi. Hún var hins vegar enn þá í Cannes og slúðurmiðlar voru duglegir við að birta myndir af henni í ýmsum partíum á hátíðinni. Henni virtist sem sagt standa á sama um lög og reglur í heimalandi sínu.

**Vegabréfinu stolið! (?)**
Lögfræðingur Lohan segir í samtali við bandaríska fjölmiðla að vegabréfi hennar hafi verið stolið. Þá segir hann að hún sé að gera allt sem í hennar valdi stendur til að fá nýtt og koma sér aftur heim. Ákæruvaldið beið í Bandaríkjunum.

## FIMMTUDAGUR 20. MAÍ

**Lohan sökuð um lygar**



Lohan hefur ekki sótt um nýtt vegabréf samkvæmt upplýsingum frá sendiráði Bandaríkjanna í Frakklandi. Fréttamiðlar vestanhafs saka hana um að ljúga til að geta verið áfram í Frakklandi, enda birtast sífellt nýjar partímyndir af henni. Dina Lohan, móðir Lindsay, segir ekkert misjafnt vera í gangi – vegabréfið sé einfaldlega týnt og Lindsay föst í Frakklandi.

**Harður saksóknari**
Saksóknarinn í máli Lohan segir í viðtali við vefinn Radar Online að krafist verði þess að hún verði handtekin við komuna til landsins. Þá verður hún beðin um að sýna flugmiða sem sannar að hún hafi ætla að koma til landsins á mánudag, áður en vegabréfi hennar var stolið.

**Harður dómari**
Lögfræðingur Lohan nær ekki að sanna með fullnægjandi hætti að hún hafi ætlað að fara heim í byrjun vikunnar. Handtökuskipun er gefin út, Lohan er bannað að drekka áfengi og neyðist til að vera með armband sem mælir áfengismagn. Þá þarf hún að gangast undir lyfjapróf vikulega. Hún getur sloppið við gæsluvarðhald gegn 100.000 dollara tryggingu.

**„Nýtt“ vegabréf**



Móðir Lohan segir dóttur sína komna með nýtt vegabréf. Sem er furðulegt þar sem enginn getur staðfest að hún hafi sótt um nýtt.

## FÖSTUDAGUR 21. MAÍ

**Ekki svo harður dómari**



Lohan sleppur með að borga 10.000 dollara tryggingu – aðeins 10 prósent af upprunalegri upphæð. Handtökuskipun er felld niður.

**Enn þá full í Cannes**
Fréttir berast af Lohan á djamminu í Cannes. Djamm er snilld. Hún er enn þá í Frakklandi og enginn veit hvenær hún kemur aftur.



**SLÆM STELPA** Lindsay Lohan er stödd í Cannes en á að vera búin að mæta fyrir dómara í Los Angeles fyrir löngu.

atlifannar@frettabladid.is

# Vill halda sér í sviðsljósinu

**Gamanleikarinn Jamie Kennedy hætti með kærustu sinni, leikkonunni Jennifer Love Hewitt, í mars eftir árs samband. Kennedy virðist þó sakna sviðsljóssins sem hann naut á meðan á sambandi hans og Love Hewitt stóð því hann á að hafa hringt sjálfur í ljósmyndara þegar hann fór á stefnumót fyrir stuttu. „Hann vildi gera Jennifer öfundsjúka. Hann hringdi sjálfur í ljósmyndara og sýndi þeim meira að segja mynd af stúlkunni svo þeir gætu borið kennsl á hana, en enginn virtist hafa áhuga,“ var haft eftir heimildarmanni. Talsmaður Kennedy segir ekkert hæft í fréttinni.**



**SAKNAR SVIÐSLJÓSSINS** Jamie Kennedy hringdi sjálfur í ljósmyndara fyrir stefnumót.


StorirStrakar.is
Viðarrima 25 · 112 Reykjavík
Sigríður Marteinsdóttir
sigga@storirstrakar.is
Sími 699 7885





Kringlukaststilboð á Ecco skóm

**Vloud**
Black Lexi
1746300101
Stærðir: 36 - 42
Áður: 13.995
Verð nú: 9.776



**Urban**
Light Black Mask
4271401001
Stærðir: 41 - 47
Áður: 16.995
Verð nú: 11.896



**Life**
White/Light Silver
4486354869
Stærðir: 36 - 41
Áður: 16.995
Verð nú: 11.896



**Victoria**
Black Goat Leather
7649100101
Stærðir: 22 - 32
Áður: 10.995
Verð nú: 7.696



SÍMI: 553 8050 the most comfortable place on earth ecco



HVÍTASUNNA
OPIÐ
Í dag og mánudag kl. 11-17
KOLAPORTIÐ

## 20 DAGAR Í HM

**Frakkinn Just Fontaine** á enn markametið í einni heimsmeistarakeppni en hann skoraði 13 mörk í 6 leikjum á HM í Svíþjóð 1958. Bara heimsmeistarar Brasilíumanna skoruðu fleiri mörk en Fontaine í keppninni og aðeins tveir aðrir hafa náð því að skora yfir tíu mörk í einni HM. Ungverjinn Sandor Kocsis skoraði 11 mörk á HM 1954 og Gerd Muller skoraði 10 mörk á HM 1970.



**sport**

sport@frettab

**GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON:** VERÐUR LÍKLEGA FRÁ NÆSTA HÁLFA ÁRIÐ EFTIR AÐRA AÐGERÐ Í GÆR

# Lífið býður sem betur fer upp á meira en handbolta

Hornamaðurinn frábæri, Guðjón Valur Sigurðsson, spilar væntanlega ekki handbolta aftur fyrr en undir lok ársins en hann þurfti að fara í aðra aðgerð á hné í gær. Sama hnéð var skorið upp í febrúar síðastliðnum. Sú aðgerð skilaði ekki tilætluðum árangri og því þurfti Guðjón að leggjast aftur undir hnífinn.

„Fyrri aðgerðin var ekki eins stór en sú aðgerð virkaði bara því miður ekki. Aðgerðin núna var því talsvert stærri en það þurfti að setja tvær skrúfur í hnéð meðal annars og svo þurfti einnig að færa hnéskelina aðeins til," segir Guðjón Valur en hann verður á sjúkrahúsinu fram á sunnudag.

„Ég vildi ekki pína mig í gegnum enn eitt tímabilið með mikla hnéverki. Ég var líka orðinn mjög slæmur og líkaminn sagði bara ekki meir karlinn minn. Ég fékk nóg af verkjum eftir EM og það varð bara að gera þessa aðgerð," segir Guðjón og viðurkennir að vissulega sé þetta talsvert áfall fyrir sig að vera svona lengi frá.



„Þetta er ekkert auðvelt. Það var ekkert auðvelt að fylgjast með af hliðarlínunni þegar liðið var að spila stóra leiki í vetur. Ég verð samt að vera heiðarlegur gagnvart sjálfum mér og spyrja hversu mikil hjálp hefði verið í mér í þessu ástandi," segir Guðjón sem er ávallt jákvæður þrátt fyrir áföll.

„Ég get sett mér önnur markmið og lífið býður sem betur fer upp á meira en handbolta. Ég á tvö börn sem minna mig reglulega á það," segir Guðjón sem vonast til þess að mæta afar sterkur til leiks eftir fimm til sex mánuði.

„Læknirinn minn er algjör snillingur. Hann segir að þetta sé það sem hnéð vildi og hafi beðið um. Hann er viss um að ég geti spilað aftur og það verkjalaus. Það væri frábært."



**MAROUANE CHAMAKH** Samdi við Arsenal í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Arsenal fær framherja:

## Draumur að rætast hjá mér

**FÓTBOLTI** Arsenal tilkynnti seinni partinn í dag að félagið væri búið að gera langan samning við franska framherjann Marouane Chamakh. Leikmaðurinn kemur frá Bordeaux.

Þessi félagaskipti hafa verið lengi í pípunum og eru nú loksins gengin í gegn.

Chamakh, sem er 26 ára gamall, hefur skorað grimmt fyrir Bordeaux í franska boltanum og mun heldur betur styrkja framlínu Arsenal.

„Við erum í skýjunum með það að hafa fengið Chamakh. Við höfum dáðst að þessum leikmanni í talsverðan tíma og ég veit að hann mun bæta miklum gæðum við okkar leikmannahóp," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, á heimasíðu félagsins.

Chamakh var eftirsóttur af mörgum félögum en vildi alltaf koma til Arsenal.

„Það er draumur að rætast hjá mér og ég gæti ekki verið ánægðari með að vera kominn til Arsenal. Ég vildi alltaf spila í ensku úrvalsdeildinni og þar var Arsenal minn fyrsti kostur því ég hef stutt félagið frá unga aldri," sagði Chamakh. - hbg

# Hvor verður meistarinn í kvöld?

**Gerir José Mourinho Internazionale að Evrópumeisturum í fyrsta sinn í 45 ár eða þarf hann að sætta sig við tap fyrir gamla meistara sínum, Louis van Gaal? Inter og Bayern mætast á Santiago Bernabeu í kvöld.**

**FÓTBOLTI** Internazionale og Bayern München geta bæði tryggt sér þrennuna og fullkomið tímabil þegar þau mætast í kvöld í úrslitaleik Meistaradeildarinnar sem fer nú í fyrsta sinn fram á laugardegi.

Internazionale bætti ítalska meistaratitlinum við ítalska bikarinn um síðustu helgi og um sömu helgi burstaði Bayern lið Werder Bremen í þýska bikarúrslitaleiknum. Helgina áður hafði Bayern unnið þýsku deildina sem þýðir að liðið getur unnið titil þriðju helgina í röð vinni liðið Internazionale í kvöld. Leikurinn er í beinni á Stöð 2 Sport og hefst klukkan 18.45.

Liðin mætast á Santiago Bernabeu, heimavelli Real Madrid. Í báðum liðum eru leikmenn sem var fórnað hjá Real Madrid síðasta sumar, þegar liðið keypti hverja risastjörnuna á fætur annarri, til þess að tryggja að Real Madrid gæti unnið Meistaradeildina á heimavelli. Real Madrid datt hins vegar út í 16 liða úrslitum en þeir Arjen Robben hjá Bayern og Wesley Sneijder hjá Inter geta báðir stungið upp í sína gömlu vinnuveitendur og krónað frábær tímabil sín með sigri í Meistaradeildinni á þeirra gamla heimavelli í Madríd.

Inter vann titilinn 1964 og 1965 undir stjórn Helenio Herrera en hefur ekki komist í úrslit síðan liðið tapaði fyrir Ajax í úrslitaleiknum 1972. Mourinho hefur verið líkt við Herrera í ítölskum fjölmiðlum sem er mikill heiður á Ítalíu en þeir eru báðir útlendingar sem hafa komið með öfluga taktík inn í ítalska boltann.

„Það er allt öðruvísi fyrir Inter að vinna Meistaradeildina en það er fyrir lið eins og Bayern, Barcelona, Manchester United eða Real Madrid. Það væri sérstakt að gera Inter að Evrópumeisturum í nútímafótbolta," sagði José Mourinho, þjálfari Internazionale, en hann vann Meistaradeildina með Porto fyrir sex árum. Mourinho hefur í sínu liði Samuel Eto'o sem hefur unnið Meistaradeildina tvisvar á undanförnum fjórum árum og skoraði í báðum úrslitaleikjunum.

„Ég veit að það eru þúsundir stuðningsmanna Inter sem dreyma um þessa stund. Þetta verður áfram að vera draumur því um leið og þetta verður þráhyggja þá munum við missa af þessu," sagði Samuel Eto'o.

Stakkaskipti Bayern München undir stjórn Hollendingsins Louis van Gaal hafa verið mögnuð og liðið spilar betur og betur með hverri vikunni. Van Gaal var nærri því rekinn fyrir áramót en nú getur hann unnið fyrstu þrennu félagsins frá upphafi. Bayern vann Meistaradeildina síðast fyrir níu árum. José Mourinho var lærlingur Louis van Gaal hjá Barcelona fyrir meira en áratug.

„Við vorum saman í þrjú ár. Hann var frábær þjálfari og stóð sig frábærlega við að leikgreina mótherjana. Ég bjóst þó ekki við að hann yrði svona góður knattspyrnustjóri en hann er einn af þeim bestu í heimi í dag," sagði Louis van Gaal sem hefur unnið fimmtán stóra titla á móti þrettán titlum hjá Mourinho.

Mourinho hefur gagnrýndur fyrir að spila varnarsinnaðan bolta en Louis van Gaal vill hins vegar vinna með því að spila flottan fótbolta. „Mín heimspeki hefur alltaf verið sú að sækja á andstæðinginn á fótboltavellinum. Mourinho er meiri varnarþjálfari sem er hans taktík en hann hefur engu síður fullt af góðum leikmönnum sem geta gert út um leikinn," segir Van Gaal.

Van Gaal vann Meistaradeildina með Ajax árið 1995. „Chelsea, Manchester United og Barcelona eru bestu liðin í Evrópu en samt sem áður getum við unnið titilinn. Við höfum haft heppnina aðeins með okkur en við eigum þetta samt skilið," sagði Van Gaal.

ooj@frettabladid.is



**LÆRLINGURINN OG MEISTARINN** Jose Mourinho var aðstoðarmaður Louis van Gaal hjá Barcelona fyrir meira en áratug. MYNDIR/AP

Hamburg tekur á móti Kiel í svo gott sem hreinum úrslitaleik í þýsku úrvalsdeildinni í handknattleik:

# Dauðadómur yfir mörgum ef Hamborg tapar

**HANDBOLTI** Það er allt undir í Color Line-höllinni í Hamborg í dag þegar heimamenn taka á móti núverandi Þýskalandsmeisturum Kiel í leik sem mun líklega skera úr um það hvort liðið verður Þýskalandsmeistari í ár.

Þarna mætast tvö bestu lið Þýskalands og þar af leiðandi tvö af bestu liðum heims. Aðeins einu stigi munar á liðunum fyrir leikinn, Hamburg í vil.

„Það er ekkert óvenjumikið stress hjá mér. Bara svona eins og venjulega. Þetta leggst ágætlega í mig. Okkur vantar reyndar Kim Andersson og Momir Ilic. Svo er Filip Jicha tæpur en hann spilar. Aðrir eru klárir í slaginn," segir Alfreð Gíslason, þjálfari Kiel, við Fréttablaðið en með liði Kiel spilar einnig landsliðsmaðurinn Aron Pálmarsson.

„Aron spilar í þessum leik. Hann er kannski ekki í standi til þess að spila heilan leik en hann mun líklega taka korter og korter."

Alfreð segir að það sé talsvert meiri pressa á liði Hamburg en Kiel í dag enda hefur Hamburg eytt miklum fjárhæðum á síðustu árum í þeirri von að velta Kiel af stalli í þýsku Bundesligunni. „Þeir verða að vinna leikinn enda eytt ótrúlegum fjármunum. Það er allt undir hjá þeim en að sjálfsögðu leggjum við líka mikla áherslu á að vinna leikinn. Það er dauðadómur yfir mörgum ef Hamburg tapar leiknum. Maðurinn sem stendur á bak við liðið hefur eytt 20 milljónum evra á síðustu 5 árum í liðið. Allur árangurinn er svo undir í einum leik þannig að pressan er mikil," segir Alfreð og bætir við.

„Ef þeir vinna ekki núna, hvenær ætlar þeir þá að vinna? Þeir héldu öllu sínu liði fyrir tímabilið og bættu við sig. Á sama tíma höfum við stokkað upp hjá okkur og verið með marga menn meidda í allan vetur. Frá því í fyrra vantar mig Karabatic, Lövgren og Kavticnik," segir Alfreð sem er ánægður með veturinn enda hefur hans lið lent í miklum hremmingum.



**ÍBYGGINN** Alfreð Gíslason er hér á hliðarlínunni með Kiel. Hann verður í beinni á Stöð 2 Sport í dag í stórleik ársins í Þýskalandi. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

„Við misstum Narcisse lengi í meiðsli, Aron var meiddur, Andersson hefur verið lengi frá en liðið hefur samt staðið sig frábærlega. Ég er ánægður með tímabilið þrátt fyrir allt."

